# FRÉTTABLAÐIÐ

281. TÖLUBLAÐ 15. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 1. DESEMBER 2015




„Við vorum þarna á æfingu við að draga manneskju upp úr sjó,“ segir Tinna María Halldórsdóttir hjálparsveitarkona úr Hjálparsveit skáta í Kópavogi. Hjálparsveitarmenn þurfa að hafa handtökin á hreinu og því er nauðsynlegt að æfa sig við ýmis veðurskilyrði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Fréttablaðið í dag


**LÍFIÐ** Emmsjé Gauti og línudansarinn Ingunn Hlín Björgvinsdóttir leiða saman hesta sína í nýjasta myndbandi rapparans. 32-34.



**FRÉTTIR** Miklar vonir eru bundnar við loftslagsráðstefnuna í París. 12

**SPORT** Kobe Bryant ætlar að hætta í sumar eftir 20 ára feril í NBA-deildinni. 20

**MENNING** Nýtt verk eftir Daníel Bjarnason er stórfenglegt. 26

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • BÍLAR**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

# Boða fleiri lokanir á Hellisheiði

**Ný vegrið á milli akreina og breytingar á Suðurlandsvegi þýða að Vegagerðin lokar Hellisheiðinni oftar þegar veður er vont. Um er að ræða nýtt verklag. Vonir standa til að lokanir vari skemur með þessu lagi.**

**SAMGÖNGUR** Öryggisráðstafanir sem ráðist hefur verið í samhliða breytingum á þjóðveginum um Hellisheiði kalla á að veginum verði oftar lokað vegna snjóa, eða þegar verður mjög blint.

„Þetta er dálítil stefnubreyting að loka fremur oftar en sjaldnar og helst að vera á undan því að menn festi sig,“ segir G. Pétur Matthíasson, upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar. Hann áréttar að mikilvægasta aðferðin til að bæta umferðaröryggi sé alltaf að skilja að akstursstefnur, því að hættulegustu umferðarslysin verði þegar bílar lenda beint framan á hver öðrum.

Víravegrið hefur verið sett upp á Hellisheiði og víðar á Suðurlandsvegi til þess að skilja að akstursstefnur og auka öryggi, en auknu öryggi segir Pétur að fylgi líka kostnaður. Víravegriði fylgi samt minni snjósöfnun en annars konar vegriðum. En um leið sé þrengt að og dýrara verði að ryðja veginn. Þá minnkar rými ökumanna til að athafna sig og aka í kringum fasta bíla í vondum veðrum. Því er líklegra að einn bíll sem stoppar verði til þess að stöðva umferðina alveg.

„Það er verklag á hverri einustu heiði um hvernig standa skuli að lokunum og við erum í samvinnu við björgunarsveitirnar, sem manna þá lokunarpóstana, og greiðum fyrir það,“ segir G. Pétur. En þótt verklag sé til staðar þá sé það enn í þróun líka. Vegagerðin sé hins vegar mjög ánægð með viðbrögð fólks í könnunum hennar við lokunum, því fólk vilji fremur að vandræðum sé afstýrt með lokunum. „Og stefnan er einmitt að loka helst áður en veðrið kemur og bílar fara að festast.“ Með því verklagi sé líka auðveldara að opna fyrr, þegar ekki þarf að koma í burt bílum sem sitji fastir. Fólk megi hins vegar búast við því nú að veginum verði lokað oftar en áður. „Það er bara kostnaðurinn af því að bæta umferðaröryggið.“

Síðasti vetur segir G. Pétur að hafi verið óvenjulegur suðvestanlands vegna tíðra lokana út af veðri. Meira að segja hafi komið fyrir að loka hafi þurft Reykjanesbrautinni. Þarna spili saman veður, breytt verklag og breytt umferðarmenning. „Þá hefur líka áhrif fjölgun ferðamanna, þannig að við erum með fleiri óvana ökumenn á ferðinni, bæði innlenda og erlenda.“ Núna séu uppi aðrar aðstæður en fyrir 20 árum þó að þá hafi líka snjóað mikið.


olikr@frettabladid.is


## Akstur á Heiðinni

Á síðasta ári óku að jafnaði yfir sex þúsund bílar yfir Hellisheiði á degi hverjum, ríflega þrjú þúsund í hvora átt.

Fjöldi manns sækir vinnu annaðhvort á höfuðborgarsvæðið eða af því og austur fyrir fjall, fyrir utan aðra umferð.

Í nóvember í fyrra fór að jafnaði 5.561 bíll yfir Hellisheiðina á degi hverjum, en veður tók ekki að versna að ráði fyrr en í lok mánaðarins.

Meðaldagsumferð að vetri, frá desember og fram í mars, var í fyrra 4.650 bílar á dag, samkvæmt tölum Vegagerðarinnar.




## Veður




Gengur í austanhvassviðri eða -storm með snjókomu eða skafrenningi, fyrst suðvestanlands, en búist er við mikilli ofankomu og skafrenningi á höfuðborgarsvæðinu. Snýst í mun hægari suðvestanátt sunnan- og vestanlands og rofar til seinni partinn. Ekkert ferðaveður er því á morgun. SJÁ SÍÐU 24



**Ekki er von á góðu í dag.**
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Ekki viðrar til ferðalaga

**VEÐUR** Fárviðri mun ganga yfir sunnan og vestanvert landið og ná hámarki rétt eftir hádegi SV-lands með miklum vindi og áframhaldandi ofankomu. Veðrið mun leika höfuðborgarsvæðið grátt fram eftir degi og snjóa líklega fram undir kvöld.

Haraldur Eiríksson, veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands, segir lítið sem ekkert ferðaveður í kortunum í dag. „Það bætir í vind þegar líður á daginn með snjókomu. Einnig er mikið af lausum snjó sem mun fara af stað og spilla færð á tiltölulega skömmum tíma,“ segir Eiríkur. „Síðan mun veðrið ganga yfir landið en það verður að öllum líkindum verst á suðvestanverðu landinu.“

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur sent frá sér tilkynningu til að vara fólk við veðrinu á morgun og biðlar til einstaklinga á illa útbúnum bifreiðum til vetraraksturs að halda kyrru fyrir og bíða af sér storminn. „Skólar verða opnir í fyrramálið en hvert og eitt foreldri verður að meta hvort að börnin skuli fara í skóla eða hvort að þau skuli halda sig heimavið,“ segir í tilkynningu lögreglunnar.

Í kvöld mun svo draga mjög úr vindi og ofankomu sunnan og vestanlands, en hvessir norðan og austan til. Það eru því líkur til að lítið ferðaveður verði á landinu í dag.– **sa**

## Fimm klukkan fimm



**Aðeins fimm mættu í gær á boðuð mótmæli gegn aukinni vopnavæðingu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Tveir lögreglumenn stigu út úr lögreglustöðinni á Hverfisgötu og ræddu stuttlega við hópinn sem tók sér stöðu úti í kuldanum klukkan fimm síðdegis.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Ráðherra á selaveiðar

**DANMÖRK** Grípa þarf til aðgerða vegna stækkandi selastofns við strendur Danmerkur. Þetta segir umhverfisráðherra landsins, Eva Kjer Hansen. Í skýrslu Tækniháskólans í Danmörku segir að selir éti í miklum mæli fisk sem þegar er kominn í net sjómanna.

Það er mat danska umhverfisráðherrans að það sé einkum í Svíþjóð sem hægt sé að ráðast gegn vandanum þar sem það sé við suðvesturströnd Svíþjóðar sem selirnir fjölga sér. Mögulega þurfi að skjóta fleiri seli. **– ibs**





Enn snjallara heyrnartæki

Nýja Beltone **Legend** heyrnartækið tengist þráðlaust beint í **iPhone**, **iPad** og **iPod touch**. Pantaðu ókeypis heyrnarmælingu í síma **568 7777** og fáðu heyrnartæki lánað til reynslu.

heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN

Beltone Legend gengur með iPhone 6s og eldri gerðum, iPad Air, iPad (4. kynslóð), iPad mini með Retina, iPad mini og iPod touch (5. kynslóð) með iOS eða nýrra stýrikerfi. Apple, iPhone, iPad og iPod touch eru vörumerki sem tilheyra Apple Inc, skráð í Bandaríkjunum og öðrum löndum.


# Skammbyssur aðeins í sex af 60 lögreglubílum

**Kynning á byssum í lögreglubílum var fyrirhuguð en fjölmiðlar voru fyrri til. Innanríkisráðuneytið telur viðbúnaðargetu lögreglunnar vera óviðunandi. Til að stytta viðbragðið var meðal annars ákveðið að setja byssur í lögreglubíla.**

**LÖGREGLUMÁL** Fyrir viku var vopnavæðing lögreglu í bílum kynnt fyrir yfirstjórn lögreglunnar. Í kjölfarið átti að kynna fyrirætlunina fyrir starfsmönnum, sveitarstjórnum sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu þjónar ásamt fjölmiðlum.

„Síðan fengum við fyrirspurn Fréttablaðinu morguninn eftir þannig að kynningarplanið fór úr böndunum,“ segir Ásgeir Þór Ásgeirsson yfirlögregluþjónn en skammbyssur verða settar í læst öryggishólf í sex lögreglubíla um miðjan mánuðinn.

Gagnrýnt er að fyrirætlunin var ekki kynnt fyrir almenningi og þingi. Ásgeir bendir á að samkvæmt reglum ráðherra um meðferð valdbeitingartækja og vopna hafi lögreglustjórar heimild til að ákveða þetta sjálfir.

„Það hafa nokkrir lögreglustjórar á landinu nýtt sér þessa heimild í nokkur ár. Það hefur verið gert án athugasemda eða kynningar,“ segir Ásgeir.

Breytingin kemur í kjölfar þriggja ára þjálfunaráætlunar lögreglunnar. Sú áætlun hófst eftir útgáfu skýrslu innanríkisráðherra um stöðu lögreglunnar árið 2012 sem gerð var eftir skotárásina í Útey í Noregi. Í skýrslunni segir að viðbúnaðargeta lögreglu sé óviðunandi varðandi fyrstu viðbrögð og vegna öryggis ríkisins.



**60**

**lögreglubílar eru á höfuðborgarsvæðinu.**

**6**

**bílar verða með skammbyssur í læstu öryggishólfi.**

„Lögreglunni var gert að taka sig í gegn í þessum málum. Alþingi kom að þessu öllu saman og úthlutaði fjármagni fyrir þjálfun og búnaði,“ segir Ásgeir og bendir á að breytingin sé ekki stórvægileg. Í stað þess að byssur séu geymdar á lögreglustöðinni verði þær geymdar í bílum.

„Lögreglumenn munu ekki hafa óheftan aðgang að byssum og meta sjálfir notkun. Það er eingöngu verið að stytta tímann sem það tekur að vopnast ef yfirmenn ákveða það. Skotárásir í nágrannalöndunum hafa sýnt okkur hve mikilvægt er að viðbragðið sé gott.“

Ásgeir bendir á að samkvæmt könnun sem var gerð meðal lögreglumanna árið 2012 hafi 83,5 prósent lögreglumanna viljað hafa skotvopn í læstum hirslum í bílum og 70 prósent vilji alls ekki ganga með vopn á sér.

„Við verðum ánægð ef við þurfum ekki að endurskoða neitt af þessu og getum látið staðar numið með þessa sex bíla. En við skulum ekki gleyma því að borgarar treysta á vernd lögreglu og vilja ekki að hún sé vanbúin í erfiðum aðstæðum sem leiðir til þess að hún þurfi að fara af vettvangi.“ **erlabjorg@frettabladid.is**



1 GB netnotkun eða **1.000 kr.** á mán. í 6 mán. fylgir!

-20.000 kr. afmælisafsláttur

**Samsung Galaxy S6** 32GB

**79.990 kr.** verð með afslætti stgr.

Fullt verð: **99.990 kr.**



500 MB netnotkun eða **1.000 kr.** á mán. í 3 mán. fylgir!

-20.000 kr. afmælisafsláttur

**Samsung Galaxy S5 Neo** 16GB

**49.990 kr.** verð með afslætti stgr.

Fullt verð: **69.990 kr.**

# Allt í partý

## 8 ára afmælistilboð í dag!



1 GB netnotkun eða **1.000 kr.** á mán. í 6 mán. fylgir!

-10.000 kr. afmælisafsláttur

**iPhone 6** 16GB

**94.990 kr.** verð með afslætti stgr.

Fullt verð frá: **104.990 kr.**

iPhone 6 64GB: **114.990 kr.** m/afslætti.



1 GB netnotkun eða **1.000 kr.** á mán. í 6 mán. fylgir!

-10.000 kr. afmælisafsláttur

**iPhone 6 Plus** 16GB

**114.990 kr.** verð með afslætti stgr.

Fullt verð frá: **124.990 kr.**

iPhone 6 Plus 64GB: **124.990 kr.** m/afslætti.

**Þessi tilboð og mörg fleiri í verslunum Nova og á nova.is í dag, 1. desember, á 8 ára afmæli Nova.**

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | Facebook | Twitter




20% afsláttur

**Bíókort** 5x í bíó

**3.032 kr.** verð með afslætti stgr.

Fullt verð: **3.790 kr.**

Tilvalið fyrir jólasveina og jólamyndafíkla.



20% afsláttur

**JBL Go** ferðahátalari

**3.992 kr.** verð með afslætti stgr.

Fullt verð: **4.990 kr.**



Tveir fyrir einn!

**2 fyrir 1 UrbanEars** Plattan

**9.490 kr.** stgr.

Borgar fyrir eitt en færð tvö.



20% afsláttur

**Sol Republic** Tracks Air þráðlaus heyrnartól

**23.992 kr.** verð með afslætti stgr.

Fullt verð: **29.990 kr.**



10% afsláttur

NÝTT

**Apple TV** 32GB

**24.291 kr.** verð með afslætti stgr.

Fullt verð: **26.990 kr.**



Tilboð

**Polar M400** GPS sportúr

**17.990 kr.** verð með afslætti stgr.

Réttа jólagjöfin fyrir þá sem vilja bæta sig í hlaupinu á árinu 2016. Og hina líka!

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

## NORÐURLÖNDIN




### Óttast að missa fleiri störf

**1 NOREGUR** Starfsmenn olíurisans Statoil óttast að fleiri störf en ráðgert var verði flutt til landa þar sem kostnaður er lágur, eins og til dæmis Póllands. Stavanger Aftenblad greinir frá því að lagt sé til að 350 störf verði flutt en mat ráðgjafarfyrirtækis sé að ekki sé hagkvæmt að koma upp starfsstöð annars staðar nema yfir 1.000 störf verði flutt. Starfsmenn Statoil óttast að enn fleiri störf verði flutt.




### Afhjúpaði glæpi en var rekinn

**2 SVÍÞJÓÐ** Þegar Svíinn Anders Kompass, sem var háttsettur embættismaður Sameinuðu þjóðanna, gerði viðvart í fyrra vegna kynferðisofbeldis friðargæsluliða gegn börnum var hann harðlega gagnrýndur. Hann var látinn hætta störfum og reynt var að þagga málið niður. Samkvæmt heimildum Dagens Nyheter hefur óháð nefnd SÞ komist að þeirri niðurstöðu að hann hafði rétt fyrir sér. Kompass tók aftur til starfa sl. vor.

### Mesta ofbeldið í Finnlandi

**3 FINNLAND** Pólitískan vilja vantar í Finnlandi til að taka á ofbeldi gegn konum, að sögn sérfræðings hjá mannréttindasamtökunum Amnesty. Finnskar konur er hræddastar allra kvenna í Evrópusambandinu við að vera beittar ofbeldi. 47 prósent finnskra kvenna hafa verið beitt andlegu, líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi. Helmingur allra barna í Finnlandi hefur verið beittur kynferðislegu eða líkamlegu ofbeldi. Meðaltalið í ESB er 35 prósent.

# Möguleiki að ríkið ákveði bensínverð

**Samkeppniseftirlitið telur koma til greina að hið opinbera ákveði bensínverð. Neytendur greiði allt að 4,5 milljörðum of mikið í eldsneyti á ári. Bensínlítrinn hafi verið allt að 18 krónum of dýr. Olíufélögin hafna fullyrðingunum. Segja afkomuna styðja mál sitt.**

**NEYTENDUR** Til greina kemur að beita verðstýringaraðferðum til að ná fram markmiðum um lægra verð á bílaeldsneyti, ef aðrar aðferðir duga ekki. Þetta er mat Samkeppniseftirlitsins sem birti í gær frumniðurstöður markaðsrannsóknar á eldsneytisverði. Rannsóknin hófst árið 2013.

Samkeppniseftirlitið telur að neytendur hafi greitt samtals um 4.000-4.500 milljónum krónum of mikið í eldsneyti með virðisaukaskatti í smásölu á árinu 2014. Álagning á bílaeldsneyti hafi verið óeðlilega há sem nemur allt að 18 krónum á hvern lítra af bensíni og 20 krónum á hvern lítra dísilolíu á árinu 2012.

Samkeppniseftirlitið telur að verðstýring á mörkuðum sé neyðarúrræði. Ekki kæmi til þessa fyrirkomulags nema að undangengu mati á ferli þar sem gripið hefði verið til allra mögulegra úrbóta til þess að efla samkeppni og þær ekki dugað til. „Ef samkeppnisaðstæður eru hins vegar skaðlegar og verð hærra en gera má ráð fyrir þegar tekið tillit hefur verið tekið til legu landsins, dreifðrar byggðar, veðurfars og annarra þátta sem mögulega gætu haft áhrif til hækkunar eldsneytisverði, þá getur það skilað árangri að setja hámarksverð,“ segir í skýrslu Samkeppniseftirlitsins.

Samkeppniseftirlitið bendir á að fjarskiptafyrirtækjum á evrópskum markaði, þar með talið íslenskum, séu sett mörk á það hve hátt gjald þau mega rukka fyrir símtöl milli landa. Samkeppniseftirlitið segir verðstýringu milli landa ekki vera algenga á eldsneytismörkuðum en í Lúxemborg, Belgíu, Möltu og Slóveníu sé hámarksálagning ákveðin af hinu opinbera. Jafnframt sé kveðið á um hámarksverð eldsneytis í nokkrum strjálbýlum fylkjum í Kanada.

Jón Ólafur Halldórsson, forstjóri Olís, segist ekki hafa mikla trú á að opinberri verðstýringu. „Enda þætti mér mjög sérstakt ef það ætti að taka eldsneytismarkaðinn fyrir í þessu samhengi. Ég veit ekki betur en að almennt sé fólk að tala um að hér sé hátt matvöruverð, hátt verð á fötum og háir vextir. Er þá verið að tala um að það eigi að fara í allsherjar verðstýringu á öllum mörkuðum? Því skýrslan sem slík gæti verið skrifuð um hvaða markað sem er. Hvort sem það er bankamarkaðurinn, matvörumarkaðurinn eða hvað annað,“ segir hann.

> **Skýrslan sem slík gæti verið skrifuð um hvaða markað sem er. Hvort sem það er bankamarkaðurinn, matvörumarkaðurinn eða eitthvað annað.**
>
> Jón Ólafur Halldórsson, forstjóri Olís



Jón Ólafur segir að allt tal um að álagning olíufélaganna hafi verið allt að átján krónum of mikil sé úr lausu lofti gripið. „Okkar félag, Olís, hefur verið rekið á jöfnu eða með tapi frá hruni,“ segir Jón Ólafur. Að lækka verðið um fimmtán krónur á lítra hefði kostað félagið um 1,5 milljarða á ári. Það hefði ekki gengið upp.“

Í yfirlýsingu sem N1 sendi Kauphöll Íslands í gærmorgun segir að álagning á eldsneyti sé ekki of há. Til marks um þetta sé sú staðreynd að arðsemi af rekstri íslenskra olíufélaga á síðustu árum sé minni en almennt þykir eðlilegt að gera kröfur um.

Fréttablaðið náði ekki í Eggert Þór Kristófersson, forstjóra N1, þegar reynt var í gær. Valgeir Baldursson, forstjóri Skeljungs, svaraði heldur ekki símanum. **jonhakon@frettabladid.is**




Almennt verð á bensíni er rétt undir 200 krónum á lítrann. N1 er stærsta olíufélagið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Helstu niðurstöður frumathugunar




Bensínlítrinn var allt að **18 kr.** of dýr árið 2012.

Neytendur borguðu **4-4,5 milljörðum** of mikið í bílaeldsneyti árið 2014.

### Hagnaður olíufélaganna

Samkvæmt ársreikningum Olís hefur félagið skilað tapi eftir skatta síðastliðin fimm ár. Mest var tapið 2013 eða tæpar 154 milljónir króna. Minnst var það árið 2014 eða tæpar 11,6 milljónir. Skeljungur hefur skilað hagnaði fimm ár aftur í tímann. Mestur var hagnaðurinn 2010, eða tæpar 824 milljónir króna. Minnstur var hann árið 2012 eða tæplega 49 milljónir króna. N1, sem er stærsta olíufélagið, skilaði 11,8 milljarða króna tapi árið 2010 en hefur skilað hagnaði eftir það. Mestur var hagnaðurinn 2011, eða um 4,5 milljarðar króna. Hann nam 1,6 milljörðum króna í fyrra.

### Eignarhaldið áhyggjuefni

Samkeppniseftirlitið telur eignarhald í tveimur stórum keppinautum á eldsneytismarkaðnum (N1 og Skeljungi) vera áhyggjuefni. Um 51 prósent eigenda Skeljungs eigi samtals 23 prósent hlut í N1.

Til greina komi að setja fram leiðbeiningar til banka, sparisjóða, lífeyrissjóða, sjóðsstýringarfyrirtækja, verðbréfa- og fjárfestingarsjóða og annarra fjárfesta um eignarhald í tveimur eða fleiri keppinautum og þátttöku í stjórnun þeirra fyrirtækja.





Audi
Vorsprung durch Technik
Hristir af sér veturinn.
Glænýr Audi Q7 með quattro® tækni sem tryggir nákvæman og öruggan akstur.
Nýr og tilkomumikill Audi Q7 quattro® er einstakur hvað varðar aksturseiginleika og upplýsingakerfi ásamt því að vera í fremstu röð þegar kemur að aðstoðarkerfum fyrir ökumann.
Verð frá kr. 11.890.000.-
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · www.audi.is



Tillaga um borgríki var dregin til baka. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Borgríki ekki heimilt í lögum

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Borgarlögmaður segir tillögu Hilmars Sigurðssonar, fulltrúa Samfylkingarinnar í lýðræðis- og stjórnsýslunefnd Reykjavíkurborgar, um að borgin efni til íbúakosningar um hvort Reykjavík skuli stofna sjálfstætt borgríki ekki standast sveitarstjórnarlög.

„[Það er] ekki á valdsviði Reykjavíkurborgar né gert ráð fyrir þeim möguleika að íslenskum lögum að sjálfstæð borgarríki verði stofnuð í landinu,“ segir í umsögn borgarlögmanns.

Í kjölfar umsagnarinnar dró Hilmar tillögu sína til baka og lagði fram bókun um málið. Þar segir meðal annars: „Eftir stendur sú staðreynd að íbúar á höfuðborgarsvæðinu hafa skertan atkvæðisrétt á við íbúa í öðrum landshlutum.“ Og hvetur hann borgaryfirvöld til að leita leiða til að jafna atkvæðavægi. – srs

# Boðberi friðar á feigðarslóð



Frans páfi mætti til Mið-Afríkulýðveldisins í gær sem sendiboði friðar og tók þátt í friðarmessu í höfuðborginni Bangui. Borgarastyrjöld geisar í Mið-Afríkulýðveldinu og er landið hættulegasti viðkomustaður Frans páfa í Afríkuferð hans. NORDICPHOTOS/AFP

# Alcan sagt vilja losna við raforkukaup

**Fundi fulltrúa starfsmanna álversins í Straumsvík með fulltrúum fyrirtækisins hjá ríkissáttasemjara var slitið í gær án árangurs. Ekki hefur verið boðað til nýs fundar. Byrjað verður að loka álverinu að óbreyttu. Starfsmenn telja deiluna leikrit í stærri áformum Rio Tinto.**

**STÓRIÐJA** Hafist verður handa á miðnætti við að loka álverinu í Straumsvík. Samningafundi var slitið í gær án árangurs og ekki boðað til nýs fundar í deilu starfsmanna. Gylfi Ingvarsson, talsmaður starfsmanna, segir engan vilja fyrirtækisins til að semja við starfsfólk sitt.

„Það er enginn vilji hjá Alcan til að ganga til samninga, það er á hreinu. Því er vilji þeirra einhver annar. Nú mun brátt fara í hönd lokunarferli álversins. Það er greinilega það sem forsvarsmenn fyrirtækisins vilja. Við munum í samninganefnd starfsmanna halda fund í fyrramálið (dag) til að fara yfir stöðuna,“ segir Gylfi.

Hann segir evrópska blaðamenn hafa haft samband við sig vegna málsins þar sem orðrómur er um að Alcan sé með þessu móti að koma sér hjá kaupskyldu á rafmagni frá Landsvirkjun. Komið hefur fram að núverandi samningur Landsvirkjunar við eigendur álversins sé á þá leið að Alcan skuldbindi sig til þess að kaupa raforku til ársins 2036.

Í samningum um álver í Straumsvík við íslenska ríkið hefur einnig verið ákvæði um óviðráðanleg öfl. Í upprunalega samningnum milli stjórnvalda og AluSuisse var kveðið á um að vinnudeilur og verkföll væru hluti af svokölluðum óviðráðanlegum öflum ásamt styrjöldum, náttúruhamförum og öðrum þáttum. Yrði þetta ákvæði virkjað losnaði fyrirtækið undan kaupskyldu á rafmagni. Gylfi segist óttast að eitthvað slíkt sé uppi á teningnum. „Þetta hafa erlendir blaðamenn allavega viljað ræða við mig og telja áhugaleysi Alcan til að semja við okkur vera hluta af stærri sögu,“ segir Gylfi.

> **Staðan er alvarleg, því er ekki að neita en markmið okkar er að semja, það er alveg ljóst.**
>
> Ólafur Teitur Guðnason, upplýsingafulltrúi Alcan



Hvorki Ólafur Teitur Guðnason, upplýsingafulltrúi Alcan á Íslandi, né Magnús Þór Gylfason, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar, vildu staðfesta hvort umrætt ákvæði væri í núgildandi samningi sem undirritaður var í fyrra. Samningurinn væri að öllu leyti trúnaðarmál.

„Staðan er alvarleg, því er ekki að neita en markmið okkar er að semja, það er alveg ljóst,“ segir Ólafur Teitur. „Kostnaðurinn við að endurræsa álverið eftir lokun sem þessa gæti numið hundruðum milljóna króna.“

Fram kemur í minnisblaði Hafnarfjarðarbæjar að viðskipti álversins við fyrirtæki í Hafnarfirði nemi allt að tveimur milljörðum á ári. Að sama skapi eru beinar tekjur Hafnarfjarðarbæjar af álverinu í Straumsvík 1,7 milljarðar á ári. Haraldur L. Haraldsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, sagði bæjaryfirvöld fylgjast með gangi mála.

„Við vonum að það verði hægt að finna lausn á þessari deilu. Það eru miklir hagsmunir í húfi fyrir alla aðila að samningar náist,“ sagði Haraldur.

Rannveig Rist, forstjóri Alcan á Íslandi, veiti ekki viðtal þegar eftir því var leitað. sveinn@frettabladid.is


LYFJA - Lífið heil

www.lyfja.is




Allir fá þá eitthvað fallegt...

Í jólagjafahandbók Lyfju finnur þú fjölbreytt úrval af fallegum og nytsamlegum gjafavörum fyrir alla fjölskylduna.

**Nældu þér í eintak af jólagjafahandbókinni í næstu verslun Lyfju.**

Lágmúla, Laugavegi, Nýbýlavegi, Smáralind, Smáratorgi, Borgarnesi, Grundarfirði, Stykkishólmi, Búðardal, Patreksfirði, Ísafirði, Blönduósi, Hvammstanga, Skagaströnd, Sauðárkróki, Húsavík, Þórshöfn, Egilsstöðum, Seyðisfirði, Neskaupstað, Eskifirði, Reyðarfirði, Höfn, Laugarási, Selfossi, Grindavík, Keflavík

heimkaup.is

# CYBER MONDAY

ALLAR VÖRUR Á AFSLÆTTI

## VEGNA FJÖLDA ÁSKORANNA FRÁ ÞEIM SEM FENGU ÚTBORGAÐ Í DAG ÞÁ FRAMLENGJUM VIÐ UM 24 TÍMA!

í 24 tíma.
Frá 00.00
til 23.59

„Cyber“ mánudagur er 10 ára gamall amerískur siður sem breiðst hefur út um allan heiminn og er nú þekktur sem dagurinn sem fólk gerir bestu kaupin á netinu fyrir jólin. Í dag 30. nóvember og til miðnættis verður stórútsala á Heimkaup.is þar sem við lækkum allar 22.832 vörunar sem fáanlegar eru á Heimkaup.is – gríptu tækifærið og gerðu þín bestu kaup fyrir jólin!

## Þetta er aðeins örlítið sýnishorn · 22.832 vörur á afslætti til miðnættis!

- Polar M300 æfingaúr - 3 litir — 30% afsláttur — ~~19.990,-~~ 13.990,-
- Fing'rs naglalakka French penni — 71% afsláttur — ~~2.690,-~~ 790,-
- Byggjum úr Lego bókin — 80% afsláttur — ~~4.990,-~~ 990,-
- Philips ofurhetju-veggljós — 33% afsláttur — ~~8.990,-~~ 5.990,-
- SWC ilmkerti í krukku — 50% afsláttur — ~~850,-~~ 425,-
- Mix&go Pro með auka flösku og kvörn — 38% afsláttur — ~~12.990,-~~ 6.990,-
- Guitar Hero Live fyrir PS4/PS3/X360/X1 — 24% afsláttur — ~~16.990,-~~ 12.990,-
- Bakk - DVD — 31% afsláttur — ~~2.890,-~~ 1.990,-
- Russell Hobbs aura hrærivél 700W — 25% afsláttur — ~~39.990,-~~ 29.990,-
- Jógateppi — 58% afsláttur — ~~5.990,-~~ 2.490,-
- Canon EOS 750D með 18-135 STM linsu — 19% afsláttur — ~~184.990,-~~ 149.990,-
- Google Chromecast — 25% afsláttur — ~~7.990,-~~ 5.990,-
- Tulipop Wiggle og Wobble Borðbúnaður — 50% afsláttur — ~~2.390,-~~ 1.195,- / ~~2.190,-~~ 1.095,- / ~~650,-~~ 325,- / ~~1.290,-~~ 645,-
- Líkaminn - Alfræði Disney — 59% afsláttur — ~~2.390,-~~ 990,-
- Under Armour HeatGear stuttermabolur — 50% afsláttur — ~~6.990,-~~ 3.495,-
- L'Oréal NutriGold andlitspakki — 50% afsláttur — ~~10.030,-~~ 4.990,-
- Adidas Íþróttataska m/sundpoka — 38% afsláttur — ~~7.990,-~~ 4.990,-
- Russell Hobbs Grill&melt heilsugrill — 41% afsláttur — ~~28.990,-~~ 16.990,-
- Russell Hobbs Cook@home multi — 45% afsláttur — ~~28.990,-~~ 15.990,-
- Natural Health Labs Caralluma Fimbriata — 46% afsláttur — ~~3.490,-~~ 1.890,-
- Latabæjarspilið — 53% afsláttur — ~~6.390,-~~ 2.990,-
- Púslmotta — 43% afsláttur — ~~3.990,-~~ 2.290,-
- Tvenna — 36% afsláttur — ~~3.090,-~~ 1.990,-

## Allt að 75% afsláttur!

**Öryggi - Ekkert mál að skila eða skipta**
Augljós kostur við að versla við innlenda risavefverslun og vöruhús eins og Heimkaup.is er að ekkert mál er að skila eða skipta ef upp koma vandamál.

**Hægt að greiða við afhendingu**
Ólíkt mörgum netverslunum býðst þér einnig að greiða með peningum eða korti við afhendingu vörunnar. Öruggara verður það ekki.

**Frí heimsending samdægurs**
Höfuðborgarsvæðið: Pantaðu fyrir kl. 13:00 og sendingin getur verið komin til þín fyrir 16:00 sama dag og strax sama kvöld ef pöntun berst fyrir kl. 17:00. Pantanir berast strax daginn eftir víðast hvar á landsbyggðinni. **Allar pantanir yfir 4.000,- sendar frítt hvert á land sem er.**

Þú hefur til miðnættis í kvöld – ekki missa af þessu!

HEIMKAUP
Smáratorgi 3 · 201 Kópavogi · 550 2700

# Tugir mála vegna ærumeiðinga

**Málshöfðunum vegna ærumeiðandi ummæla hefur fjölgað vegna opnari umræðu um kynferðisbrot, segir Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hæstaréttarlögmaður. Fólk viti ekki alltaf þegar það brjóti lög. Það missi stjórn á sér í geðshræringu og átti sig ekki á afleiðingum þess.**

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is

**DÓMSMÁL** Konu sem sagði frá meintu kynferðisbroti á lokaðri umræðusíðu á Facebook var sent kröfubréf í sumar og á hún yfir höfði sér málshöfðun.

Í ummælum hennar telur lögfræðingur kæranda, Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, felast ásökun um að kærandi hafi nauðgað henni og stuðlað að sambærilegum brotum annarra gegn konunni. Í kröfubréfi Vilhjálms til konunnar er þess krafist að hún biðjist afsökunar á ummælunum og leiðrétti þau á þeim stað sem hún lét þau falla. Þá er þess krafist að hún greiði kæranda sínum 200.000 krónur í miskabætur og lögmannskostnað, 150.000 krónur, auk virðisauka. Henni voru gefnir fjórir dagar til að bregðast við bréfinu. Bréfið barst henni í almennri póstsendingu degi fyrir kröfufrest.

### Hjartað tekur völdin

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hæstaréttarlögmaður segir múgæsingu í fjölmiðlum verða til þess að fólk tali og hegði sér með óábyrgari hætti en annars. Hann sækir fleiri ærumeiðingamál, þeirra á meðal nokkur sem tengjast meintum nauðgunum tveggja karlmanna í Hlíðahverfi eftir bekkjarskemmtanir í Háskólanum í Reykjavík. „Ég er með tugi mála á mínu borði sem tengjast ærumeiðingum. Óvandaður fréttaflutningur kyndir undir svona hlutum. Fólk sér stríðsfyrirsögn um það að það sé einhver íbúð útbúin til nauðgana. Það sér eitthvað fyrir hugskotssjónum sér og missir stjórn á sér. Nauðgaraummæli sem verða kærð urðu undir hughrifum fjölmiðlaumfjallana um málið. Þegar þetta gerist, þá tekur hjartað völdin. Fólk gjörsamlega missir sig.“

> **Ærumeiðandi ummæli konunnar segir Vilhjálmur brjóta í bága við 1. mgr. 194. gr. laga nr. 19/1940.**

Vilhjálmur telur bæði fólk og fjölmiðla ekki átta sig á ábyrgð sinni. „Þetta er samspil fjölmiðla og einstaklinga á samfélagsmiðlum á borð við Facebook, Snapchat, Twitter, WhatsApp og Instagram. Einstaklingar verða að hugsa um þessa miðla sem sinn fjölmiðil. Svo eru kommentakerfin líka vettvangur þar sem þarf að gæta ábyrgðar. Það hefur svo margt breyst á stuttum tíma, fólk hafði áður ákveðinn umþóttunartíma. En í dag er fólk fljótt til ef það er í geðshræringu að láta ummæli falla sem hafa afleiðingar.“

Vilhjálmur segist ekki eltast við mál af þessu tagi nema þau séu alvarleg. „Til mín leitar fólk sem hefur sannarlega ástæðu til að verjast ummælum á netinu. Mörg málanna fara ekki í gegnum dómskerfið heldur eru leyst manna á milli.“




Vilhjálmur H. Vilhjálmsson segir tugi mála á sínu borði vegna ærumeiðandi ummæla sem hafi fallið á netinu. NORDICPHOTOS/GETTY

> **Ég er með tugi mála á mínu borði sem tengjast ærumeiðingum. Óvandaður fréttaflutningur kyndir undir svona hlutum. Fólk sér stríðsfyrirsögn um það að það sé einhver íbúð útbúin til nauðgana. Það sér eitthvað fyrir hugskotssjónum sér og missir stjórn á sér.**
>
> Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hæstaréttarlögmaður



## Úr bréfi til konu sem nafngreindi meintan geranda

**Til mín hefur leitað X og falið mér að gæta hagsmuna sinna vegna ærumeiðandi ummæla sem þú viðhafðir um hann á Facebook, nánar tiltekið í umræðuhópi með nafninu X en ummælin virðist þú hafa látið falla í byrjun X 2015.**

**Í bréfinu lýsir þú því að það var ekki „einn af draumum mínum að vera læst inn í herbergi meðan drengirnir skiptust á að uppfylla sínar óskir“. Af tilvitnuðum orðum verður ekki betur séð en að þarna sért þú að lýsa frelsissviptingu og nauðgun.**

**„Margir fengu nú leyfi frá X til að gera það sem þeir vildu. Það var nú fínt þar sem hann gerði sama klúðrinn. Það fékk enginn leyfi frá mér.“**

**Í tilvitnuðum ummælum felst ásökum um að umbj. minn hafi nauðgað þér og stuðlað að sambærilegum brotum gegn þér. Um er að ræða ásakanir um refsiverða háttsemi sem margra ára fangelsi liggur við samkvæmt íslenskum lögum sbr. meðal annars 1. mgr. 194 gr. laga nr. 19/1940. Ummæli hafa að geyma ærumeiðandi aðdróttun í garð umbjóðanda míns og varða við 235. gr laga nr. 19/1940.**

*Úr kröfubréfi til konu sem sagði frá meintum kynferðisbrotum á Facebook.*







KOMDU OG PRÓFAÐU CITROËN BERLINGO VAN - NÚNA Á LÆGRA VERÐI

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

Frábær vinnuaðstaða með góðu aðgengi fyrir farm og farþega. 180° opnun á afturhurðum, rennihurð, þægileg hleðsluhæð, há sætisstaða og fjöldi geymsluhólfa. Öflug en sparneytin 90 hestafla dísilvél ásamt spólvörn og ESP stöðugleikakerfi gera Berlingo Van að öruggum og hagkvæmum kosti fyrir þinn rekstur.

Veldu traust umboð með einstöku þjónustuframboði fyrir bíla- og tækjaflota.

15 ára afmæli Citroën hjá Brimborg

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

CITROËN

Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.






Jakki - **12.830**kr

Slá - **5.910**kr



Frakki - **12.830**kr

Jakki - **11.840**kr



Brjóstahaldari
**2.650**kr

Nærbuxur
**1.270**kr

Kjóll - **5.420**kr

Kjóll - **4.930**kr



Skyrta - **3.540**kr

Gallabuxur - **6.410**kr

Buxur - **5.420**kr



Taska - **5.910**kr

Skór - **4.930**kr

Hattur - **4.430**kr



Herranáttföt - **3.940**kr

Trefill - **2.750**kr

Skór - **6.900**kr

Finndu okkur á
Facebook

Kringlan, Skeifan, Spöng, Garðabær,
Borgarnes, Njarðvík, Selfoss og Akureyri.










# Meðferð lokið en sitja fastir á geðdeildunum

**Dæmi eru um sjúklinga á réttar- og öryggisgeðdeildum sem hafa beðið í ár eftir búsetuúrræði. Deildarstjóri á Landspítalanum segir fólk dæmt til geymslu og að samfélagið beri ábyrgð. Þriðjungur sjúklinganna bíður húsnæðis í Reykjavík.**

**VELFERÐARMÁL** Af fjórtán sjúklingum á réttar- og öryggisgeðdeildum Landspítala hefur helmingur náð nægilega góðri heilsu til að útskrifast af spítalanum en ónæg búsetuúrræði koma í veg fyrir það.

„Þessir sjúklingar þurfa að vera hjá okkur því annars fara þeir á götuna. Við getum ekki leyft það af siðferðislegum ástæðum. Varðandi sjúklinga á réttargeðdeild höfum við ekki heldur leyfi til þess því við vinnum eftir dómi,“ segir Guðmundur Sævar Sævarsson, deildarstjóri öryggis- og réttargeðdeildarþjónustu spítalans.

Sumir hafa beðið í að minnsta kosti ár eftir viðeigandi búsetuúrræði en húsnæðið þarf að bjóða upp á aðhald, ramma og eftirlit.

„Það er ekki í boði að þessir einstaklingar fari inn á aðstandendur. Þetta er fólk með langa sögu veikinda og getur valdið skaða eða gert eitthvað af sér ef það veikist aftur. Það þarf að vera undir eftirliti og það er á ábyrgð samfélagsins að sjá til þess,“ segir Sævar.

Á öryggisgeðdeild eru sjúklingar sem sviptir hafa verið sjálfræði lagðir inn og eru rúm fyrir átta sjúklinga. Í dag eru þó níu manns á deildinni.

„Við sinnum ekki lengur meðferð á þessum sjúklingum og þannig eru deildirnar notaðar sem geymslur. Um leið getum við ekki tekið á móti sjúklingum sem við ættum að vera að sinna. Þeir eru fastir á Hringbraut,“ segir Guðmundur.

Alls bíða 30 til 40 geðfatlaðir eftir búsetuúrræði í Reykjavík og þar af tveir af þessum tveimur deildum.

Stefán Eiríksson, sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, segir átak hafa verið gert með samstarfi velferðarsviðs og geðsviðs spítalans. Um áramót voru sextán sjúklingar sem höfðu lokið meðferð settir á lista og hafa fimmtán af þeim fengið búsetuúrræði. Þar af fjórir af öryggis- og réttargeðdeild.

„Síðan hafa tveir sjúklingar af þessum deildum bæst við á listann á síðustu mánuðum. Þeir bíða nú eftir úrræði hjá okkur eða öðru úrræði sem ríkið þyrfti að sjá um þar sem venjuleg úrræði á vegum sveitarfélaga duga ekki í sumum tilfellum,“ segir Stefán. **erlabjorg@frettabladid.is**




**14 sjúklingar eru á réttar- og öryggisgeðdeild Landspítalans. Helmingur hefur lokið meðferð en hefur engan samastað.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> **Það er ekki í boði að þessir einstaklingar fari inn á aðstandendur. Þetta er fólk með langa sögu veikinda og getur valdið skaða eða gert eitthvað af sér ef það veikist aftur.**



Guðmundur Sævar Sævarsson deildarstjóri öryggis- og réttargeðdeildarþjónustu Landspítalans

**7**

**sjúklingar hafa lokið meðferð og bíða húsnæðis.**









**Tekjur af erlendum ferðamönnum námu um 303 milljörðum króna á síðasta ári.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Búist við meiri tekjum af ferðamönnum

**EFNAHAGSMÁL** Í dag birtir Hagstofan upplýsingar um þjónustujöfnuð við útlönd á þriðja ársfjórðungi. Að mati Hagfræðideildar Landsbankans er ekki ástæða til annars en að ætla að tekjur af erlendum ferðamönnum aukist verulega á milli ára.

Tekjur af erlendum ferðamönnum námu um 303 milljörðum króna á síðasta ári, eða 28 prósentum alls útflutnings frá landinu. Í fréttabréfi sínu í gær gerði hagfræðideildin grein fyrir því hvernig tekjur af ferðamönnum hafa haldist í hendur við fjölda og fjölgun ferðamanna sem fer í gegnum Keflavíkurflugvöll. Talsverð fjölgun varð á ferðamönnum á þriðja ársfjórðungi frá því á sama tímabili fyrir ári og gera má því ráð fyrir að tekjurnar verði eftir því. **– sg**

# ÁSKORUN TIL ALÞINGIS
# LÆKKUM TRYGGINGAGJALDIÐ

Það gengur vel í atvinnulífinu á mörgum sviðum og atvinnuleysi hefur minnkað hratt. Þrátt fyrir það er tryggingagjald sem rennur m.a. til greiðslu atvinnuleysisbóta enn í hæstu hæðum. Árlegt gjald er um 20 til 25 milljörðum króna hærra en það ætti að vera.

Tryggingagjaldið kemur harðast niður á litlum og meðalstórum fyrirtækjum þar sem flest ný störf verða til. Fyrirtæki sem er með tíu starfsmenn í vinnu greiðir í raun laun þess ellefta en hann fær ekki að koma í vinnuna.

Hátt tryggingagjald minnkar getu fyrirtækja til að hækka laun eða ráða fleiri í vinnu.

**Við skorum á Alþingi að láta verkin tala og lækka tryggingagjaldið.**

Guðný Harðardóttir, STRÁ
Gylfi Gíslason, Jáverk
Hermann Björnsson, Sjóvá
Ari Fenger, 1912
Jón Eðvald Friðriksson, FISK Seafood
Hilmar Dúi Björgvinsson, Garðvík
Þórir Jóhannsson, Stúdíó Sýrland
Bjarni Þór Gunnlaugsson, Naust Marine
Pétur Jónsson, Medialux
Ólafur Gylfason, Beiersdorf
Pétur Árni Jónsson, Viðskiptablaðið
Bjarni Þór Einarsson, SS verktaki
Ásmundur Helgason, Dynamo
Guðjón Kristinsson, Ístex
Eiríkur Tómasson, Þorbjörn
Andri Þór Guðmundsson, Ölgerðin
Björn S. Stefánsson, Þúsund fjalir ehf.
Jóhann Kristján Einarsson, Rafmenn
Friðrik Guðmundsson, Melabúðin
Pétur Guðmundsson, Melabúðin
Ragnar Guðmundsson, Norðurál
Margrét Kristmannsdóttir, Pfaff
Sigþór Sigurðsson, Hlaðbær-Colas
Garðar Jóhannsson, Init
Guðni H. Stefánsson, Kökuhornið
Auður Þórisdóttir, Saumsprettan
Þórhallur Jónsson, Pedromyndir
Pétur Pálsson, Vísir
Guðlaugur Þór Pálsson, Frostmark
Baldur Baldursson, Kerfóðrun
Helgi Lárusson, Endurvinnslan
Ari Þórðarson, Hreint
Helgi Rafnsson, Rafholt
Jón Gunnar Jónsson, Actavis
Unnur Svavarsdóttir, GoNorth
Páll Ketilsson, Víkurfréttir
Marinó, Ísblikk
Pétur Snæbjörnsson, Reynihlíð
Þórir Garðarsson, Allrahanda
Sigurður Viggósson, Oddi Patreksfirði
Jón Árnason, Vestri Patreksfirði
Þóra Björk Þórhallsdóttir, Nordic Visitor
Rannveig Grétarsdóttir, Elding
Einar Birgir Kristjánsson, Tandraberg
Árni Gunnarsson, Flugfélag Íslands
Margrét Gunnarsdóttir, Prenttækni
Sverrir Bergmann, Herrahúsið
Gunnar Sverrisson, Oddi
Guðni Þórðarson, Borgarplast
Armend Zogaj, Castello Pizzeria
Ævar Guðmundsson, Freyja
Birgir Sveinsson, Tvisturinn
Halldór Stefánsson, Trésmiðjan Akur
Steingrímur Birgisson, Höldur
Jóhanna Dagbjartsdóttir, Iðnmark
Sigurjón Dagbjartsson, Iðnmark
Þorkell Gunnarsson, Lystigarðar
Guðmundur H. Jóhannsson, Rafloft
Gunnar Sigursteinsson, Vélvirki
Bjargmundur Björgvinsson, Glófaxi
Kristofer Oliversson, Center Hotels
Guðjón Rúnarsson, Kjarnavörur
Lovísa R. Bjarnadóttir, Rósaberg
Óðinn Gestsson, Íslandssaga
Viktor Sigurjónsson, Gæðabakstur
Kristján Sigfússon, Argentína Steikhús
Páll V. Ólafsson, Vélsmiðja Hornafjarðar
Almar Þór Þorgeirsson, Al bakstur
Atli Pálmason, G.A.P.
Auður Hallgrímsdóttir, Járnsmiðja Óðins
Jóhannes Ólafsson, Steinprent
Tryggvi Aðalsteinsson, E.T.
Hjörleifur Pálsson, Stjórnarmaður
Ægir Már Þórisson, Advania
Júlíus Jónsson, HS Veitur
Björgólfur Jóhannsson, Icelandair Group
Ólafur Torfason, Íslandshótel
Þórarinn Thorlacius, Doddi málari
Ásta Þórarinsdóttir, Sinnum
Hilmar Snær Rúnarsson, Smíðaverk
Hörður Guðmundsson, Flugfélagið Ernir
Frank Michelsen, Michelsen úrsmiðir
Kristján Steingrímsson, Árbæjarapótek
Eggert Þór Kristófersson, N1
Sveinn Margeirsson, Matís
Gunnar Bragason, Gámaþjónustan
Hjörtur Árnason, H. Árnason

Bjarni Thoroddsen, Stálsmiðjan Framtak
Sigfús Bjarnason, Bókhald og þjónusta
Kristinn Jón Friðþjófsson, Sjávariðjan Rifi
Hrund Hólm, Dýralæknastofa Suðurnesja
Vilborg Guðmundsdóttir, Gljásteinn Selfossi
Ólöf Helga Bergsdóttir, Snyrtistofa Ólafar
Reimar Marteinsson, Kaupfélag V. Húnvetninga
Jóhannes Gaukur Pétursson, Pípulagnaverktakar
Már Guðmundsson, Málarameistarafélagið
Tyggvi Guðmundsson, Icelandair Hotels Group
Arnbjörn Óskarsson, A.Óskarsson Verktaki
Guðmundur Geirmundsson, Krás kjötvinnsla
Berglind Alfreðsdóttir, Comfort snyrtistofa
Ingimar H. Georgsson, Vöruval Vestmannaeyjum
Ragnar Hjörtur Kristjánsson, Fiskmarkaður Suðurnesja
Guðmundur Skúlason, Vélaverkstæði G.Skúlason
Árni Sólonsson, Capital-Inn og City Center Hótel
Guðmundur Davíðsson, Hitaveita Egilsstaða og Fella
Svanhildur Guðlaugsdóttir, Skýlið - Friðarhöfn
Benedikt Jóhannesson, Talnakönnun og Heimur
Þórarinn Jónasson, Laxnes Horse Farm
Ólafur Björn Þorbjörnsson, Sigurður Ólafsson
Guðmundur Jóhann Jónsson, Vörður tryggingar
Elinóra Inga Sigurðardóttir, Elás. Royal Natural
Jóhannes Felixson, Hjá Jóa Fel. Brauð og kökulist
Sigurbjörg Sigþórsdóttir, Bakarameistarinn
Jens Pétur Jóhannsson, Rafmagnsverkst. Jens og Róberts
Helga Árnadóttir, Samtök ferðaþónustunnar
Jón Ólafur Halldórsson, Olíuverslun Íslands hf.
Þorsteinn Víglundsson, Samtök atvinnulífsins
Katrín Smári Ólafsdóttir, KSÓ Lögmenn
Guðmundur Ásgeirsson, Á. Guðmundsson
Bryndís Hilmarsdóttir, Leikskólinn Undraland
Sonja I. Einarsdóttir, Leikskólinn Undraland
Andrés Magnússon, Samtök verslunar og þjónustu
Björg Anna Kristinsdóttir, Samband íslenskra sparisjóða
Guðjón Rúnarsson, Samtök fjármálafyrirtækja
Kolbeinn Árnason, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi
Harpa Cilia Ingólfsdóttir, Algild Hönnun & Aðgengi
Sigríður Jóna Sigurjónsdóttir, Jón & Gunna verslun Ísaf.
Sigrún Björk Jakobsdóttir, Icelandair hótel Akureyri
Einar Valur Kristjánsson, Hraðfrystihúsið Gunnvör
Elín S. Sigurðardóttir, Íslenskir Fjallaleiðsögumenn
Sigurlaug Gissurardóttir, Brunnhóll - ferðaþj. bænda
Erna Baldursdóttir, Hjá Ernu hársnyrtistofa
Helgi Anton Eiríksson, Iceland Seafood International
Jón Gauti Jónsson, DOMUS MEDICA og Læknahúsið
Vigfús Páll Auðbertsson, Auðbert og Vigfús Páll
Ólafur Rögnvaldsson, Hraðfrystihús Hellissands
Valgerður Jóhannesdóttir, Jónatansson & Co lögfr.stofa
Almar Guðmundsson, Samtök iðnaðarins
Einar Sveinn Ólafsson, Íslenska kalkþörungafélagið
Ingibjörg Steinunn Ingjaldsdóttir, Prentmet
Vilborg Jóhannsdóttir, Bravo og Nesbygg
Anna Valdimarsdóttir, Þemasnyrting
Bryndís Fanney Harðardóttir, Framrás (Vík).
Emma Holm, Alvin Nordic Associates
Hulda Hafsteinsdóttir, Hársnyrtistofan Medulla
Runólfur Bjarnason, Rafgeisli Rafverktakar
Magnús Bragason, Hótel Vestmannaeyjar
Jón Hávarður Jónsson, Miðás Egilsstöðum
Bjarni Ó. Halldórsson, Aalborg Portland Ísland
Alexander G. Alexandersson, Steypustöðin
Gunnar Már Sigurfinnsson, Icelandair Cargo
Þorsteinn Már Baldvinsson, Samherji og ÚA
Magnús Stefánsson, Bær Byggingafélag
Rannveig Rist, Rio Tinto Alcan á Íslandi
Jóhannes Ingi Kolbeinsson, Kortaþjónustan

Guðmundur S. Sveinsson, Héðinn
Guðmundur Guðmundsson, ISS Ísland
Katrín S. Óladóttir, Hagvangur
Hilmar Veigar Pétursson, CCP
Ingvi Þór Elliðason, Capacent
Steinþór Jónsson, Björnsbakarí
Svava Johansen, NTC
Sigrún Anný Jónasdóttir, Hásteinn
Guðrún Lárusdóttir, Stálskip
Baldur Eiðsson, Stjörnumót
Sævar Jónsson, Blikksmiðja Guðmundar
Sigrún Ragna Ólafsdóttir, VÍS
Ísak Pétur Lárusson, Ljósver
Ragnar Pálsson, Glerverksmiðjan Samverk
Erna María Eiríksdóttir, Verði þinn vilji
Jenný Sigfúsdóttir, TEAM hárstúdíó
Valdimar Bjarnason, Vörðufell byggingaverktakar
Friðrik Pálsson, Hótel Rangá
Björn Sigurðsson, Höll Húsavík
Steinþór Vigfússon, Hótel Dyrhólaey
Gunnlaugur K. Hreinsson, GPG Seafood
Helgi Hjálmarsson, Valka
Stefán Sandholt, Sandholt bakarí
Kolbeinn Hreinsson, M1
Þorkell Ingi Þorkelsson, Litalausnir
Árni Þór Árnason, Oxymap og Ormsson
Bergsteinn Jónasson, Rafmúli
Óli Jón Kristinsson, Húsamálarinn
Páll Einar Kristinsson, Rafspor
Halldór Einarsson, Henson
Björn Friðþjófsson, Tréverk
Bolli Árnason, GT Tækni
Steinþór Skúlason, SS
Helgi Gústafsson, Ferro Zink
Garðar Þorvarðsson, Kvikna
Einar Sigurðsson, Auðbjörg Þorlákshöfn
Ágúst Einarsson, Rafver
Hjálmar E. Jónsson, Sveinsbakarí
Ólafur Sverrisson, Pappír
Sigtryggur Stefánsson, Raflýsing
Auðun Óskarsson, Trefjar
Þorsteinn Lárusson, Gúmmísteypa
Ásdís Sævaldsdóttir, Bergur
Geir Borg, Gagarín
Jóna Sigurðardóttir, SI raflagnir
Tryggvi Magnússon, Katla
Jón Emilsson, Ljósvakinn
Elías Óskarsson, Miðstöð
Ómar Hannesson, Rafsól
Albert Guðmundsson, Rafverk
Valdimar Kristjónsson, Rafal
Svana Helen Björnsdóttir, Stiki
Jón Finnur Ólafsson, Árvirkinn Selfossi
Ragnheiður H. Magnúsdóttir, Hugsmiðjan
Vilborg Einarsdóttir, Mentor
Eyjólfur Árni Rafnsson, Mannvit
Vilhjálmur Egilsson, Háskólinn á Bifröst
Margrét Runólfsdóttir, Hótel Flúðir
Guðmundur Sigurhansson, Hótel Flúðir
Katrín Pétursdóttir, Lýsi
Agnes Ósk Guðjónsdóttir, Agnes
Grímur Sæmundsen, Bláa Lónið
Jón Sigurðsson, JS-hús
Birgir Örn Birgisson, Domino's Pizza
Guðrún Hafsteinsdóttir, Kjörís
Svala Hrönn Jónsdóttir, Svansprent
Kristín Björg Jónsdóttir, Polarn O. Pyret

Davíð Torfi Ólafsson, Íslandshótel
Jón Ingi Björnsson, Trackwell
Sigurbjörn Gunnarsson, Lyfja
Bergþór Baldvinsson, Nesfiskur
Hallur A. Baldursson, ENNEMM
Gunnlaugur Auðunn Árnason, Sæfell
Eggert Halldórsson, Þórsnes
Marinó Hákonarson, Ísblikk
Smári Viðar Guðjónsson, Klafi
Kolbrún Reinholdsdóttir, EFLA
Sigrún Edda Jónsdóttir, Egilsson/A4
Karlotta Lind Pedersen, Trawire
María Másdóttir, Blómahönnun
Dagmar Þorsteinsdóttir, HBH Byggir ehf
Steinunn Halldórsdóttir, VA arkitektar
Hildur Hermóðsdóttir, Textasmiðjan
Kristín Pétursdóttir, Virðing
Lilja Viðarsdóttir, Vegaljós
Eva Magnúsdóttir, Podium
Lísa María Karlsdóttir, Meistaralagnir
Erla Leifsdóttir, Bílasmiðurinn
Herdís Jónsdóttir, Happy Campers
Sólveig Guðmundsdóttir, Culiacan
Hilmar Ingi Ómarsson, Culiacan
Stefán Friðriksson, Ísfélag Vestmannaeyja
Sævar Skaptason, Ferðaþjónusta bænda
Guðrún Ragnarsdóttir, Strategía
Sigmundur Dýrfjörð, Te & Kaffi
Sigurður Arnfjörð, Sveitasæla
Ólafur Örn Nielsen, Kolibri
Jón Árnason, Verktækni
Guðmundur Smári Guðmundsson, G.RUN
Guðni R. Tryggvason, Model Akranesi
Kristján Henrýsson, Heild
Björg Ingadóttir, Spakmannsspjarir
Sigurður Villi Stefánsson, Húsasmiði
Magnús Soffaníasson, TSC
Sigríður Finsen, TSC
Viðar Þorkelsson, Valitor
Hjálmar Gíslason, Qlik/DataMarket
Anna J. Ólafsdóttir, Pak
Finnur Árnason, Hagar
Ágúst Andrésson, Kjötafurðastöð KS
Kristín Edvardsdóttir, HP Gámar
María Björnsdóttir, Hótel Lotus
Þórhildur Garðarsdóttir, Forlagið
Perla Björk Egilsdóttir, SagaMedica
Sigyn Eiríksdóttir, Mogul Holding
Lára B. Pétursdóttir, CP Reykjavík
Ingibjörg Ólafsdóttir, Radisson Blu
Kristján Daníelsson, Kynnisferðir
Jón Þór Gunnarsson, Straumhvarf
Hallgrímur Snæland, Snæland Grímsson
Birgir Ómar Haraldsson, Norðurflug
Gunnar Guðmundsson, SBA
Skarphéðinn Berg Steinarsson, Íshestar
Bjarni Hrafn Ingólfsson, Terra Nova
Helgi Már Halldórsson, ASK arkitektar
Þráinn Hauksson, Landslag
Sveinn I. Ólason, Verkís
Daníel Guðmundsson, Vélvík
Sverrir Bergsson, Seigla
G. Ómar Pétursson, Ásprent
Brynjar Haraldsson, Frostverk
Guðmundur Rafnsson, Ísaga
Bergsteinn Einarsson, Set
Finnur Árnason, Þörungaverksmiðjan
Vigfús Gunnar Gíslason, Flügger
Þóra Gréta Þórisdóttir, Vífilfell
Guðmundur Halldórsson, Te og kaffi
Gunnar Þór Gíslason, Síld og fiskur
Jón Heiðar Ríkharðsson, Okkar bakarí
Karl Ómar Jónsson, Esja Gæðafæði
Stefán Sigurðsson, Vodafone
Ari Edwald, MS
Árni Stefánsson, Húsasmiðjan
Bjarni Bjarnason, Orkuveita Reykjavíkur
Höskuldur H Ólafsson, Arion banki hf.
Jens Garðar Helgason, Eskja
Margrét Sanders, Deloitte
Sigsteinn P. Grétarsson, Marel
Stefán Gunnarsson, Solid Clouds
Silja Dögg Ósvaldsdóttir, Fastland
Steinþór Pálsson, Landsbankinn
Stefán Þór Bjarnason, Arctica Finance
Haukur Oddsson, Borgun

Eftirfarandi samtök kosta birtingu áskorunarinnar. Yfir 2.000 fyrirtæki eiga aðild að Samtökum atvinnulífsins og aðildarsamtökum þeirra.
Sjö af hverjum tíu á almennum vinnumarkaði vinna fyrir þau. 99% fyrirtækjanna eru lítil eða meðalstór.

SAF
Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi
SFF SAMTÖK FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
SI Samtök iðnaðarins
SVÞ Samtök verslunar og þjónustu
SA

# Vigdís biðji Pál afsökunar

**STJÓRNMÁL** Stjórnarandstaðan gagnrýndi Vigdísi Hauksdóttur, formann fjárlaganefndar, harðlega á þingfundi í dag undir dagskrárliðnum störf þingsins.

Gagnrýnin er til komin vegna ummæla Vigdísar um að meirihluti fjárlaganefndar sé beittur andlegu ofbeldi og á meðal sökudólga sé Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans. Páll sagði í fréttatíma Stöðvar 2 á sunnudaginn meirihluta fjárlaganefndar hafa sakað stjórnendur Landspítalans um stöðugt væl.


Ásmundur Einar Daðason kom Vigdísi til varnar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Helgi Hjörvar, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, sagði það afskaplega mikilvægt að málefnaleg umræða ætti sér stað á nefndarfundum.

„En að sú umræða sé dregin niður á þetta plan, og ég vil leyfa mér að segja persónulega skítkast, það setur blett á þingið allt og störf þess,“ sagði Helgi.

Birgitta Jónsdóttir, þingflokksformaður Pírata, sagði nauðsynlegt að forseti þingsins gripi inn í.

„Ég vil að hæstvirtur forseti beiti sér í þessu máli þannig að hann eigi orðastað við háttvirtan þingmann og ég vona að háttvirtur þingmaður Vigdís Hauksdóttir biðji umræddan nefndargest afsökunar á orðum sínum,“ sagði Birgitta.

Ásmundur Einar Daðason, þingflokksformaður Framsóknarflokksins, kom Vigdísi til varnar og sagði hana ásamt ríkisstjórninni hafa sett meira fé í heilbrigðiskerfið en fyrri ríkisstjórn.

„Þá er það eitt sem að Vigdís Hauksdóttir formaður fjárlaganefndar á skilið, það er það að hún hefur ávallt verið tilbúin að forgangsraða í ríkisfjármálum með heilbrigðiskerfið að leiðarljósi,“ sagði Ásmundur. **– srs**





GJAFAKORT
BORGARLEIKHÚSSINS



Leikhúskvöld fyrir sælkera
Gjafakort fyrir tvo
og ljúffeng leikhúsmáltíð
12.500 kr.



Mamma Mia
Miði fyrir tvo á
ABBA söngleikinn sem
enginn má missa af
12.900 kr.



Njála
Miði fyrir tvo á Njálu
og eitt eintak af
Brennu-Njáls sögu.
12.200 kr.

MIÐASALA | 568 8000 | BORGARLEIKHUS.IS


# Ráðstefnan í París undir smásjá heimsins

**Leiðtogar heims ávörpuðu loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í París í gær. Forsætisráðherra Íslands hét stuðningi Íslands við hnattrænt umhverfisátak.**


Fjölda skópara var komið fyrir í París um helgina sem tákn um mótmælendur sem var meinað að mæta. Meðal þeirra var skópar í eigu Frans páfa. NORDICPHOTOS/AFP

**UMHVERFISMÁL** Leiðtogar og fulltrúar 195 þjóðríkja komu saman í París í gær til að semja um að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda. Hátt í 40 þúsund embættismenn eru saman komnir til að freista þess að ná samkomulagi um að halda hlýnun jarðar innan 2 gráðna á Celsíus. 183 ríki af þeim 195 sem taka þátt hafa lagt fram drög að áætlun um hvernig megi draga úr gróðurhúslofttegundum. Í gær ávörpuðu þjóðarleiðtogar ráðstefnuna en þeir hafa tvær vikur til að ná samkomulagi.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, forsætisráðherra Íslands, var einn þeirra sem ávörpuðu ráðstefnuna.

„Í dag er París undir smásjá heimsins og er vonarviti fyrir jarðarbúa,“ sagði Sigmundur. „Það er von mín að við munum ná samkomulagi um að koma í veg fyrir hörmungar af völdum loftslagsbreytinga.“

Þá vék Sigmundur að afstöðu Íslands og sagði áhrif loftslagsbreytinga mjög sýnileg á Íslandi.

„Ísland er í raun kennslustofa fyrir áhrif loftslagsbreytinga en án aðgerða gegn þeim gæti allur ís á Íslandi horfið á hundrað árum.“

Hann sagði að Ísland hefði afrekað mikið í þessu samhengi. Hann nefndi að búið væri að draga úr útblæstri orkuiðnaðarins og að nærri öll orka á Íslandi væru endurnýjanleg.

En við þurfum að gera meira. „Ríkisstjórn Íslands hefur lagt fram drög að áætlun um að hraða því að draga úr útblæstri í samgöngum, sjávarútvegi og landbúnaði.“

Hann sagði að Ísland væri tilbúið til að leggja lóð á vogarskálina til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, sér í lagi með því að dreifa þekkingu á bak við jarðvarmaorku.

Fjölmargir aðrir leiðtogar tóku til máls en vafalaust hefur verið beðið með mestri eftirvæntingu eftir orðum leiðtoga stærstu iðnríkja heims.

Vladimír Pútín Rússlandsforseti lýsti til að mynda þeirri skoðun sinni að ráðstefnan þyrfti að komast að bindandi samkomulagi en ekki ráðgefandi líkt og hefðin hefur verið.

Xi Jinping, forseti Kína, sagði að samkomulagið mætti ekki draga úr þróun ríkja og kallaði eftir réttlátri niðurstöðu þar sem efnaðri ríki legðu meira af mörkum.

Barack Obama Bandaríkjaforseti lagði áherslu á að ráðstefnan í París væri ögurstund í loftslagsmálum heimsins og að neikvæðni mætti ekki ráða för næstu tvær vikurnar.

**stefanrafn@frettabladid.is**



## Meginþættir í sóknaráætlun Íslands í loftslagsmálum

Aukin framlög til skógræktar, landgræðslu og endurheimtar votlendis

**Innviðir vegna rafbíla**
- Samvinna stjórnvalda við sjávarútveg og landbúnað um minnkun losunar
- Ísland í forystu alþjóðlegs átaks um nýtingu jarðhita
- Unnið að aðlögun vegna loftslagsbreytinga


Glæsilegar vörur á sérstöku jólaverði.
Jólabæklingurinn er kominn út. Sjá nánar á sminor.is.

SIEMENS
Bakstursofn
HB 23AB221S (hvítur)
Hagkvæmur með 67 lítra ofnrými. Fimm ofnaðgerðir.
Jólaverð: 89.900 kr.
Fullt verð: 119.900 kr.



SIEMENS
Kæli- og frystiskápur
KG 36VUW20 (hvítur)
Orkuflokkur A+.
„crisperBox“-skúffa.
LED-lýsing.
H x b x d:
186 x 60 x 65 sm.
Jólaverð: 74.900 kr.
Fullt verð: 94.900 kr.



SIEMENS
Þvottavél
WM 14E477DN
Tekur 7 kg, vindur upp í 1400 sn. Mjög stutt kerfi (15 mín.).
Orkuflokkur A+++.
Jólaverð: 84.900 kr.
Fullt verð: 104.900 kr.



Palma
Gólflampi
19901-xx
Fáanlegur í antíklit og stáli.
Jólaverð: 11.900 kr.
Fullt verð: 18.900 kr.



Umboðsmenn um land allt.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is




20 ára afmæli Ford hjá Brimborg

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

ford.is

Ford Fiesta, bensín 65 hö/EcoBoost 100 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. $CO_2$ 99 g/km.
Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hö, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. $CO_2$ 114 g/km.
Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# Allt stopp



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Í nágrenni Reykjavíkur, í víðum skilningi, búa þúsundir sem sækja vinnu og þjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Þar má nefna íbúa Reykjanesbæjar, Selfoss, Borgarness og nærsveita þessara bæja og fleiri staða sem eru í um klukkustundar fjarlægð frá höfuðborginni eða minna. Íbúum þessara svæða hefur fjölgað töluvert undanfarið án þess að störfum þar hafi fjölgað jafn mikið, þar sem íbúarnir sækja vinnu sína annað. Vegabætur eins og Hvalfjarðargöng og tvöföldun Reykjanesbrautar hafa stytt vegalengdina á milli þessara staða og höfuðborgarinnar töluvert þannig að auðveldara er að sækja vinnu annað en í heimabæ. Um er að ræða nokkurs konar Stór-Reykjavíkursvæði sem líta ber á sem eitt atvinnusvæði.

Í sóknaráætlun fyrri ríkisstjórnar, kallaðri 20/20, var lagt til að unnið yrði sameiginlegt skipulag fyrir suðvesturhorn landsins. Óvíst er hver afdrif þessarar áætlunar hafa verið en í henni kvað við nýjan tón þar sem atvinnusvæði áttu að vera skilgreind út frá íbúum og þörfum þeirra, frekar en póstnúmerum.

Fréttablaðið í dag greinir frá því að Vegagerðin sjái fram á að loka Suðurlandsveginum oftar en áður. Er það vegna þess að vegrið, sem komið hefur verið upp milli akreina, verður til þess að loka þarf fyrir umferð þegar veður er vont. G. Pétur Matthíasson, upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar, segir það stefnubreytingu að loka fremur oftar en sjaldnar. Tveir plús einn fyrirkomulagið og vegrið milli akreinanna veldur því að að rými ökumanna til að athafna sig og aka í kringum fasta bíla í vondum veðrum minnki. Einn fastur bíll getur orðið til þess að öll umferð stöðvist. Hin nýja stefna felst í því að afstýra vandræðum og loka fyrr og oftar. „Það er bara kostnaðurinn af því að bæta umferðaröryggið,“ segir G. Pétur.

Upphaflega höfðu forsvarsmenn Vegagerðarinnar óskað sér tvöföldunar en þegar efnahagshrunið skall á var ákveðið að hafa fyrirkomulagið tveir plús einn. Árið 2008 taldi vegamálastjóri að tveir plús einn vegur myndi „duga“, það myndi þó ráðast af því hvernig umferð þróaðist en um þetta leyti var minnkandi umferð um heiðina. Tveir plús tveir væri hins vegar það sem þyrfti og ætlunin var að tvöföldunin yrði einkaframkvæmd.

Yfir 6.000 bifreiðir aka yfir Hellisheiði á degi hverjum að jafnaði í báðar áttir. Það er fjöldi fólks og stór hluti á leið til og frá vinnu. Auk þess hefur umferð ferðamanna aukist umtalsvert og því ljóst að allt aðrar aðstæður eru uppi nú en fyrir tæpum áratug eða tveimur.

Þó að auðvitað skuli lofa forvarnaraðgerðir Vegagerðarinnar, að vilja frekar loka vegum oftar og áður en ökumenn lenda í vandræðum, verður að taka undir óskir stofnunarinnar um tvöföldun vegarins. Öryggissjónarmið mega ekki verða svo íþyngjandi að þau geri út um fyrri yfirlýsingar stjórnvalda um að líta beri á Reykjavíkurborg og nærsveitir sem eitt atvinnusvæði.

Vert væri að skipulagsyfirvöld á Stór-Reykjavíkursvæðinu kæmu saman til að dusta rykið af sóknaráætluninni 20/20. Suðurlandsundirlendið hlýtur að þurfa sömu samgöngubætur og önnur nágrannasvæði höfuðborgarsvæðisins. Tveir plús einn „dugar“ ekki lengur. Stór-Reykjavíkursvæðið er stærsta atvinnusvæði landsins og það hlýtur að vera bæði afar bagalegt og dýrt ef ein helsta samgönguæðin lokast oft og reglulega yfir vetrartímann.

> **Öryggissjónarmið mega ekki verða svo íþyngjandi að þau geri út um fyrri yfirlýsingar stjórnvalda um að líta beri á Reykjavíkurborg og nærsveitir sem eitt atvinnusvæði.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Umhverfisöfgarnar**
Loftslagsmál eru á allra vörum eftir að loftslagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna hófst í París í gær. Á Alþingi voru einnig umræður um loftslagsmál en Katrín Jakobsdóttir, formaður VG, spurði Sigrúnu Magnúsdóttur umhverfisráðherra út í það hvort ríkisstjórnin hygðist gera áætlun um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 40 prósent, áætlun um kolefnishlutleysi Íslands fyrir árið 2050 og hvort olían á Drekasvæðinu fengi að liggja í jörðu. Svar ráðherrans leyndi ekki á sér: „Ég hef alið mér miðjustefnu og það er mitt lífsgildi, ég tel að sígandi lukka sé yfirleitt best, ég er ekki öfgafull manneskja.“

**Sígandi lukka og sígandi jöklar**
Katrínu hefur varla fundist svör ráðherrans viðunandi. „Heyrist þetta vera einhvers konar tilbrigði við nei,“ segir formaðurinn græni á Facebook-síðu sinni um svar ráðherrans. Það er athyglisvert að ráðherrann trúi á sígandi lukku í umhverfismálum en ef hún hlustaði á ræður þjóðarleiðtoga heims á Parísarráðstefnunni í gær vissi hún eflaust að ögurstundin er nú. „Framtíðin er eitthvað sem við höfum vald til að breyta. Hér og nú!“ sagði einmitt annar annálaður miðjumaður í gær, ef marka má framsóknarmenn. En það var Barack Obama Bandaríkjaforseti.

stefanrafn@frettabladid.is

# Mýrarljós í loftslagsmálum



Sigríður Á. Andersen
alþingismaður

Nýlega barst mér svar umhverfisráðherra við fyrirspurn minni á Alþingi um skiptingu losunar koltvísýrings hér á landi. Í svarinu kemur fram að gróðurhúsalofttegundir myndast í miklu magni eftir að votlendi er ræst fram. Af framræstu landi stafa því 72% af heildarlosun gróðurhúsalofttegunda hér á landi. Til samanburðar er hlutur fólksbíla í heildarlosun tæp 4% og sjávarútvegs um 3%.

Þessi mikla losun frá framræstu landi skýrist af því að þegar vatni er veitt burt úr mýrunum á súrefni greiðari leið að lífmassanum sem þar hefur safnast um aldir. Þegar súrefnið gengur í samband við lífmassann myndast gríðarlegt magn gróðurhúsalofttegundanna koltvísýrings ($CO_2$) og hláturgass ($N_2O$). Hér er því um að ræða beina losun gróðurhúsalofttegunda, rétt eins og þegar steinolíu er brennt í þotu með gesti á leið á loftslagsráðstefnu.

Tölurnar í svari ráðherrans um þessa miklu losun eru samkvæmt nýjasta mati á losun gróðurhúsalofttegunda frá framræstu landi í leiðbeiningum loftslagsnefndar Sameinuðu þjóðanna IPCC.

Það er því mjög miður að í upplýsingum sem umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur dreift til fjölmiðla að undanförnu eru þessar nýjustu og nákvæmustu upplýsingar um losun frá framræstu landi ekki notaðar. Í glærukynningu ráðuneytisins fyrir fjölmiðla í síðustu viku til að mynda er losun frá framræstu landi sögð vera núll, engin.

Nú þegar kallað er eftir aðgerðum stjórnvalda í loftslagsmálum er hins vegar mikilvægt að réttar upplýsingar séu lagðar til grundvallar. Ég veiti því athygli að sumir þeir sem ákafast krefjast 40% samdráttar í losun nefna nær eingöngu samgöngur þegar þeir eru inntir eftir því hvar eigi að draga saman. Það er hins vegar ljóst af svari ráðherrans að kostnaðarsamar aðgerðir til að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda frá bílum hafa lítið að segja þar sem fólksbílaflotinn ber aðeins ábyrgð á tæpum 4% losunarinnar. Það er útilokað að heimilin í landinu verði látin bera himinháan kostnað vegna slíkrar erindisleysu.

> **Af framræstu landi stafa því 72% af heildarlosun gróðurhúsalofttegunda hér á landi. Til samanburðar er hlutur fólksbíla í heildarlosun tæp 4% og sjávarútvegs um 3%.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Þjóðargátt til nýs fullveldis



**Gauti Kristmannsson**
prófessor við HÍ

**Við þurfum því að taka menningu okkar, bæði arfleifðina og samtímasköpunina og finna þeim farveg þar sem við höfum stjórn á dreifingunni og sköpunarforsendum. Þetta á auðvitað helst við um þær greinar menningarinnar sem dreifa má með stafrænum hætti, tónlist, bókmenntir, kvikmyndir. Tónlistin er þegar komin langleiðina út í það ástand sem sjá má fyrir sér að ríki á öðrum sviðum. Stórfyrirtæki á borð við Spotify dreifa íslenskri tónlist og hirða bróðurpartinn af hagnaðinum sem hlustun á þá tónlist skapar. Hvað er þá til ráða?**

Í dag 1. desember fögnum við Íslendingar fullveldinu sem við fengum formlega fyrir tæpum 100 árum. Raunar fer lítið fyrir hátíðahöldum á þessum degi, okkur þykir þetta fullveldi einhvern veginn sjálfsagt. En er það svo? Pólitískt fullveldi okkar Íslendinga fékkst ekki einungis með samningaviðræðum við Dani, heldur fyrst og fremst vegna þess að við áttum það sem kalla má menningarlegt fullveldi þjóðar, okkar eigið tungumál, okkar eigin bókmenntir ritaðar á þessu tungumáli og okkar eigin sögu, skráða af okkur sjálfum.

Þetta eru ekki sjálfsagðir hlutir hjá lítilli nýlenduþjóð og þeir skiptu öllu máli í kröfum okkar um sjálfstætt, fullvalda ríki, því við upphaf nítjándu aldar var það naumast þjóð sem ekki átti þessa menningarlegu arfleifð sem við áttum, allra síst svo fámenn sem Íslendingar voru þá og eru raunar enn í alþjóðlegum samanburði.

**Tæknibyltingar**

Núna, tæpri öld eftir hinn pólitíska sigur stöndum við Íslendingar sem þjóð frammi fyrir síst minni áskorun, áskorun sem getur leitt til þess að við glutrum niður tengslunum við arfleifð okkar áður en við áttum okkur á því. Þetta snýst vitaskuld um tæknibyltingu tölvanna og Netsins og stöðu okkar í þeim heimi sem það skapar. Allar meiri háttar tæknibyltingar upplýsingamiðlunar hafa gríðarlegar breytingar í för með sér. Innleiðing ritmáls á Íslandi var ein, prentverkið önnur, útvarpið þriðja, sjónvarpið fjórða. Í öllum þessum tilfellum bárum við gæfu til að mæta þeirri áskorun með því að tengja þessar tæknibyltingar við menningararfleifð okkar og komum þannig í veg fyrir að hún rofnaði og yrði í mesta lagi að minnismerki um fyrri afrek.

Netið er auðvitað stórkostleg tæknibylting að mörgu leyti, þótt hún eigi sínar skuggahliðar og við höfum hamast nokkuð vel í þeim ólgusjó sem hún veldur. En það er auðvelt að missa af lestinni og það eru nokkur augljós hættumerki sem við verðum að huga að ef svo á ekki að fara. Þetta snýst ekki aðeins um þörfina fyrir aðlögun tölvutækninnar að íslensku máli, sem vissulega er forgangsmál og forsenda fyrir að ekki fari illa. Þetta er hins vegar stærra mál en svo; í hnattvæðingu Netsins gilda aðrar reglur en í hinum gamla heimi þjóðríkjanna með sín einangruðu mennta- og upplýsingakerfi. Í hnattvæðingu Netsins er íslenskur markaður undir einu prómilli að stærð og það er útilokað að við getum fótað okkar þar með svipuðum hætti og við gerðum á 20. öld, sem pólitískt fullvalda lýðræðisríki, ríki sem getur sett reglur og búið til sérhæfðar stofnanir til að viðhalda arfleifðinni og því menningarlega fullveldi sem gerir okkur að þeirri þjóð sem við erum.

**Hvað þarf að gera?**

Sú menningarlega sköpun sem fram fer í þessu landi byggir enn á því menningarlega fullveldi sem við höfum, en það getur orðið þannig að þessi sköpun verði að mestu leyti undir stjórn stórfyrirtækja úti í heimi. Þau hafa vitanlega arðsemi sína að leiðarljósi og lái þeim hver sem vill. En fái þau að stýra menningarneyslu Íslendinga og mestallri dreifingu þeirrar sköpunar sem fer fram í landinu, þá grefur það óhjákvæmilega hratt undan menningarlega fullveldinu og sköpuninni í landinu.

Við þurfum því að taka menningu okkar, bæði arfleifðina og samtímasköpunina og finna þeim farveg þar sem við höfum stjórn á dreifingunni og sköpunarforsendum. Þetta á auðvitað helst við um þær greinar menningarinnar sem dreifa má með stafrænum hætti, tónlist, bókmenntir, kvikmyndir. Tónlistin er þegar komin langleiðina út í það ástand sem sjá má fyrir sér að ríki á öðrum sviðum. Stórfyrirtæki á borð við Spotify dreifa íslenskri tónlist og hirða bróðurpartinn af hagnaðinum sem hlustun á þá tónlist skapar. Hvað er þá til ráða?

**Þjóðargátt íslenskrar menningar**

Við þurfum að skapa gátt fyrir íslenska menningu þar sem hægt er að dreifa íslenskri sköpun þannig að þeir sem starfa við hana fái eðlilegan arð af vinnu sinni; við þurfum gátt fyrir menningararfleifðina þar sem hægt er að sýna hana um allan heim á Netinu og stuðla að varðveislu hennar; við þurfum gátt sem viðheldur tungunni og samhenginu í menningunni, við þurfum eina Þjóðargátt þar sem allir geta komið sinni sköpun að, listamenn, fyrirtæki, söfn og mennta- og ferðamálayfirvöld.

Ef við náum þverpólitískri samstöðu (því öðruvísi gerist það ekki) gætum við orðið fyrsta fullvalda ríkið sem viðheldur fullveldi sínu á nýrri öld Netsins með því að nýta sér tækifæri þess til að dreifa sjálf sköpunarverkum þjóðarinnar, án þess að stórfyrirtæki utan lands hirði bróðurpartinn af arðinum. Þjóðin yrði sjálf í áskrift að þessari þjónustu með streymi og allir utan lands, sem áhuga hafa á íslenskri menningu, bókmenntum, kvikmyndum, tónlist hefðu aðgang að þessari þjónustu fyrir sanngjarnt gjald. Aðalatriðið er að þessi þjóðargátt yrði ekki rekin með hagnaðarsjónarmiðum og að allir, sem hér sinna sköpun sem dreifa má stafrænt, hefðu aðgang að henni fyrir sín verk. Þannig væri slík gátt ekki einungis menningarleg nýsköpun, heldur einnig lýðræðisleg.

En tíminn er naumur, verði ekki brugðist við núna og tekið á þessu með myndugleik verður þess kannski ekki langt að bíða að við verðum nýlenda aftur, ekki endilega í pólitískum skilningi, heldur menningarlegum. Fullveldið er nefnilega ekkert sjálfsagður hlutur, það þarf að endurnýja það í breyttum heimi og það gerir enginn fyrir okkur.

# Peningana eða lífið



**Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir**
alþingismaður

**Læknar eru settir í þá erfiðu stöðu að útskýra fyrir sjúklingi sínum að nauðsynlegt lyf standi honum ekki til boða vegna þess að ákveðnum fjölda sjúklinga hafi þegar verið náð.**

Hvers konar heilbrigðiskerfi er það sem hættir að gefa sjúku fólki lyfið sem það þarf, daginn eftir að áætlaður lyfjakvóti – eða öllu heldur sjúklingakvóti – hefur verið uppfylltur? Hvernig líður þeim sem tekið hefur slíka ákvörðun? Að ekki sé minnst á þá sem þurfa að útskýra fyrir sjúklingi, kannski ungum krabbameinssjúklingi, að hann fái ekki nauðsynlegt lyf af því hann hafi orðið „of seinn“? Hann hafi nefnilega greinst eftir að „kvóti ársins“ var uppfylltur, til dæmis eftir 15. apríl á þessu ári.

Þetta er engu að síður veruleikinn á Íslandi, eftir að tekinn var upp sá háttur að binda greiðsluþátttökuheimild frá lyfjagreiðslunefnd fyrir tiltekin lyf við ákveðinn fjölda sjúklinga.

Áður en þessi tilhögun var tekin upp var miðað við að sjúklingur með staðfestan sjúkdóm sem upfyllti ákveðin læknisfræðileg skilyrði fékk lyfið sem hann þurfti óháð því hversu margir aðrir sjúklingar voru að taka það. Afleiðingin af breytingunni er hins vegar sú, að daginn eftir að „kvótinn“ er uppfylltur, getur nýr sjúklingur ekki fengið besta fáanlega lyfið við sínum veikindum. Þannig er staðan í dag, séu læknar að fara eftir þeim reglum sem heilbrigðisráðuneytið setur, sem maður skyldi ætla.

Strax í apríl síðastliðnum var heilbrigðisráðherra gerð grein fyrir því, með bréfi frá formanni lyfjanefndar LSH (dags. 15. apríl 2015), að þá þegar væru fullnýttar allar heimildir fyrir krabbameinslyfin Jevtana og Kadcyla, gigtarlyfið Benlysta og augnlyfin Ozurdex og Eylea, og að nýir sjúklingar sem þyrftu á lyfjunum að halda fengju þau ekki lengur.

Bréf lyfjanefndar er grafalvarlegur vitnisburður um hve þungbært það er fyrir lækna að fara eftir þessum reglum. Þar er bent á að það misrétti sem felst í því að setja kvóta á fjölda sjúklinga sé óásættanlegt, auk þess setji það lækna „í þá erfiðu stöðu að útskýra fyrir sjúklingi sínum að nauðsynlegt lyf standi honum ekki til boða vegna þess að ákveðnum fjölda sjúklinga hafi þegar verið náð“. Er því næst skorað á ráðherra að afnema fjöldatakmörkun sjúklinga varðandi ákveðin lyf hið fyrsta.

**Bréf ráðherra ömurleg lesning**

Svar Kristjáns Þórs Júlíussonar heilbrigðisráðherra við þessu ákalli (dags. 21. apríl 2015) er ömurleg lesning. Ráðherrann vísar til fjárheimilda sem ákveðnar séu af Alþingi á fjárlögum hvers árs og þess vegna sé „nauðsynlegt að forgangsraða“ og „gæta aðhalds“.

Í 1. gr. laga um heilbrigðisþjónustu (40/2007) er kveðið á um rétt fólks til þess að njóta „fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegri, líkamlegri og félagslegri heilbrigði“. Réttur fólks að þessu leyti byggir á 76. gr. stjórnarskrárinnar og birtist einnig í félagsmálasáttmála Evrópu og alþjóðasamningi um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi sem Ísland er aðili að. Það er þess vegna snautleg afgreiðsla – en segir auðvitað sína sögu – að heilbrigðisráðherra skuli vísa til fjárlaga, en ekki heilbrigðislaga, þegar málið snýst um rétt fólks til lífs og lækninga.

Hvers konar samfélag er það sem virðir ekki sín eigin grunngildi, sína eigin löggjöf og stjórnarskrá, gagnvart veikum samborgurum sínum? Hvers konar stjórnvöld eru það sem setja fjárveitingar ofar réttinum til lífs og lækninga? Það er auðvitað með öllu óásættanlegt að læknum sé gert að neita sjúklingum sem standa frammi fyrir hættulegum sjúkdómum um þá lyfjagjöf sem væri þeim fyrir bestu vegna þess að of margir hafi fengið lyfið á undan viðkomandi.

Einn af hornsteinum siðaðra samfélaga er heilbrigðiskerfið og sú samfélagssátt sem aldrei fyrr hefur verið rofin á Íslandi að hlúð skuli að veiku fólki án þess að því sé mismunað. Með öðrum orðum: Það er forgangsmál að heilbrigði og heilsa séu í fyrirrúmi, og að sá réttur gangi ofar fjárlögum. Líf er líf.

Klasasetur Íslands

Stefnumótun – Samkeppnishæfni og árangur klasa

Aðgangur ókeypis, allir velkomnir
**Dagsetning:** fimmtudagur 3. desember
**Staður:** Hvammur, Grand Hótel Reykjavík
**Skráning:** nmi.is

Dagskrá:

Fundarstjóri: Magnús Smári Snorrason, Háskólinn á Bifröst

Kl. 09:00 – 09:10 **Ávarp:** Hallgrímur Jónasson, forstöðumaður Rannís, Rannsóknamiðstöð Íslands

Kl. 09:10 – 09:15 **Klasasetur Íslands**
Berglind Hallgrímsdóttir, Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Kl. 09:15 – 09:25 **Miðlun þekkingar um klasa – Þáttur háskólanna**
Runólfur Smári Steinþórsson, Háskóli Íslands

Kl. 09:25 – 09:55 **Að skilja og greina við mótun stefnu – Dæmisögur af árangri**
Maria Luisa Blazquez, frá háskólanum Pontificia Conillas, ICADE og IESE Business School

Kl. 09:55 – 10:05 **Sjónarmið stjórnvalda**
Elvar Knútur Valsson, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti

Kl. 10:05 – 10:20 **Kynning á nýju klasaframtaki**
Kynnir Ögmundur Haukur Knútsson, Háskólinn á Akureyri
**Álklasinn** – Guðbjörg Óskarsdóttir
**Heilbrigðisklasinn** – Friðfinnur Hermannsson
**Hönnunarmiðstöð íslands** – Halla Helgadóttir

Kl. 10:20 – 10:30 **Ársrit klasa – kynning og kortlagning klasa á Íslandi**
Hannes Ottósson, Nýsköpunarmiðstöð Íslands
**Ráðstefnulok**

Kl. 10:30 til 12:00 **Vinnustofa fyrir klasastjóra með Mariu Luisa Blazquez**
Unnið verður með lykilatriði breytingastjórnunar fyrir klasa og farið yfir dæmisögur af vettvangi. Léttar veitingar á meðan vinnustofu stendur.

Maria Luisa Blazquez

**Maria Luisa Blazquez** er prófessor í háskólanum Pontificia Conillas, ICADE og kennir einnig við IESE Business School á Spáni. Sérsvið hennar er stefnumótun, samkeppnihæfni og klasar. Maria Luisa starfar náið með European Foundation for Cluster Excellence og hefur viðamikla reynslu sem ráðgjafi hjá Arthur D. Little and Gemini ráðgjafafyrirtækinu.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands · HÁSKÓLI ÍSLANDS · HÁSKÓLINN Á BIFRÖST BIFRÖST UNIVERSITY · Háskólinn á Akureyri

# Þorskar á þurru landi?



**Sigurjón Baldur Hafsteinsson**
prófessor við Háskóla Íslands

Í nýlegri grein í The New York Times er haft eftir Andra Snæ Magnasyni rithöfundi að á Íslandi séu engar rústir eða víkingaskip til að sanna með hvaða hætti Íslendingar hafi numið land. Vegna þess, segir hann, dregur fólk þá ályktun að Íslendingar séu komnir af þorskum. Andri Snær bætir því svo við að Íslendingar hafi alltaf kynnt sig sem þjóð sem segir sögur og að sögur hafi, fram að komu Bjarkar Guðmundsdóttur, verið eina framlag Íslendinga til heimsmenningarinnar.

Eftir lestur á þessum orðum vakna ýmsar spurningar. Ef það eru engar rústir á Íslandi, hvert er þá hlutverk Minjastofnunar Íslands sem starfar eftir lögum um menningarminjar? Er verið að setja lög á Alþingi um lygavef að hér á landi séu fornleifar, eins og leifar af mannvirkjum, rústum? Og hvert hefur verið hlutverk Þjóðminjasafns Íslands í rúmlega 150 ár? Hafa starfsmenn safnsins verið að vinna við að spinna lygar í störfum sínum s.s. þegar þeir eru að skrifa um rústir á síðum Árbókar Hins íslenska fornleifafélags frá árinu 1881 til dagsins í dag? Á undanförnum áratugum hafa tugir ef ekki hundruð fornleifafræðinga verið að grafa í rústir hér á landi og fundið þúsundir ef ekki tugþúsundir gripa. Eru þessir fræðingar að grafa í eitthvað sem er ekki til staðar?

Orð Andra Snæs um framlag Íslendinga til heimsmenningarinnar, er einnig tilefni til spurninga. Hver er þessi heimsmenning sem Andri Snær er að tala um? Frá hvaða sjónarhóli er hann að tala? Getur verið að orð Andra Snæs eigi ættir að rekja til yfirlætislegra sjónarmiða efri stétta í Evrópu, sem gerðu sér sérstakt far um að gera lítið úr flestu sem þær höfðu ekki hugsað eða gert sjálfar? Sú spurning vaknar einnig af orðum Andra Snæs hvort þúsundir Íslendinga, sem byggt hafa upp söfnin í landinu með gjöfum eða vinnu sinni, hafi ekki verið að leggja sitt af mörkum til heimsmenningarinnar? Ef heimsmenninguna er eingöngu að finna á erlendum söfnum, eru þá minjar og listaverk frá Íslandi, sem þar eru varðveitt, eins og hvert annað rusl, sem hefur ekkert gildi? Er endurheimt Þjóðminjasafns Íslands á efnislegum minjum frá söfnum í Danmörku og Svíþjóð síðastliðna áratugi kannski sönnun þess að framlag Íslendinga til heimsmenningarinnar er ekki neitt?

**Getur verið að orð Andra Snæs eigi ættir að rekja til yfirlætislegra sjónarmiða efri stétta í Evrópu, sem gerðu sér sérstakt far um að gera lítið úr flestu sem þær höfðu ekki hugsað eða gert sjálfar?**

Það þarf ekki að koma á óvart, en við lestur á orðum Andra Snæs, koma upp í hugann aldagamlar lygasögur af Íslendingum og lifnaðarháttum þeirra. Margir hafa kokgleypt þessar sögur og hefur það rekið suma Íslendinga til þess að malda í móinn í gegnum tíðina. Líklegast er bók Arngríms Jónssonar, Crymogæa, einna þekktast af þeim varnarritum. Bókin kom út 1609 og var ætlað að leiðrétta lygasögur um að á Íslandi væri fólk eins og þorskar á þurru landi.

**Sál mín heldur sér fast við þig, hægri hönd þín styður mig...**
www.versdagsins.is

# Ritmálið, talmálið og Snorri



**Ari Páll Kristinsson**
rannsóknarprófessor á Árnastofnun

Tvennt stendur upp úr í umræðunni um stöðu íslenskrar tungu þessa dagana.

Annars vegar er það að fleiri og fleiri átta sig á því hve það er brýnt að þjóðtunga Íslendinga verði nothæf og notuð í heimi stafrænnar tækni – og reyndar barst sú ánægjulega frétt á degi íslenskrar tungu að stjórnvöld og fyrirtæki hygðust blása til langþráðrar sóknar á því sviði.

Hins vegar verður vart við gamalkunnar áhyggjur af því að færni í vandaðri málnotkun fari þverrandi. Þá er til dæmis átt við að fólk segi eða skrifi „víst að þú ferð ætla ég líka“ í stað „fyrst þú ferð ætla ég líka“ eða „ég er ekki að skilja þetta“ en ekki „þetta skil ég ekki“. Það er auðvitað misjafnt hvenær fólki þykir nauðsynlegt að vanda mál sitt en fæstir tala eins og upp úr bók alla daga. Í öllum rituðum tungumálum er nokkur munur á málsniði svokallaðs vandaðs ritmáls annars vegar og daglegs talaðs máls hins vegar. Meðal annars er algengt í íslensku að sami málnotandi noti ýmsar erlendar slettur í tali en sneiði hjá þeim í rituðu máli.

Matið á því hvers konar málfar á við í hvaða aðstæðum breytist með tímanum, bæði í samfélaginu almennt og í huga hvers og eins. Samt sem áður er og verður öllum mikilvægt að kunna skil á vönduðu máli.

**Ég nota stundum þá myndlíkingu að ritmálsstaðallinn sé fastastjarna en síkvika talmálið sé á sporbaug í kringum þessa miðju en fari aldrei úr sambandi við hana. Ég held að við eigum ekki að hverfa frá því að kenna ungu fólki þennan ritmálsstaðal.**

### Brú úr talmáli nútímans

Segja má að á síðari hluta síðustu aldar hafi verið orðinn til býsna þéttur „staðall“ um vandaða íslensku; ritmálsstaðall. Hann er í raun brú úr talmáli nútímans yfir í samfellda ritmálið sem þjóðin á frá upphafi sínu og varðveitir okkar merkustu bókmenntir. Ég nota stundum þá myndlíkingu að ritmálsstaðallinn sé fastastjarna en síkvika talmálið sé á sporbaug í kringum þessa miðju en fari aldrei úr sambandi við hana. Ég held að við eigum ekki að hverfa frá því að kenna ungu fólki þennan ritmálsstaðal. Það má vel reyna hér eftir sem hingað til. Helstu atriðum hans er lýst í kennslubókum og orðabókum og einnig leyfi ég mér að benda á kafla mína í Handbók um íslensku þar sem einnig er rætt um þær forsendur sem að baki búa. Þá eru notadrjúgar leiðbeiningar á vef Árnastofnunar.

Auðvitað skrifum við ekki eins og Snorri Sturluson og eigum ekki að gera það þótt við getum enn komist án vandkvæða í gegnum Heimskringlu. En ef viðmiði um vandað ritmál í t.d. kennslubókum og fréttamiðlum verður breytt of mikið eða hratt gæti svo farið að við næstu aldamót hefði hinn lesandi unglingur enga brú lengur til að geta notið texta fyrri tíðar á frummálinu.

Meðferð nauðgunarmála og viðhorf til brotanna

Málþing á vegum lagadeildar Háskólans í Reykjavík í samstarfi við Háskólann á Bifröst.

Fimmtudaginn 3. desember kl. 13-17 í stofu V-101

Dagskrá

@haskolinn
#haskolinnrvk

13:00 Setning

13:10 Hvað einkennir nauðgunarbrot sem kærð eru til lögreglu?
Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, sviðsstjóri lögfræðisviðs Háskólans á Bifröst, segir frá niðurstöðum rannsóknar um einkenni og afdrif nauðgunarmála sem lögregla rannsakaði á árunum 2008 og 2009.

13:40 „Ég trúði henni ekki í fyrstu af því ég taldi mig vita að hún væri tiltölulega lauslát“
Svala Ísfeld Ólafsdóttir, dósent við lagadeild HR, segir frá niðurstöðum rannsóknar á dómum Hæstaréttar um nauðgun unglingsstúlkna.

14:10 Sönnunargögn og sönnunarmat dómstóla
Símon Sigvaldason, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur og formaður dómstólaráðs.

14:40 Kaffihlé

15:00 „Þá kviknar bara eitthvað út í bæ sko sem síðan verður bara að þessu ógeði“
Guðrún Katrín Jóhannesdóttir, meistaranemi í félagsfræði, fjallar um niðurstöður rannsóknar á viðbrögðum við nauðgunarkærum í litlum bæjarfélögum.

15:30 Á ég að kæra? Áskoranir þolenda kynferðisbrota við ákvörðun um kæru
Berglind Guðmundsdóttir, yfirsálfræðingur sálfræðiþjónustu geðsviðs Landspítala og dósent við Læknadeild Háskóla Íslands.

16:00 Kynferðisbrot í fjölmiðlum: Úthald og fréttamat
Þorbjörn Broddason prófessor.

16:30 Umræður og fyrirspurnir

17:00 Málþingslok

Fundarstjóri:
Ólafur Börkur Þorvaldsson, dómari við Hæstarétt Íslands.

Málþingið er öllum opið og aðgangur ókeypis.
Ef þörf er frekari upplýsinga sendið póst á svala@ru.is

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

# Ef okkur er ekki sama um framtíð barnanna...



**Margrét Júlía Rafnsdóttir**
verkefnastjóri innlendra verkefna hjá Barnaheillum – Save the Children á Íslandi

Þá drepum við á bílvélinni þegar bíllinn er kyrrstæður, því það er óþarfi að brenna meira jarðefnaeldsneyti en þörf krefur.

Þá hjólum við, göngum og notum almenningssamgöngur eins og kostur er.

Þá minnkum við neyslu, því af flest allri framleiðslu og flutningi hlýst mengun.

Þá kaupum við vörur sem eru framleiddar nálægt heimabyggð okkar og hafa ekki ferðast um langan veg, því það sparar eldsneyti.

Þá endurnotum við, endurnýtum og flokkum allt sorp, því það er betra að nýta hráefni aftur og aftur í stað þess að taka nýtt úr auðlindum jarðar.

Þá hugsum við til barnanna okkar í öllum gjörðum okkar, því framtíðin er þeirra.

Ein helsta ógn barnanna okkar eru loftslagsbreytingar og meginorsakavaldur þeirra er brennsla á jarðefnaeldsneyti, svo sem olíu. Ef ekki verða tafarlausar breytingar munu börnin okkar og börn framtíðarinnar þurfa að kljást við eitt stærsta verkefni sem nokkur kynslóð hefur þurft að kljást við; alvarlegar afleiðingar loftslagsbreytinga.

Börn, ekki síst á hinum fátækari svæðum heims, munu missa heimili sín vegna hækkunar sjávarborðs, börn þurfa að kljást við auknar sveiflur í veðurfari og aukinn hita, íslensk börn þurfa jafnvel að standa frammi fyrir þeim veruleika með fjölskyldum sínum að Ísland verði ekki byggilegt sökum áhrifa loftlagsbreytinga á hafstrauma og fiskimið.

**Barnaheill vilja hvetja stjórnvöld og almenning allan til að vinna gegn loftslagsbreytingum og tryggja þannig börnum heimsins viðunandi framtíð.**

### Réttindi barnanna

Börnin okkar eiga rétt á því að við hugsum um þeirra hag og látum af eigingirni neysluhyggjunnar.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru mannréttindasamtök, sem vinna að réttindum og velferð barna með barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem leiðarljós í öllu starfi. Samtökin vilja að tryggt sé að öll heimsins börn í nútíð og framtíð njóti þeirra réttinda sem þeim ber samkvæmt Barnasáttmálanum. Mikilvægt er að stuðla að jafnrétti milli heimshluta og einnig milli kynslóða til að komandi kynslóðir geti notið réttinda sinna, búið við öryggi og vernd og uppfyllt þarfir sínar, ekki síður en núlifandi kynslóðir.

Til að jörðin verði áfram byggileg, þarf að nýta auðlindir með sjálfbærum hætti, minnka sóun, vinna gegn loftslagsbreytingum, vernda vistkerfi, vinna að jöfnuði í heiminum, gæta jafnræðis og uppræta fátækt. Jafnframt þarf að stunda lýðræðisleg vinnubrögð, efla þátttöku barna og ungmenna í samfélagsmálum og taka mið af fjölbreytileika samfélaga.

Við höfum stuttan tíma, því miður. Barnaheill vilja hvetja stjórnvöld og almenning allan til að vinna gegn loftslagsbreytingum og tryggja þannig börnum heimsins viðunandi framtíð.



DAGUR REYKSKYNJARANS

# VAKA REYKSKYNJARAR

## YFIR ÞÉR OG ÞÍNUM?

*Dagur reykskynjarans er 1. desember.*

***Notum hann öll til að:***

- Prófa reykskynjarana og skipta um rafhlöður ef þess gerist þörf.
- Kaupa og setja upp reykskynjara ef enginn eða aðeins einn reykskynjari er fyrir. Þeir eiga að vera tveir eða fleiri á hverju heimili.
- Setja upp reykskynjarann sem búið er að kaupa en hefur ekki komist lengra en ofan í skúffu eða inn í skáp.

*Eldvarnabandalagið óskar landsmönnum öllum þess að hátíðin sem fer í hönd verði slysalaus og gleðileg.*

*Förum varlega!*

[ELDVARNA] bandalagið

**Eldvarnabandalagið** er samstarfsvettvangur um auknar eldvarnir. Aðild að því eiga: Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands, Félag slökkviliðsstjóra, Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Mannvirkjastofnun, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., Slysavarnafélagið Landsbjörg, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, TM hf., Vátryggingafélag Íslands hf. og Vörður tryggingar hf.

**www.mvs.is**

# Marklausar yrðingar alþingisbola



**Vilhjálmur Hjálmarsson**
einstaklingur með ADHD

**Mér væri ljúft og skylt að senda Haraldi nokkra tengla til upplýsingar.**

Mig setti hljóðan við orð Haraldar Einarssonar á Alþingi þann 12. nóvember, þar sem þingmaðurinn fullyrti „að draga [mætti] úr eða nánast lækna 63% þeirra sem greinast með ADHD með breyttu mataræði“. Máli sínu til stuðnings vísaði Haraldur til bókarinnar Meltingarvegurinn og geðheilsa eftir Dr. Natöshu Campbell-McBride. Sagði efnið nokkuð torlesið, en ítrekar að höfundur rökstyðji mál sitt rækilega.

Samkvæmt heimasíðu Alþingis stundar 8. þingmaður Suðurkjördæmis háskólanám og ætti því að vera fær um að staðreyna gildi heimilda. Í einhverjum heimóttarskap yfirsést Haraldi þó að Dr. Campbell-McBride hefur aldrei lagt fram gögn sem styðja fullyrðingar hennar, hvað þá gert öðrum kleift að staðreyna þær.

Slæmt mataræði, hvað þá fæðuóþol eða ofnæmi, setur alla út af laginu. Ég hef sjálfur reynt að slíkt getur ýtt undir neikvæð einkenni ADHD. En Dr. Campbell-McBride vill meina að GAPS mataræðið jafnvel „lækni“ meðfædda taugaþroskaröskun á borð við ADHD, svo ekki sé minnst á einhverfu, þráhyggju, geðklofa ... listinn teygir sig í hundraðið! Hingað til hafa flestar gagnreyndar rannsóknir staðfest að stórkostleg breyting á mataræði er svo mikið inngrip í daglegt líf einstaklings að engin leið er að draga ályktanir hvað ADHD varðar. Því kemur varla á óvart að vafi leiki á læknisfræðilegri menntun Dr. Campbell-McBride, en vissulega nam hún síðar næringarfræði og selur grimmt bækur og fæðubótarefni sem byggja á hugmyndum hennar. Mér væri ljúft og skylt að senda Haraldi nokkra tengla til upplýsingar.

Á haustfundi Framsóknarflokksins fann formaður sig knúinn til að kvarta yfir ótrúlegu „umburðarlyndi fyrir bulli og rangfærslum“. Með eftirfarandi orð í huga bið ég Sigmund Davíð vinsamlegast að huga að eigin framsóknarkálfum áður en lengra er haldið:

*Það er mikið af marklausum yrðingum*
*hjá mönnum sem tala með virðingu*
*um þessa alþingisbola*
*sem ætti ekki að þola*
*nema í nautheldum girðingum.*

(höf. Jóhann S. Hannesson, Hlymrek á sextugu)




# Landspítali + háskóli = sönn ást



**Sæmundur Rögnvaldsson**
5. árs læknanemi og formaður Félags læknanema

**Það er staðreynd að stór hluti HÍ verður að vera á sama stað og Landspítali ef ekki á að draga úr þjónustu, rannsóknarstarfi og samþættingu rannsókna og klínískrar starfsemi.**

Á síðasta ári stunduðu 1.293 háskólanemar á 22 mismunandi námsbrautum nám sitt á Landspítala. Ég var einn þessara nema og fyrir okkur er Landspítali ekki bara sjúkrahús heldur kennslustofa og þjálfunaraðstaða. Á Landspítala hef ég lært flest það mikilvæga sem ég kann í læknisfræði, að tala við mjög veikt og kvíðið fólk, sauma sár, velja réttu sýklalyfin og margt fleira. Ég gerði BS-rannsóknina mína við Landspítala líkt og hundruð annarra nema sem skila BS-, BA-, meistara- eða doktorsritgerð í HÍ og HR á hverju ári. Þar þróaði ég setninguna „Ég sé að þú hefur fengið stærsta herbergið“ til að kæta þá sem þurftu að liggja á ganginum vegna plássleysis og þar hef ég séð að ástandið er algjörlega óviðunandi.

**Vanrækt aðalatriði í umræðunni**

Flestum virðist ljóst að reisa þurfi nýjan Landspítala en staðsetning nýs spítala hefur orðið talsvert hitamál og umræðan einkum snúist um umferðarmál. Hringbraut varð fyrir valinu í kjölfar ítarlegrar greiningarvinnu sem m.a. tók tillit til nálægðar við HÍ. Í umræðunni virðist þessi þáttur nú hafa verið settur í annað, ef ekki þriðja sæti. Gagnrýnendur telja að nálægð háskóla sé óþarfi þar sem að á nýja spítalanum verði aðstaða fyrir nemendur og hægt er að senda tölvupóst milli stofnana. Ég hef fengið að vera hluti af því mennta- og rannsóknarstarfi sem fer fram á Landspítala og ég held að þetta sé stórkostlegt vanmat á mikilvægi sambands háskóla og Landspítala og nálægðar í því samhengi. Ég er ekki tilbúinn að samþykkja að það eina sem skiptir máli við val á staðsetningu nýs spítala sé hvernig best er að keyra þangað.

**Háskólasjúkrahús er betra sjúkrahús**

Ég skynjaði það fljótt að Landspítali er háskólasjúkrahús. Kennslan er metnaðarfull og í fyrirlestrum mátti líta gröf og tilvitnanir úr tímamótarannsóknum eftir kennarann. Mér varð ljóst að á Landspítala er öflugt þekkingarsamfélag á heimsmælikvarða. Kennsla leiðir af sér nýjar kynslóðir heilbrigðisstarfsfólks auk þess sem hún viðheldur þekkingu kennaranna. Vísindastarf skilar nýrri þekkingu til sjúklinga mörgum árum áður en hún ratar í kennslubækur. Margir heilbrigðisstarfsmenn starfa því bæði fyrir háskóla sem kennarar og vísindamenn og fyrir spítala sem heilbrigðisstarfsfólk. Þannig sinna þau tveimur störfum sem tvinnast í eitt á Landspítala og geta veitt þjónustu sem ekki fengist með öðrum hætti.

**Nálægð skiptir máli**

Nálægð sjúkrahúss og háskóla er lykilatriði í góðu og frjóu samstarfi. Það er ómetanlegt fyrir sjúkrahús að vera huglægur hluti af háskóla en ávinningurinn er illa áþreifanlegur. Samnýting tækjabúnaðar, persónulegar og stuttar boðleiðir og auðvelt aðgengi að sjúklingum, starfsfólki og rannsóknargögnum eru hins vegar afar áþreifanleg dæmi um þætti sem krefjast nálægðar og skerðast ef spítali og háskóli eru færðir í sundur. Nú rís þekkingarklasi í Vatnsmýrinni þar sem HÍ, HR, DeCode og Alvogen ryðja veginn fyrir heilbrigðistengda nýsköpun á Íslandi. Með nánu samstarfi við þessa aðila skapast gríðarleg tækifæri fyrir heilbrigðiskerfi og efnahag sem skerðast til mikilla muna með aukinni fjarlægð. Þess vegna leitast öll helstu háskólasjúkrahús í heimi við að umkringja sig svipuðum þekkingarklasa og þeim sem rís nú í Vatnsmýrinni.

**Farsæl sambúð í stað fjarbúðar**

Landspítali er undirstaða menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum á Íslandi. Á þannig stofnun vil ég starfa. Það er staðreynd að stór hluti HÍ verður að vera á sama stað og Landspítali ef ekki á að draga úr þjónustu, rannsóknarstarfi og samþættingu rannsókna og klínískrar starfsemi. Þetta er ekki aukaatriði eins og sumir vilja meina. Þetta er aðalatriði sem ekki má líta framhjá. Sjúklingurinn er í fyrsta sæti og með því að setja rannsóknir og menntun í öndvegi tryggjum við öfluga heilbrigðisþjónustu fyrir sjúklinga dagsins í dag og sjúklinga framtíðarinnar. Þetta fæst ekki með fjarbúð. Þetta fæst með sambúð tveggja stofnana sem eru svona svakalega skotnar hvor í annarri.

# Til verndar höfundum eða milliliðum?



**Ásta Guðrún Helgadóttir**
þingmaður Pírata

**Hagsmunir höfunda og rétthafa fara ekki alltaf saman, hvað þá hagsmunir innheimtusamtaka.**

Breytingar á höfundalögum eru í vændum og þá er vert að huga að þeim breytingum sem eiga sér stað. Endurskoðun laga um höfundarétt og afleidd réttindi hans er tímabær og einn hornsteina þeirra stjórnmálasamtaka sem ég tilheyri, Pírötum. Höfundaréttur er nefnilega dæmi um lög, sem voru sett út frá ákveðnum forsendum sem ekki eiga endilega við lengur. Það þarf að endurskoða forsendur þeirra.

Innan höfundalaga eru tvær forsendur sem takast á: Annars vegar er það siðferðislegur réttur höfundar til að vera kenndur við verk sitt og stjórna fyrstu birtingu verka sinna. Hins vegar eru það efnahagsleg réttindi sem eru tryggð með afleiddum réttindum höfundaréttar.

Siðferðislegur réttur höfunda byggist á þeirri hugmynd að sérhver sé höfundur orða sinna og verði það alltaf. Það getur enginn tekið orðin af manni. Þetta er grundvöllur alls höfundaréttar og sá hluti höfundaréttar sem ég vil standa vörð um. Þessi réttindi eru ekki framseljanleg. Það sama er ekki hægt að segja um afleidd réttindi.

Afleidd réttindi höfundaréttar eru fjölmörg. Í máli lögfræðinga kallast þau rétthafaréttur. Öll eiga þau það sameiginlegt að vera samtvinnuð efnahagslegum ávinningi tengdum verkum höfunda. Þetta eru einkaleyfi á því að flytja, dreifa, birta eða gefa út ákveðin verk, eftir samkomulagi við höfunda.

Rétthafaréttur er ekki höfundaréttur í þeim siðferðislega skilningi sem grunnhugmyndin er byggð á. Hægt að rekja hann aftur til miðalda, til borgríkis Lundúna þar sem einkaleyfi voru gefin út til að fá að prenta bækur. Síðar samtvinnuðust þessi efnahagslegu réttindi við siðferðislegan rétt höfunda. Úr varð vafningur siðferðislegra og efnahagslegra réttinda þar sem erfitt er að greina hvað er hvað.

Höfundalög geyma margslungin réttindi í íslenskum lögum. Í þeim má finna bæði grunnforsenduna að vera kenndur við verk sitt og afleidd réttindi hennar. Rétthafar eru þó ekki endilega höfundar. Sumir höfundar eru rétthafar, en ekki allir rétthafar eru höfundar. Höfundar framselja í ríkum mæli efnahagsleg réttindi sín, leyfi til að birta, dreifa og gefa út verkin. Oftar en ekki eru það útgáfufyrirtæki eða stærri einingar sem fara með þessi réttindi í nafni höfunda.

**Ólíkir hagsmunahópar**

Þetta er sá hluti höfundalaga sem ég set spurningamerki við. Höfundalög eiga að þjóna hagsmunum höfunda og styrkja þá í sambandi sínu við handhafa útgáfuréttarins og dreifingaréttarins. Rétthafarétturinn hefur fengið of sterkt vægi og honum er blandað um of við höfundaréttinn með því að setja hann inn í höfundalög. Þarna eru oft ólíkir hagsmunahópar.

Nú stendur til að gefa innheimtusamtökum ríkari heimildir til þess að semja um innheimtugjöld fyrir hönd rétthafa innan ákveðinnar listgreinar, fyrirkomulag sem kallast samningskvaðaleyfi (á ensku extended collective licensing). Þetta þýðir að innheimtusamtök fái leyfi til þess að innheimta og útdeila gjöldum fyrir hönd rétthafa, þótt þeir standi utan þessara samtaka. Það getur vel verið að samningskvaðaleyfi séu hagkvæm fyrir land eins og Ísland, sem er lítið og takmarkað.

Hins vegar er mikilvægt að höfundalög gæti fyrst og fremst hagsmuna höfunda. Með því að setja lög um samningskvaðir inn í höfundalög er verið að blanda saman réttindum innheimtusamtaka og höfunda. Það þarf að skýra línuna á milli þeirra. Eitt helsta vandamál núverandi höfundalaga er að höfundar hafa ekki nógu skýra og sterka rödd. Með því að setja ekki nógu skýr mörk á milli þessara réttinda veikjum við stöðu höfunda og styrkjum stöðu útgáfufyrirtækja, dreifingaraðila, sem hafa einhver réttindi sem eru ýmist aðkeypt eða afsöluð af höfundum með lélegum samningum. Hagsmunir höfunda og rétthafa fara ekki alltaf saman, hvað þá hagsmunir innheimtusamtaka.

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ




**Maður er manns gaman**
**Elísabet Jónsdóttir stofnaði nýverið hóp á Facebook fyrir þá sem tilheyra brotnum fjölskyldum eða eru einmana.**
**BLS. 2**






# TRIM-IT HJÁLPAR ÞÉR MEÐ AUKAKÍLÓIN

**GENGUR VEL KYNNIR** *Trim-It er ný bætiefnablanda sem inniheldur meðal annars kelp sem styður starfsemi skjaldkirtilsins og eplaedik sem hjálpar líkamanum að hreinsa sig af eiturefnum. Blandan er tilvalin um jólin.*

Á aðventunni er mikið um jólahlaðborð með þungum mat og sælgætisáti sem getur haft áhrif á mittismálið. Trim-it er flott blanda bætiefna þar sem engin óþekkt efni koma við sögu. Hún getur aukið fitubrennslu og örvað meltingu ásamt því að hjálpa til við hreinsun á eiturefnum sem safnast fyrir í líkamanum," segir Hrönn Hjálmarsdóttir næringar- og heilsumarkþjálfi hjá Gengur vel ehf.



Þungur matur um jól getur haft áhrif á mittismálið. Það er gott að taka Trim-it.

**TRIM-IT BÆTIEFNABLANDAN INNIHELDUR:**

**Kelp eða brúnþörunga** sem eru mjög ríkir af joði. Joð getur bætt starfsemi skjaldkirtilsins en skjaldkirtillinn getur haft mikil áhrif á þyngdaraukningu ef hann starfar ekki sem skyldi.

**Eplaedik** – er þekkt sem aldagamalt húsráð til að hreinsa líkamann af eiturefnum og styrkja meltinguna. Það styrkir nýrnastarfsemi, er öflugt gegn sýkingum og hjálpar til við eðlileg efnaskipti í líkamanum.

**Lesitín** – Lesitín er fituefni sem myndast í lifrarfrumum en er einnig í heila og öðrum vefjum. Það er að finna í ýmsum fæðutegundum og vilja sumir meina að sá eiginleiki lesitíns, að leysa fituefni upp í vatni, auðveldi meltingu fitu.




**B6** – hjálpar líkamanum m.a. við niðurbrot próteina, kolvetna og fitu og getur þannig hjálpað til og/eða örvað brennslu.

**Hveitikím** – er m.a. gott fyrir ónæmiskerfið, hjarta- og æðakerfið og það inniheldur E-vítamín sem dregur úr líkum á blóðtappamyndun og getur hjálpað til við að lækka blóðþrýsting.

**Sölustaðir:** Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana og stórmarkaða.



**„TRIM-IT GETUR AUKIÐ FITUBRENNSLU OG ÖRVAÐ MELTINGU ÁSAMT ÞVÍ AÐ HJÁLPA TIL VIÐ HREINSUN Á EITUREFNUM SEM SAFNAST FYRIR Í LÍKAMANUM."**







# METSÖLULISTI
## Bókabúðar Máls og menningar



1. **Gleðilegt uppeldi**
Margrét Pála Ólafsdóttir



2. **Mamma**
Hugleikur Dagsson
og Pétur Atli Antonsson



3. **Sorcerer's Screed**
Skuggi



4. **Íslensk litadýrð**
Elsa Nielsen



5. **Fjallkonan**
Ingibjörg Hjartardóttir



6. **Gildran**
Lilja Sigurðardóttir



7. **Týnda hafið**
Johanna Basford



8. **Stóri skjálfti**
Auður Jónsdóttir



9. **Sogið**
Yrsa Sigurðardóttir



10. **My Pussy is Hungry**
Hugleikur Dagsson

19. - 25. nóv 2015

BÓKABÚÐ
MÁLS & MENNINGAR
LAUGAVEGI 18



# ERFIÐUR TÍMI FYRIR MARGA

**MAÐUR ER MANNS GAMAN** *Elísabet Jónsdóttir, frumkvöðull og fyrrverandi framkvæmdastjóri, stofnaði nýverið Facebook-hópinn Maður er manns gaman en hann er fyrir þá sem tilheyra brotnum fjölskyldum eða eru einmana. Hópurinn er vettvangur fyrir fólk sem hefur lítil eða engin tengsl við fjölskyldu sína en tíminn fram undan er sérstaklega erfiður fyrir fólk í þeim sporum.*

Það er ýmislegt gert fyrir fólk sem glímir við fátækt, á við geðræn vandamál að stríða og er í AA- samtökunum svo dæmi séu nefnd. Hugmyndin með þessum hópi er að leiða saman fólk sem er eimana af öðrum ástæðum og vill eiga uppbyggileg samskipti," segir Elísabet Jónsdóttir sem hefur lengi unnið að hagsmunum fólks sem stendur eitt.

„Ég varð ekkja 47 ára gömul en maðurinn minn, sem var formaður Sjálfsbjargar, lést úr hrörnunarsjúkdómi. Á þeim tíma bjóst ég nú ekki við að vera ekkja alla tíð en svo liðu árin," segir Elísabet. „Ég sá það líka fyrir mér að ef ég spyrði næsta mann á pósthúsinu hvort hann vildi koma og drekka kaffi yrði ég álitin skrýtin, enda lítil hefð fyrir því hér á landi. Ég var farin að kvíða stórhátíðum eins og jólum og páskum og ákvað að gera eitthvað í málinu," útskýrir Elísabet.

**DRÍFANDI**

Vorið 2003 fékk hún Braga Skúlason sjúkrahúsprest og fleira gott fólk til liðs við sig og setti auglýsingu í Fréttablaðið. „Ég fékk safnaðarheimilið í Hallgrímskirkju lánað og bjóst við 50 manns. Það komu 250 og í kjölfarið var félagið „París, félag þeirra sem eru einar/einir" stofnað, og starfar enn. Innan félagsins urðu til ólíkir hópar sem fóru á kaffihús, í leikhús, göngur og fleira í þeim dúr og veit ég til þess að fagfólk er enn að benda á þennan hóp," segir Elísabet sem lét ekki þar við sitja enda hefur hún ríka þörf fyrir að bæta samfélagið.

„Árið 2010 fór ég á kynningu á starfi eldri borgara á Seltjarnarnesi þar sem ég bý. Þangað mættu um 70 manns en að langstærstum hluta konur. Ég vildi vita hverju sætti og fór á fund bæjarstjórans. Í kjölfarið fengum við séra Bragi að senda út bréf og halda tvo fundi til að spyrja karlana hvað þeir vildu gera. Kom í ljós að þeir vildu bara hittast í kaffi. Það varð úr og hittast þeir tvisvar í viku."

**MARGIR EINMANA**

Nú í aðdraganda jóla ákvað Elísabet að stofna hóp á Facebook. „Þetta er erfiður tími fyrir marga í þessum sporum. Hér á landi ríkja sterkar hefðir í kringum jól sem flestar snúast um samverustundir með fjölskyldu og börnum. Fyrir þá sem standa einir getur þetta reynt verulega á.

Nýverið heyrði ég útvarpsviðtal við séra Guðnýju Hallgrímsdóttur sem hefur skrifað bókina Skilnaður – en hvað svo? Hún sagði meðal annars frá konu sem vildi helst fara að sofa á Þorláksmessu og vakna 2. janúar, enda einmanaleikinn sjaldan áþreifanlegri en um jól.

Þá heyrði ég Hlín Agnarsdóttur leikhúsgagnrýnanda, sem á hvorki mann né börn, segja frá því að hún flýði alltaf jólin þó hún gæti vel verið hjá ættingjum. Þetta reynist bara mörgum erfitt. Sjálf gæti ég skrifað heila bók um hvað ég hef eytt mörgum aðfangadagskvöldum á mismunandi stöðum með mörgu ólíku fólki," segir Elísabet og tekur dæmi:

„Eitt árið leitaði ég á náðir Hjálpræðishersins. Ég fór í mitt fínasta púss en fann að ég átti ekki samleið með neinum. Ég gekk í kringum jólatréð með manni í kraftgalla og borðaði ókeypis mat. Þó starfsemi Hjálpræðishersins sé góðra gjalda verð þá var þetta ekki sá félagsskapur sem ég hefði kosið mér. Ég er félagsvera en get borgað matinn minn sjálf og hefði frekar viljað hitta fólk á veitingastað svo ég nefni dæmi."

**FÉLAGSSKAPUR TIL FRAMTÍÐAR**

Að sögn Elísabetar er hugmyndin með hópnum sú að þátttakendur finni út í sameiningu hvað þeir vilji gera og að til verði félagsskapur til framtíðar. Áhugasömum er bent á að sækja um aðgang undir Maður er manns gaman á Facebook eða að senda Elísabetu línu.

■ vera@365.is



**JÓLIN ERFIÐ** „Ég gæti skrifað heila bók um hvað ég hef eytt aðfangadegi á mörgum mismunandi stöðum."

**MIKIL FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ**

„Nýverið heyrði ég útvarpsviðtal við séra Guðnýju Hallgrímsdóttur sem hefur skrifað bókina Skilnaður – en hvað svo? Hún sagði meðal annars frá konu sem vildi helst fara að sofa á Þorláksmessu og vakna 2. janúar, enda einmanaleikinn sjaldan áþreifanlegri en um jól."



**MAMMA VEIT BEST** Mamma veit best leggur höfuðáherslu á náttúrulegar vörur sem virka. MYND/GVA

# SLÖKUN MAGNESÍUM VINNUR GEGN STREITU OG FÓTAÓEIRÐ

**MAMMA VEIT BEST KYNNIR** *Magnesíum hefur mörgum hlutverkum að gegna í líkamanum. Slökun Magnesíum vinnur gegn streitu, svefntruflunum, fótaóeirð og hægðatregðu. Slökun Magnesíum verður með 20% afslætti allan desember.*



**ÖSP VIÐARSDÓTTIR**

Við bjóðum upp á mikið úrval hágæða bætiefna auk þess sem við erum með frábærar lífrænar sápur og húðvörur og lífræna matvöru. Mamma veit best leggur höfuðáherslu á náttúrulegar vörur sem virka," útskýrir Ösp Viðarsdóttir, næringarþerapisti hjá Mamma veit best.

„Við vekjum sérstaka athygli á Slökun Magnesíum, bætiefni sem gagnast mörgum til að vinna á móti streitu og bæta svefn. Aðrir nota slökun til að koma í veg fyrir sinadrátt og fótapirring. Þeir sem stunda íþróttir eða hreyfa sig mikið taka oft magnesíum til að ná sér hraðar eftir æfingar og enn aðrir nota slökun til koma í veg fyrir hægðatregðu. Oftast verður fólk vart við fleiri jákvæðar breytingar við inntöku vegna þess hve magnesíum hefur mörgum hlutverkum að gegna í líkamanum," segir Ösp.

Slökun hentar fólki á öllum aldri en skammtastærðir geta verið mismunandi eftir þörfum hvers og eins. Ef um börn ræðir er best að fá ráðleggingar frá fagaðilum en slökun er ekki ætluð ungabörnum.

## LEYST UPP Í VATNI

Slökun Magnesíum er einfalt að nota, duftið er einfaldlega leyst upp í vatni og drukkið. Það fæst í 5 mismunandi bragðtegundum svo allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Slökun er laus við öll aukaefni. Það er sykurlaust og sætt með stevíu.

„Það kemur að sjálfsögðu ekkert í stað hollrar fæðu og auðvitað ætti alltaf að leggja áherslu á að borða magnesíumríka fæðu eins og grænt grænmeti, hnetur og fræ til að fá sinn daglega skammt. Oft fáum við þó einfaldlega ekki nóg úr fæðunni auk þess sem streita, mikil hreyfing, mengun og fleira getur aukið þörf okkar fyrir þetta lífsnauðsynlega steinefni," segir Ösp. „Sumir kjósa að taka Slökun að staðaldri en aðrir taka það eftir þörfum, til dæmis á álagstímum og þegar streitan magnast eins og gerist oft fyrir jólin. Á slíkum tímum getur Slökun Magnesíum komið sér ákaflega vel og hjálpað okkur að takast betur á við álagið og sofa betur."




**SLÖKUN MAGNESÍUM** Meðal þess sem Slökun þykir gagnast vel við er streita, svefntruflanir, sinadráttur, fótaóeirð og hægðatregða.

### SLÖKUN MAGNESÍUM

- Slökun Magnesíum duftið er leyst upp í vatni.
- Slökun Magnesíum er í sítratformi sem líkaminn á gott með að nýta.
- Meðal þess sem Slökun þykir gagnast vel við er streita, svefntruflanir, sinadráttur, fótaóeirð og hægðatregða.

### EIGINLEIKAR MAGNESÍUMS

Magnesíum hefur mörgum mikilvægum hlutverkum að gegna í líkamanum og kemur við sögu í yfir 300 efnahvörfum. Sem dæmi um hin mörgu hlutverk magnesíums má nefna:

- Nauðsynlegt fyrir eðlilega vöðvavirkni – einkum vöðvaslökun
- Nauðsynlegt fyrir eðlilega taugavirkni – einkum taugaslökun
- Ómissandi þáttur orkuvinnslu í hverri einustu frumu líkamans
- Nauðsynlegt fyrir eðlilega starfssemi hjarta og æðakerfis – spilar t.d. mikilvægt hlutverk í að viðhalda eðlilegum blóðþrýstingi
- Mjög mikilvægt fyrir beinheilsu – nauðsynlegt til að tryggja eðlilega beinþéttni og endurnýjun beina

### SLÖKUN MAGNESÍUM VERÐUR MEÐ 20% AFSLÆTTI ALLAN DESEMBER HJÁ EFTIRFARANDI AÐILUM:

Lyfja – öll apótek
Apótekið – öll apótek
Heilsuhúsið – allar búðir
Lyf og heilsa – öll apótek
Apótekarinn – öll apótek
Akureyrarapótek
Apótek Garðabæjar
Apótek Hafnarfjarðar
Apótek Ólafsvíkur
Apótek Vesturlands
Árbæjarapótek
Austurbæjar apótek
Borgarapótek
Heilsutorg Blómavals
Fræið Fjarðarkaupum
Garðsapótek
Heilsuver
Lifandi markaður
Lyfsalan Hólmavík
Lyfsalinn Glæsibæ
Reykjavíkurapótek
Siglufjarðarapótek
Urðarapótek
Mamma veit best

## UMMÆLI FRÁ VIÐSKIPTAVINUM UM SLÖKUN:

„Þegar ég var ólétt fékk ég oft sinadrátt og fótapirring en eftir að ég byrjaði að taka Slökun Magnesíum hvarf það vandamál alveg auk þess sem ég svaf svo miklu betur. Mæli hiklaust með Slökun á meðgöngu." - Þórey Dagmar Möller

„Ég fékk mjög oft krampa í hendurnar áður en ég kynntist Slökun Magnesíum, hef ekki fundið fyrir þessu síðan. Ég sef líka miklu betur og finnst ég hvílast betur." - Guðjón Vopnfjörð

„Mér finnst Slökun Magnesíum hjálpa mér að vera í jafnvægi auk þess sem ég er mun orkumeiri þegar ég tek það inn. Svo er það svo gott á bragðið að það er mjög auðvelt að nota það." – Indíana Guðjónsdóttir.

„Ég tek Slökun Magnesíum á hverju kvöldi og veit hreinlega ekki hvar ég væri án þess." – Ásdís Gígja









# JÓLADAGATAL FJÖLSKYLDUNNAR

**FÖNDUR** *Dagatal sem fjölskyldan opnar saman að morgni hvers dags á aðventunni er notaleg hefð. Í litlu pakkana er sniðugt að setja orðsendingar eða tillögur að dagsskipulagi fyrir fjölskylduna, uppskrift að nýrri smákökusort eða sælgæti til að prófa saman eða ábending um skemmtilegan leik. Límbandstré á vegg er mjög einfalt að græja og virkja sköpunarkraft krakkanna.*

**DAGATALSTRÉ Á VEGG**
**Efniviður:** Límband, munstrað eða í lit, litlir bréfpokar, garn eða pakkaband, kennaratyggjó. Í Söstrene Grene fannst úrval munstraðra límbanda og bréfpokar í þægilegri stærð.

Byrjið á að númera hvern poka frá 1 og upp í 24 með tússlit. Setjið innihaldið í pokana og bindið um þá með garninu svo þeir verði eins og litlir jólapakkar. Í þessu tilfelli er notast við kennaratyggjó til að festa pokana á vegginn og því má innihaldið ekki vera mjög þungt.

Finnið tiltölulega stóran auðan blett á vegg, gæti þurft að taka niður myndir til að fá pláss og strjúkið yfir með tusku. Fyrir þá nákvæmustu er gott að mæla út og merkja fyrir útlínum trésins lauslega með blýanti áður en hafist er handa en það er líka gaman að leyfa krökkunum að líma upp jólatréð með frjálsri aðferð. Þetta tré er um það bil 85 sm á hæð frá stjörnu og niður að „fætinum“.



Neðsta „greinin“ er um það bil 75 sm breið.

Formið jólatré með límbandinu á vegginn, það er auðvelt að rífa límbandið til og snyrta endana með dúkahníf eftir á. Skemmtilegt er að nota límband í lit eða munstrað. Tréð þarf ekki að vera flókið þar sem litlu pakkarnir eru tiltölulega fyrirferðarmiklir.





VETRARDAGAR
20% afsláttur af öllum fatnaði

Í tilefni af litlu jólunum hjá okkur í Parísartízkunni ætlum við að bjóða upp á léttar veitingar.

Parísartízkan býður upp á vandaðan tísku- og skófatnað frá Þýskalandi og Ítalíu í stærðum 36-50.
Áhersla er lögð á gæði og persónulega þjónustu.







Parísartízkan
vertu vinur okkar á facebook

BASLER Parísar TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770


## POP-UP JÓLAMARKAÐUR

**Pop-up Verzlun heldur árlegan jólamarkað í Portinu í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsinu þann 5. desember. Hingað til hafa íslenskir hönnuðir sýnt þar og selt vörur sínar fyrir jólin en í ár bætist við úrval listamanna og matreiðslumenn. Gestir munu finna ógrynni af fallegum vörum og myndlist af ýmsum toga fyrir jólapakkann eða til eigin nota. Notaleg kaffihúsastemning mun ríkja í salnum. Boðið verður upp á upplestur og lifandi tónlistarflutning og margt fleira verður á dagskrá. Ókeypis er inn á jólamarkaðinn.**





# BÍLAR

ÞRIÐJUDAGUR 1. DESEMBER 2015




# DÝRASTA LÚXUSRÚTA LANDSINS

## Með 48 sæti í stað 60 svo gott pláss sé fyrir farþega. Kostaði 60 milljónir króna og er í þjónustu Gray Line.

Dýrasta lúxusrúta sem Íslendingar hafa eignast er í notkun hjá ferðaþjónustufyrirtækinu Gray Line. Rútan er af gerðinni Volvo 9900 VIP og er að mörgu leyti sambærileg við lúxusfarrými um borð í flugvélum, með 48 sæti í stað 60, til að gott pláss sé fyrir alla farþega. Verð rútunnar er 60 milljónir króna. Þetta er flaggskipið frá Volvo Bus í rútum. Gólfið er hallandi (theater floor) til að auka upplifun farþega af að sjá betur út um framrúðuna á meðan á lungamjúkum akstri á loftpúðafjöðrun stendur. Rútan er hlaðin aukabúnaði, þar á meðal ísskápum, kaffiaðstöðu, sjónvarpsskjáum, salerni, tvöföldu lituðu gleri, myndavélum fyrir bílstjóra o.fl.

### Mikill lúxus fyrir farþega

Farþegasætin eru einstaklega vel útbúin og þægileg. Þau eru fjölstillanleg, með armpúðum á milli sæta, hallanleg með fótskemlum og fóthvílum auk þess sem hægt er að auka hliðarbil á milli sæta. Við hvert sætapar eru 230 volta tenglar til að hlaða raftæki. Stjórnborð fyrir ofan farþega tryggir þeim ferskt loft og lestrarljós eftir óskum. Að sjálfsögðu er loftkæling og fyrir íslenskar aðstæður er tímastillir á hitun, þannig að rútan er alltaf heit að innan áður en fyrstu farþegar dagsins stíga inn í hana. Bíllinn lækkar sig hurðamegin til auðvelda inngöngu. Lokaðar farangursgeymslur eru ofan við sætin, líkt og í flugvélum. Í bílnum er 460 hestafla dísilvél og hann er með þremur hásingum. Það ætti ekki að væsa um farþega þessarar glæsilegustu rútu landsins, en aldrei hefur annar eins lúxus sést í rútu hérlendis áður.







BETRA START

MEÐ EXIDE RAFGEYMUM

Endingargóðir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir mótorhjóla. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.




Exide rafgeymarnir fást hjá:

MAX1 BÍLAVAKTIN
olís
Ellingsen

EXIDE TECHNOLOGIES TRANSPORTATION

PIPAR\TBWA • SÍA • 131858




## Fiat Abarth með 50% söluaukningu og vill meira

Vel gengur hjá sportbíladeild Fiat, Abarth, og hefur hún selt 50% fleiri bíla í ár en í fyrra og ætlar að tvöfalda sölukerfi sitt og auka úrval bíla sinna. Salan er þó ekki neitt stórvægileg ennþá, en það stefnir í um 10.000 bíla sölu hjá deildinni í ár. Ekki er úrvalið sem deildin býður þó mikið, heldur eru það aðeins mismunandi gerðir Fiat 500 Abarth bíla. Abarth ætlar þó að kynna á næstunni nýjan bíl sem ekki er komið nafn á og meiningin er einnig að bjóða nýjan Fiat 124 Spider í Abarth-útgáfu.

Fiat er nú með um 300 sölustaði Abarth-bíla en ætlar að fjölga þeim í 750 og selja þá á stöðum sem þegar selja venjulega Fiat-bíla. Fiat telur að sala Abarth-bíla á sölustöðum Fiat hjálpi ímynd Fiat og að sala þeirra komi til með að hjálpa þessum sölustöðum mikið, þar sem mikil eftirspurn er eftir öflugum smábílum nú. Abarth-bílarnir eru talsvert dýrari en grunngerðir Fiat 500. Hefðbundinn Fiat 500 kostar 13.600 evrur, en Abarth-útgáfur þeirra byrja í 18.000 evrum. Þeir allra dýrustu kosta 40-50.000 evrur.

Fiat ætlar einnig að hefja keppni í ralli á Fiat Abarth bílum og hefur valið til þess Fiat 124 Abarth, sem er þó mikið breyttur til akstursins. Fiat átti góðu gengi að fagna í World Rally Championship á áttunda og níunda áratugnum með Fiat 131 Abarth bílum. Stærstu markaðir Abarth-bíla eru í Bretlandi og á Ítalíu og eru þeir tveir markaðir svo til jafn stórir. Þriðji stærsti markaðurinn er svo í Japan.



## Volvo kynnir nýja S90 flaggskipið í Detroit

Margir bíða spenntir eftir Volvo S90 bílnum sem leysa mun af hólmi S80 á næsta ári. Volvo hefur ekki sýnt endanlegt útlit bílsins en það fá gestir á bílasýningunni í Detroit að berja augum er sýningin verður opnuð í janúar. Þarna er á ferðinni flaggskip Volvo í fólksbílaflokki og bíllinn er það stór að hann er með sama undirvagn og XC90-jeppinn nýi. Það er ekki það eina sem bílarnir munu eiga sameiginlegt því drifrásir bílanna verða að mestu þær sömu, meðal annars Plug-In-Hybrid útgáfan sem er um 400 hestöfl. Volvo mun einnig bjóða V90-langbaksútgáfu nýja fólksbílsins og hugsanlega verður einnig í boði Cross Country útgáfa af bílnum, eins og svo títt er með bílgerðir Volvo þessa dagana. Núverandi Volvo S80 bíll er orðinn ansi gamall, eða frá árinu 2006 og því verður hann orðinn 10 ára þegar kemur að sölu á S90.




## Flottasti og öflugasti Trabantinn og er 270 hestöfl

Nú heyrir framleiðsla Trabantsins sögunni til, en bíllinn er þó víða enn í hávegum hafður og til dæmis er hægt að leigja sér bílferð um Berlín á Traböntum. Þessum Trabant 601 hefur sannarlega verið vel við haldið og pólskur eigandi hans hefur ótal sinnum skipt um vél í bílnum og sífellt hefur hann orðið öflugri. Bílinn hefur hann átt í 14 ár, en hann var framleiddur á níunda áratug síðustu aldar. Fyrst skipti hann 0,6 lítra og tveggja strokka upphaflegu vélinni út fyrir 1,1 lítra vél úr Volkswagen Polo sem síðan fékk að fjúka fyrir 1,3 lítra vél.

Það þótti eigandanum ekki nóg og í fór 1,8 lítra vél og síðan 2,0 lítra vél úr Golf GTI. Nokkrum árum seinna eyðilagði eigandinn Audi TT bíl sinn og notaði hann þá 270 hestafla vélina úr honum í Trabantinn. Þannig búinn er hann 4,5 sekúndur í hundraðið og 15,5 sekúndur í 200. Það hjálpar náttúrulega til hversu léttur þessi bíll er. Bremsurnar eru einnig úr Audi og 312 mm diskar að framan og 256 mm að aftan, enda dugar ekkert minna fyrir svo öflugan bíl. Bíllinn er einnig útbúinn ABS- og ESP-kerfum.




Hlutskipti bíleigenda landsins um þessar mundir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# GERIR MÖGULEGT AÐ SELJA BÍLINN ÁN KOSTNAÐAR

## Hugmyndin að sjalfsalinn.is kviknaði hjá skólafélögum á Bifröst í fyrra. Fríar auglýsingar á vefnum til áramóta.

Stofnuð hefur verið vefsíðan sjalfsalinn.is með það markmiði að fólk geti nú loks selt bíla sína milliliðalaust og án þess kostnaðar sem því fylgir að þiggja þjónustu bílasala. Á vefnum gefst almenningi kostur á að auglýsa bíla sína til sölu, en það er frítt til áramóta. Þeir sem eru í kauphugleiðingum geta skoðað auglýsingarnar og leitað í þeim að ákveðnum tegundum og gerðum bíla, náð sambandi við auglýsendur og loks gengið frá milliliðalausum kaupum.

**Af hverju ekki að kaupa bíl milliliðalaust?**

Hugmyndin að þessum nýja vettvangi milliliðalausra bílaviðskipta kviknaði hjá skólafélögum í háskólanum að Bifröst í apríl í fyrra eftir að annar þeirra hafði selt bílinn sinn í gegnum bílasölu og greitt tilheyrandi þóknun fyrir viðvikið. Þá vaknaði spurningin: „Af hverju er ekki til auglýsingamiðill á netinu þar sem fólk sem er í söluhugleiðingum getur auglýst farartæki til sölu á einfaldan hátt og væntanlegir kaupendur leitað að farartækjum í gegnum öfluga leitarvél, keypt og selt milliliðalaust á eigin ábyrgð?“

**Einfaldur vefur í notkun**

Sjálfsalinn.is er fyrir alla. Það var meginmarkmið við uppsetningu hans að hann væri sem einfaldastur í allri notkun. Seljendur þurfa að skrá sig inn á vefinn undir nafni, heimilisfangi, símanúmeri og netfangi til að fá virkan aðgang. Til að skrá farartæki til sölu er fastanúmerið slegið inn og í kjölfarið sækir sjalfsalinn.is grunnupplýsingar um farartækið í gagnagrunn Ökutækjaskrár. Hugsanlegir kaupendur geta, eftir að hafa séð auglýsinguna og skoðað upplýsingarnar frá Ökutækjaskrá og frá seljanda um farartækið, haft samband við seljanda um síma eða í tölvupósti. Í stuttu spjalli við Stefán Þór Sigfússon, umsjónarmanns vefjarins, kemur í ljós að fjölmargir bílar hafa nú þegar skipt um eigendur og aðeins komið jákvæð viðbrögð frá viðskiptavinum. Borist hefur töluvert af ábendingum, hugmyndum og spurningum og það þykir forsvarsmönnum vefjarins mjög vænt um. Á síðunni er fólk ýmist að skipta á farartækjum jafnvel með milligjöf, eða selja farartækin sín beint.

## Mercedes Benz selur gamla safnbíla

Bílasafnarar ættu að kætast yfir þeirri ákvörðun Mercedes Benz að fækka hjá sér gömlum safngripum og selja almenningi marga gamla Mercedes Benz bíla. Þetta eru bílar allt frá árinu 1929 til 1995 og hafa verið í eigu bílasafns Mercedes Benz í Fellbach í nágrenni Stuttgart. Þessa bíla kalla þeir Mercedes-menn „All Time Stars“ og flokka þá bíla sem selja á í þrjá flokka: „Premium Edition, Collectors Edition og Drivers Edition“. Þar má finna bíla eins og 1994 árgerðina af Mercedes Benz E 60 AMG Limited með 6,0 lítra V8 og 381 hestafla bensínvél, en aðeins 12 slíkir bílar voru framleiddir. Bíllinn er fær um að taka sprettinn í 100 á 5,4 sekúndum og hámarkshraði hans er takmarkaður við 250 km/klst. Að sjálfsögðu



Mercedes Benz E 60 AMG Limited er einn dýrgripanna sem seldir verða.

fellur þessi bíll í flokkinn „Collectors Edition“ og verð hans er í takt við það, eða 189.000 evrur. Það er um 26,7 milljónir króna. Þessum bíl hefur aðeins verið ekið 74.800 kílómetra. Elsti bíllinn er 1929 árgerðin af Type 630 Kompressor, en sá nýjasti E 320 blæjubíll frá árinu 1995. Allir bílarnir sem seldir verða fara í gegnum grandskoðun þar sem 160 atriði eru yfirfarin. Bílarnir eru ennfremur allir með nákvæmlega skráða sögu.


Sérkjör á
bílafjármögnun
fyrir viðskiptavini
Í desember bjóðum við viðskiptavinum okkar
9% vexti og 35% afslátt af lántökugjöldum á
allri bílafjármögnun.
Arion banki
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA 15-2751

# CADDY FYRIR ATHAFNAMANNINN

## Einn praktískasti bíll sem fá má fyrir jafnt barnmargar fjölskyldur sem athafnafólk.


Volkswagen Caddy er ferlega praktískur í fjölskylduútgáfu jafnt sem sendibíll. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Volkswagen hefur framleitt Caddy frá árinu 1980 og þá aðallega sem sendibíl og var hann í fyrstu byggður á Golf-bílnum. Svo er þó ekki lengur og er hann nú nýkominn af fjórðu kynslóð. Caddy hefur í nokkurn tíma einnig verið í boði sem hefðbundinn fólksbíll því þar fer rúmgóður bíll með mikið notagildi. Nú má fá Volkswagen Caddy bæði sem 5 og 7 manna bíl og er sá stærri með þremur sætaröðum. Öll sætin í þessum bílum eru fyrir fullorðna og hátt þak bílsins tryggir að það er mikið höfuðrými og reyndar er fótarýmið yfrið líka. Sætin eru auk þess stór og góð í bílnum, ætluð fyrir fullorðna og framsætin með óvenjulegri og góðri setu. Síðan er ekkert mál að taka sætisbekkina úr bílnum og búa til ótrúlega stórt flutningsrými. Það gæti verið afar praktískt fyrir hjólreiðafólk sem getur látið hjólin sín standa upprétt sökum lofthæðarinnar og mikils rýmis og vel má koma fyrir 3-4 hjólum sem standa þá hlið við hlið. Caddy er því heppilegur bíll fyrir fólk með alls konar ævintýraþrá þar sem notast er við fyrirferðarmikinn búnað.

### Mikið notagildi og þægileg umgengni

Greinarritari fékk tækifæri á að prófa þennan kostagrip og það í 5 manna útfærslunni. Í prufuakstri yfir helgi sannaðist notagildi og gæði þessa bíls. Fyrir það fyrsta er bíllinn greinilega ákaflega vel smíðaður og þéttur. Bara þarf að opna og loka sterklegum hurðunum til að fá þá tilfinningu strax. Talandi um hurðir á Caddy þá hefur þessi bíll þann kost að vera með rennihurðum á báðum hliðum, en það er ákaflega þægilegt í vindasömu landi og þar sem þröngt er um vik. Þessi bíll er örugglega kjörinn fyrir barnmargar fjölskyldur með öll sín sæti auk góðs flutningsrýmis, sem er 750 lítrar í 5 manna bílnum og 530 lítrar í þeim 7 manna. Öll umgengni um bílinn er svo þægileg og ekki skortir á festingarnar fyrir barnabílstólana. Þessi fjórða kynslóð Caddy er mikið uppfærð, með meiri staðalbúnaði, öryggi og aðstoðarkerfum fyrir ökumann. Fá má bílinn með dísil-, bensín-, og metanvélum, beinskiptan eða sjálfskiptan, framhjóladrifinn eða fjórhjóladrifinn.

### Eyðslugrönn en dugleg dísilvél

Bíllinn sem prófaður var er með 102 hestafla 1,4 lítra dísilvél sem togar ansi vel þrátt fyrir hóflega hestaflatölu. Fyrir vikið er hann hvorki nein spyrnukerra né letingi og vel má spretta úr spori ef liggur á. Bíllinn reyndist einkar þægilegur í akstri og afar þéttur. Fjöðrunin er þægileg en ekki sportleg og á það vel við þessa gerð bíls. Í hóflegum bæjarakstri er vel mögulegt að halda þessum dísilbíl í um 5 lítra eyðslu og gaman væri að reyna að ná honum nálægt 4 lítrum utanbæjar, þó það hafi ekki verið reynt. Í venjulegum akstri þar sem stundum er reynt á vélina er hann með á milli 6 og 7 lítra í eyðslu og er það afar viðunandi með svo stóran bíl. Það sem vakti einna helst furðu mína við akstur Caddy var hve hljóðlátur bílinn var og greinilegt er að Volkswagen hefur lagt mun meiri áherslu á einangrun bílsins en í sendibílaútgáfum hans. Annað gott sem segja má um bílinn er verð hans en þennan myndarlega og praktíska bíl má fá frá 3.770.000 kr. Það er í sjálfu sér ekki skrítið að margir leigubílstjórar þessa lands hafi valið Caddy sem vinnutæki sitt. Stór bíll með mörgum sætum, stóru flutningsrými og eyðslugrönnum en dugmiklum vélum hlýtur að vera ágæt uppskrift að leigubíl.

# FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI MEÐ VESTFIRSK TENGSL

## Hjá Tækniþjónustu bifreiða starfar svo til öll fjölskyldan saman og þar ríkir vinalegt viðmót.



Bílaverkstæðið Tækniþjónusta bifreiða og bifreid.is eru undir sama þaki.

Jón Hafþór Marteinsson stofnaði fyrirtækið Tækniþjónustu bifreiða fyrir 16 árum. Auk þess að vera bifvélavirki er hann menntaður kerfistæknir (Systemtechniker) frá Bosch í Þýskalandi. Fyrirtækið tók fyrst um sinn að sér viðgerðir og þjónustu við þýska bíla, en fljótlega bættist við sala á varahlutum. Nú eru fyrirtækin tvö, annars vegar Tækniþjónusta bifreiða sem sér um viðgerðir á þýskum bílum og svo bifreid.is sem er varahlutaverslun og sérhæfir sig einnig í þýskum bifreiðum. Mikil reynsla liggur að baki fyrirtækinu, bæði í þjónustu og verslun með varahluti. Fyrirtækin tvö eru til húsa í Hjallahrauni í Hafnarfirði.

### Flestir í fjölskyldunni í fyrirtækinu

Tækniþjónusta bifreiða er fjölskyldufyrirtæki. Margir sem vinna innan fyrirtækisins hafa í raun alist þar upp og er það enn þannig að allir í fjölskyldunni, ungir sem aldnir, leggja hönd á plóginn þegar álagið er mikið eða breytingar standa yfir. „Hér eru börnin aldrei fyrir ef þau heimsækja foreldra í vinnuna heldur finna þau verkefni við sitt hæfi og því oft líf og fjör hjá okkur. Stór hluti af föstum starfsmönnum er einnig í fjölskyldunni,“ segir Jón Hafþór.

Í hádeginu hittast starfsmenn á efri hæð verslunarinnar og gæða sér á heimatilbúnum fjölskyldumat, framreiddum af ættmóðurinni. Oft er um að ræða mat sem fæstir eiga að venjast dagsdaglega, sérstaklega ungu drengirnir sem hafa starfað í styttri tíma, en t.d. þegar viðtalið var tekið var siginn fiskur á boðstólum.

### Árleg vestfirsk skötuveisla

Fjölskyldan er ættuð úr Ísafjarðardjúpi og á þar sterkar rætur. Faðir Jóns Hafþórs er uppalinn í Kálfavík í Skötufirði. Þessar rætur liggja skemmtilega í fjölskyldumeðlimum, t.d. starfar sonur Jóns Hafþórs í verslun bifreid.is. Hann er uppalinn í Hafnarfirði og man varla eftir sér öðruvísi en með annan fótinn í fyrirtæki föður síns. Í frístundum rappar hann með hljómsveit sinni, Valby bræðrum, en á sumrin gerir hann út strandveiðibát frá Bolungarvík með afa sínum.

Önnur tenging við Vestfirði er sú að síðastliðin 10 ár hefur fyrirtækið haldið skötuveislu fyrir viðskiptavini sína. Skatan kemur úr djúpinu, nánar tiltekið frá Dána Kálfi, frænda Jóns Hafþórs, og er framreidd af föður hans. Veislan er mjög óhefðbundin þar sem hún er haldin inni í fyrirtækinu sjálfu og er hún orðin fastur liður í jólaundirbúningi margra viðskiptavina. Er þá oft slegið á létta strengi og í fyrra komu t.d. Fjallabræður og sungu, en Jón Hafþór syngur einmitt með þeirri skemmtilegu söngsveit.

### Óvenjulegt viðmót og innréttingar

Varahlutaverslunin bifreid.is er nýbúin að greina sig frá viðgerðarþjónustunni. „Við höfum nú opnað nýja verslun, þó í sama húsi, og bjóðum nú upp á enn skilvirkari og sérhæfðari þjónustu. Við höfum ákveðið að viðmót þessarar nýju verslunar sé allt annað en það sem almennt gengur og gerist. Við viljum að viðskiptavinum líði vel þegar þeir koma inn, að þetta sé eins konar vin í daglegu amstri.

Nú er tækifærið

# NÝIR SÝNINGARBÍLAR Á TILBOÐI

Við bjóðum nokkra nýja Nissan sýningarbíla á veglegu tilboði á meðan birgðir endast.

**100% RAFBÍLL**

Allir Nissan Leaf eru búnir 6,6 kW hleðslubúnaðI sem tvöfaldar hleðsluhraða í heimahleðslustöðvum, einnig tímastilltum forhitara sem hitar bílinn upp áður en þú leggur af stað, bakkmyndavél, upphituðu stýri og sætum, handfrjálsum símabúnaði og ESP skriðvörn. Nánari upplýsingar á www.nissan.is



## NISSAN LEAF RAFBÍLL
### Á VEGLEGU SÝNINGARTILBOÐI

Nú er tækifærið að tryggja sér rafbíl á einstöku verði. Komdu og fáðu upplýsingar um verð á tilboðsbílunum hjá sölumönnum Nissan.

## NISSAN NOTE
### RÚMGÓÐUR OG SKEMMTILEGUR Í AKSTRI

ACENTA, BENSÍN, BEINSK./SJÁLFSK., EYÐSLA 4,7–5,1 L/100 KM*




## NISSAN PULSAR
### HLAÐINN SKEMMTILEGUM NÝJUNGUM

ACENTA, DÍSIL, EYÐSLA 3,7 L/100 KM*




**STAÐALBÚNAÐUR Í TEKNA**

Leðurinnrétting og rafdrifin sæti, 180° myndavélabúnaður, sóllúga, BOSE hljómkerfi, 20" álfelgur, bakkmyndavél, rafdrifin opnun á afturhlera.




## NISSAN MURANO
### FULLBÚINN JEPPI - HLAÐINN BÚNAÐI

ACENTA/TEKNA, DÍSIL, SJÁLFSK., 190 HESTÖFL, EYÐSLA 8,0 L/100 KM*

**AÐEINS TVEIR MURANO TIL Á LAGER!**

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

ENNEMM / SÍA / NM72006



**REYNSLUAKSTURSLEIKUR BL**

**ÞÚ GETUR UNNIÐ 55" SAMSUNG SJÓNVARP**

Allir sem fara í reynsluakstur á nýjum bíl til jóla verða skráðir í lukkupott og eiga möguleika á að vinna glæsilegt 55" Samsung Smart sjónvarp.

SAMSUNG SETRIÐ samsungsetrid.is

GE bílar / Reykjanesbæ / 420 0400 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533
Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – IB ehf. / Selfossi / 480 8080 – BL söluumboð / Vestmannaeyjum / 481 1313 og 862 2516

B|L

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is




Porsche 911 er engum líkur sportbíll og Porsche tekst sífellt að bæta þennan kostagrip.

# ENGIN TAKMÖRK FYRIR BÆTINGU HJÁ PORSCHE

## Nýjum Porsche 911 Carrera reynsluekið á Tenerife. Fær nú í fyrst skipti forþjöppu. Sprengirými minnkar úr 3,4 l í 3,0 l en afl eykst og eyðsla og mengun minnkar. Hálf súrrealískt er að aka 420 hestafla bíl sem eyðir um 7 lítrum.

**PORSCHE 911 CARRERA**
**Finnur Thorlacius reynsluekur**

Fyrir stuttu bauðst greinarritara að reyna nýja gerð Porsche 911 Carrera og Carrera S. Ekki er um að ræða nýja kynslóð bílsins heldur fremur andlitslyftingu hans en þó er ein verulega stór breyting á bílnum, þ.e. hann er nú fyrsta sinni með forþjöppum, en slíkt hefur áður þótt hrein helgispjöll. Núverandi kynslóð Porsche 911 ber framleiðslunúmerið 991 og því má segja að fyrst hafi komið 991:1 og nú sé komið að 991:2. Sú ráðstöfun Porsche að útbúa vélar Porsche Carrera forþjöppum er vegna síauakinna krafna um minnkandi eyðslu bíla þeirra sem annarra og þessi aðferð er líklega einfaldasta leiðin til þess án þess að minnka afl bílanna.

Það tókst Porsche aldeilis, því ný gerð Carrera er nú 20 hestöflum öflugri, fer úr 350 hestöflum í 370 og Carrera S úr 400 hestöflum í 420. Carrera og Carrera S eru nú með 3,0 lítra sprengirými, en Carrera var með 3,4 lítra vél og Carrera S 3,8 l. Þessi aukning afls er því ári mögnuð með svo minnkað sprengirými.

**Tenerife óskastaður til prófana**

Eyjan Tenerife varð fyrir valinu í reynsluakstri Porsche að þessu sinni og um 400 blaðamenn alls staðar að úr heiminum streymdu þangað í síðasta mánuði til að prófa bílinn, tveir þeirra frá Íslandi. Tenerife er ein Kanaríeyjanna og skartar hún hæsta fjalli Spánar, Teide, sem er 3.718 metra hátt.

Þangað lá einmitt leiðin í reynsluakstrinum og var ekið allt upp í um 2.300 metra hæð en fara þarf í lyftu til að ná toppi fjallsins, sem ekki var þó í boði þessu sinni. Leiðin upp var hlykkjótt og á tíðum brött og vart var hægt að finna skemmtilegri aðstæður til að prófa þennan bíl, því ekki er nóg með að hann geti farið hratt á beinum köflum heldur elskar hann líka að fara hratt í beygjurnar og svo til engir bílar liggja eins vel og þessi í beygjum. Vel var hægt að setja bílinn á örskotsstundu á þriðja hundraðið þegar beygjumergðinni sleppti, en ekki var síður skemmtilegt að láta hann dansa í beygjunum og finna hvers þessi ótrúlegi bíll er megnugur.

Í hverjum bíl voru tveir ökumenn og skiptumst við landarnir á að aka. Hræddum við líftóruna hvor úr öðrum í því markmiði að komast að mörkum getu bílsins og það krefst sannarlega fullrar athygli við aksturinn og

GREEN DIAMOND
HARÐKORNADEKK
...öruggust í prófunum*
RANNSÓKNIR FAGAÐILA TALA SÍNU MÁLI...
Í Harðkornadekkjum eru iðnaðardemantar sem...
– stórauka veggrip í hálku
– má keyra á allt árið
– auka rásfestu
– valda hverfandi svifryki
– ná í gegnum slitlag dekksins



Samkvæmt rannsókn Sweden Vej og Traficc Institut (VTI*) á vetrardekkjum komu Harðkornadekkin mun betur út en önnur þekkt merki á markaðnum, m.a. þegar skoðuð var virkni dekkjanna við frostmark. Við þær aðstæður verða flest óhöpp í umferðinni. Einnig kom í ljós að nagladekk höfðu lengri bremsuvegalengd bæði á blautu og þurru malbiki, en við þær aðstæður er ekið 98% af tímanum s.s. á höfuðborgarsvæðinu. Harðkornadekk ættu því að vera fyrsti kosturinn fyrir þá sem vilja auka öryggi sitt og stuðla að betra umhverfi, þar sem þau valda hverfandi svifryki og eru endurnýtt hráefni. Traustir og kröfuharðir íslenskir viðskiptavinir okkar eru sama sinnis.

PANTIÐ Á:
panta@hardkornadekk.is
611 7799
www.hardkornadekk.is

GARÐABÆR | ISAVIA | ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN | HAFNARFJÖRÐUR | Björgunarfélagið Eyvindur Flúðum
* www.hardkornadekk.is/pages/profanir-dekk
RADAR grafísk hönnun

## PORSCHE 911 CARRERA

3,01 l bensínvél, 370 hestöfl
Afturhjóladrif
Eyðsla 7,4 l/100 km í bl. akstri
Mengun 169 g/km $CO_2$

Hröðun 4,2 sek.
Hámarkshraði 295 km/klst.
Verð 19.490.000 kr.
Umboð Bílabúð Benna

- Fundust ekki

- Aksturseiginleikar
- Glæsileiki
- Eyðsla

hvorugur tók eftir því að svitinn spratt fram líkt og við værum í spretthlaupi.

### „Launch control" og fáránlega góðar bremsur

Þegar komið var niður af fjallinu var endað við yfirgefið hafnarsvæði í bænum Santa Cruz og þar var búið að útbúa braut til prófunar á „launch control"-sprettbúnaði bílsins, svigakstri og mögnuðum bremsubúnaði hans. Ekki var það heldur leiðinlegt og sýndi ennfremur hversu fáránlega góður bíll hér er á ferð. Á örstuttum kafla fór hann í 140 km hraða og þá skildi bremsað af öllu afli og bíllinn stöðvaðist á svo litlli vegalengd að ökumaður hreinlega trúði því ekki. Góður bremsubúnaður bílsins kom reyndar í góðar þarfir oftar, ekki síst er páfugl kom skokkandi á móti þegar komið var úr einni beygjunni á leiðinni að Teide. Óvíst er hverjum brá meira, okkur eða fuglinum.

Að sjálfsögðu er 911 Carrera orðinn sneggri en forverinn og fer sprettinn í 100 á 4,2 sekúndum með PDK-sjálfskiptingunni og með Sport Plus stillinguna á. Samsvarandi tími Carrera S er 3,9 sekúndur. Það eru ekki bara fleiri hestöfl sem ýta undir snerpuna heldur fæst aukið tog nú á lægra snúningi og eins merkilegt og það er þá hjálpa forþjöppurnar bílnum mikið á lágum snúningi, eitthvað sem maður á ekki að venjast.

### Lítið breytt útlit og lægra verð

Útlit 911-bílsins hefur ekki breyst mikið með þessari andlitslyftingu, en þó hefur merkilega miklu verið skipt út. Hann er með ný LED-aðalljós og -afturljós, nýja brettalínu, húdd og upplýsingakerfi, svo eitthvað sé nefnt. Aðalbreytingin er í vélarhúsinu.

Margir hafa haft áhyggjur af hljóði vélarinnar með forþjöppu, en flestir voru sammála um það að ef eitthvað er hljómi vélin nú enn betur og það forþjöppuhljóð sem margir þekkja úr svo búnum bílum er ekki til staðar, heldur áfram grimmt og djúpt hljóð kraftavélar.

Rafræn stýrisaðstoð er í bílnum nú eins og í forveranum og hefur Porsche tekist að bæta hana enn og tilfinningin fyrir framhjólunum til stýrisins er góð, öndvert við margan annan bílinn með slíkri aðstoð.

Nú er hægt að fá 911 Carrera með beygjuaðstoð á aftari öxli og eykur það annars frábæra akstursgetu bílsins og gerir beygjuradíus hans einkar lítinn. Annar aukabúnaður sem fá má nú er loftpúðafjöðrun að framan sem lyftir bílnum um allt að 3 cm ef fara skal yfir hindranir. Gæti verið æskilegur búnaður í hraðahindranabiluðu landi sem hérlendis.

Eitt það besta við þennan breytta Porsche 911 Carrera er það að hann lækkar í verði og kostar nú undir 20 milljónum, en það gerði forverinn ekki. Þökk sé því að hann lækkar um vörugjaldsflokk vegna minni mengunar.







1 Hinn nýi Porsche 911 kominn í 2.250 metra hæð á leiðinni upp Teide-fjall á Tenerife.

2 Þvílíkar lúxusinnréttingar ávallt hjá Porsche.

3 Sprett var úr spori á gamla hafnarsvæðinu í St. Cruz og „launch control" búnaðurinn prófaður og bremsurnar.





## Bentley „Baby“ Bentayga jepplingur á teikniborðinu

Svo margar pantanir hafa borist í lúxusjeppann Bentley Bentayga að Bentley hefur ákveðið að bjóða tvær nýjar jeppagerðir í kjölfarið. Það yrði „coupe“-útgáfa Bentayga og minni gerð bílsins sem gæti flokkast sem jepplingur. Alls hafa borist 4.000 pantanir í hinn rándýra Bentley Bentayga jeppa og mun að auka sölu Bentley um 40%. Alls ekki lítill vöxtur það og dæmigert fyrir það hvað jeppar og jepplingar hafa gert fyrir mörg önnur bílafyrirtæki. Bentayga er með sama undirvagn og nýr Audi Q7, enda tilheyra bæði bílamerkin Volkswagen-samstæðunni. Minni gerð hans gæti staðið á léttum MSB-undirvagni frá Volkswagen, en ekkert er staðfest í þeim efnum.

Tilkoma Bentayga mun færa sölu Bentley í um 12.000 bíla á ári, en markmið fyrirtækisins er að selja 15.000 bíla árið 2018. Því er mjög freistandi fyrir Bentley að bæta jepplingi í bílaflóruna og ætti markmiðið þannig auðveldlega að nást, ef mið er tekið af viðtökum við Bentayga. Bentley ætlar líka að bjóða „coupe“-útgáfu Bentayga sem verður enn öflugri en venjulegi 600 hestafla bíllinn. Hann verður straumlínulagaðri og á að geta komist á 320 km hraða og klára sprettinn í 100 á undir 4 sekúndum.

## Kínverskir bílaframleiðendur vinna á heima fyrir

Þó svo að hægt hafi verulega á vexti í bílasölu í Kína var vöxturinn þar mikill í október, eða 10% og seldust alls 1,94 milljónir bíla og var það umfram spár. Bílasala hefur ekki aukist jafn mikið í Kína á milli ára í 7 mánuði og er því spáð að hún verði á flugi næstu mánuðina.

Kínverskir bílaframleiðendur sóttu verulega á erlenda bílaframleiðendur og jókst markaðshlutdeild þeirra um 2,1% frá fyrra ári. Innfluttir bílar í Kína bera nokkuð háa tolla og hefur það orðið vatn á myllu innlendra framleiðenda. Kínversk stjórnvöld hafa lækkað tolla almennt á bíla og vilja með því auka söluna og tölurnar frá október staðfesta að það hefur tekist. Eins og víða annars staðar er sala jepplinga og jeppa mikil og vöxturinn milli ára nam 61% og seldust 622.000 þannig bílar í október.

Á meðan seldust 1,05 milljónir fólksbíla og stóða sala þeirra í stað á milli ára. Því er allur vöxturinn fólginn í sölu jepplinga og jeppa. Kínverski bílaframleiðandinn Great Wall, sem býður gott úrval jepplinga og jeppa, jók söluna um 14% í október. Ford og Hyundai náði einnig umtalsverði aukningu.

# BÍLAFRAMLEIÐANDINN BORGWARD ER FRÁ KÍNA

Borgward BX7 er fyrsti bíll Borgward í meira en hálfa öld.

Þýski bílaframleiðandinn Borgward kynnti nýjan jeppling sem er grunsamlega líkur Audi Q5 á bílasýningunni í Frankfurt í haust. Borgward átti sitt blómaskeið fyrir meira en hálfri öld og fór svo á hausinn. Borgward framleiddi bíla fyrir millistéttina en var nánast gleymdur sem bílaframleiðandi þar til merkið var endurreist af kínverska bíla- og þungavélaframleiðandanum Foton. Foton á 100% í Borgward og ætlar greinilega að stytta sér leið inn á evrópska bílamarkaðinn með þýsku bílamerki.



Borgward stefnir á 500.000 bíla framleiðslu á ári og sölu Í Evrópu.

### Borgward BX7 á að keppa við Audi Q5

Foton ætlar ekki að ráðast á garðinn þar sem hann er lægstur því fyrsti bíll þeirra er jepplingurinn Borgward BX7, sem keppa mun við Audi Q5 en verða talsvert ódýrari. Það kemur svo sem ekki á óvart að fyrsti bíllinn sé jepplingur en Foton framleiðir einmitt jepplinga í Kína. Á miðjum sjötta áratug síðustu aldar var næststærsti bílaframleiðandi Þýskalands á eftir Volkswagen ekki BMW, Mercedes Benz, Audi eða Opel. Það var Borgward. Það er sonarsonur stofnandans Carls Borgward, Christian, sem fer fyrir endurreisn bílamerkisins með fjármagni frá Kína og stuðningi Foton við smíðina. Í áætlunum Borgward hefst fjöldaframleiðsla hins fjórhjóladrifna BX7 um mitt næsta ár og fyrirtækið mun í kjölfarið kynna tvær nýjar bílgerðir á ári. Borgward hefur ekki enn fengist til að gefa upp verð BX7 en segir að það verði afar samkeppnishæft. Borgward BX7 á að vera tæknilega mjög vel útfærður og fullfær um að keppa við lúxusbíla eins og Audi Q5.

### Ætla að framleiða 500.000 bíla á ári

Meiningin er að koma með bíla Borgward á markað í Evrópu eftir tvö ár en hasla sér völl í Kína þangað til. Framleiðslumarkmið Borgward er 500.000 bílar, nokkuð bratt í ljósi þess að heildarframleiðsla Borgward frá upphafi var um ein milljón bíla. Foton framleiðir nú þegar 650.000 bíla á ári. Það virðist hafa verið mjög hugvitssamlegt að selja kínverska bílaframleiðandanum Foton allt hlutafé í Borgward því með því kemst bílamerkið inn á kínverska markaðinn án þess að vera skattlagt sem innfluttir bílar. Það hefði annars tekið um 10 ár. Enn fremur eru vasar Foton djúpir og því nægt fjármagn til svo þróa megi nýja bíla án þess að eiga á hættu að verða fjárvana. Borgward hefur í huga að draga að nýja fjárfesta með því tryggja enn meira þróunarfé.

### Borgward Isabella var framleiddur í 200.000 eintökum

Frægasti bíll Borgward var án vafa Isabella sem framleiddur var í 200.000 eintökum frá árinu 1954. Hann þótti einstakur bíll, var með sjálfstæða fjöðrun á öllum hjólum, afar góðar bremsur, vó undir einu tonni en tók samt 6 farþega. Hann þótti frábær akstursbíll og átti ekki í vandræðum með að taka snarpar beygjur á mikilli ferð. Auk þess var hann vel útbúinn og sló nærri lúxusbílum. Borgward Isabella var seldur í Bandaríkjunum og þar mátti fá bílinn á 1.600 dollara. Vel með farin eintök af bílnum seljast þar nú á 50.000 dollara og þykja miklir safngripir. Haft er eftir þeim sem aka Borgward Isabella í dag að þar fari bíll sem ekur eins og nútímabíll, svo eitthvað hefur Borgward gert rétt með smíði þessa bíls og segja má að hann hafi verið bíll á undan sinni framtíð.

### Stofnandinn með bílablóð í æðum en lítill fjármálamaður

Stofnandinn, Carl Borgward, fór sínar eigin leiðir og sagt var að hann hefði vinir sinn versti óvinur. Hann var með bílablóð í æðunum en lítill fjármálamaður og þegar erfiðir tímar komu árið 1961 urðu bankastofnanir fráhverfir stuðningi við Borgward og fyrirtækið var í kjölfarið lýst gjaldþrota. Nú er ný saga að hefjast hjá Borgward og spennandi verður að sjá hvernig þróun þess verður á næstu árum undir forystu sonarsonar hans.

RÉTTU JEPPADEKKIN KOMA ÞÉR ALLA LEIÐ

Jeppi stendur ekki undir nafni nema hann sé vel dekkjaður. Ef þú vilt nýta til fullnustu, orku, akstursteiginleika og öryggi jeppans, skiptir sköpum að velja réttu dekkin. Þegar jeppadekk eru annars vegar búum við yfir áratuga reynslu og þekkjum þá eiginleika sem breytilegar akstursaðstæður kalla á.




Fáðu aðstoð við val á jeppadekkjum hjá söluaðilum okkar um land allt

Bílabúð Benna
BENNI.IS / 590 2045

NESDEKK
NESDEKK.IS / 561 4200

## Síhækkandi afsláttur af nýjum bílum í Bandaríkjunum veldur áhyggjum

Meðalafsláttur af nýjum bílum sem seldir voru í Bandaríkjunum var 3.104 dollarar í október. Það er 14% hærri afsláttur en að meðaltali í október í fyrra og er að meðaltali 9,5% af meðalverði þeirra. Meðalverð seldra bíla þar vestra var 32.529 dollarar í október. Salan í október var mjög góð, en hluti skýringar á því hlýtur að liggja í því hve bílaframleiðendur bjóða vel þessa dagana. Mikil samkeppni virðist ríkja á markaðnum sem lýsir sér í þessum aukna afslætti og svo virðist sem mikið kappsmál sé að ljúka árinu á góðri sölu.



Nú má fá Chevrolet Cruze með allt að 20% afslætti.

### Stefnir í mesta bílasöluár frá upphafi

Sumir greinendur hafa gengið svo langt að segja að bílaframleiðendur séu að kaupa sér góða sölu með öllum þessum afslætti, en á meðan eru kaupendur glaðir og endurnýja bíla sína sem aldrei fyrr, enda stefnir í besta bílasöluár í Bandaríkjunum frá upphafi. Bílasala þarf aðeins að aukast um 3% á síðustu tveimur mánuðum ársins til að árið verði það besta í sögunni, en vöxturinn hefur verið talsvert meiri það sem af er ári. Vöxturinn í október var t.d. 14%.

### Dæmi um allt að 20% afslátt

Dæmi eru um það að bílaframleiðendur hafi boðið svo mikið sem 20% afslátt af bílum sínum og er Chevrolet Cruze dæmi um það – verðlistaverð hans er 20.920 dollarar, en Chevrolet hefur boðið 4.184 dollara afslátt af því verði og er bíllinn því í boði á 16.736 dollara, eða 2,2 milljónir króna. Bílaframleiðendur segja hins vegar að framlegð af sölu bíla þeirra sé há og hefur Ford náð 11,3% framlegð af þeim bílum sem seldir hafa verið í N-Ameríku í ár og General Motors 11,8%. Toyota, Honda, Mazda og Subaru hafa einnig sýnt vænar framlegðartölur.


WEST LAKE®
HARÐKORNADEKK
DEKKVERK
Nýbýlavegur 2 Kópavogi & Lyngás 20 Garðabæ
Sími: 578 7474 www.dekkverk.is
OPIÐ ALLA DAGA 10-19

**HYUNDAI TUCSON**

2,0 l dísilvél 136 hestöfl
Framhjóladrif
**Eyðsla** 6,1 l/100 km í bl. akstri
**Mengun** 156 g/km $CO_2$

**Hröðun** 12,0 sek.
**Hámarkshraði** 184 km/klst.
**Verð** 4.790.000 kr.
**Umboð** BL

- Lítið farangursrými
- Forþjöppuhik
- Hátt verð bestu útfærslna

- Aksturseiginleikar
- Eyðsla
- Staðalbúnaður



Hyundai Tucson leysir af hólmi Hyundai i35 og er nú orðinn hinn fríðasti bíll og örlítið stærri en forverinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# TUCSON VERÐUR FULLORÐINN OG FRÍÐUR

## Hét áður Hyundai i35, en með nýrri kynslóð hefur hann bæði skipt um nafn og karakter og er orðinn aðlaðandi bíll. Eyðslutölur frá framleiðanda stóðust og er það sjaldgæft.

**HYUNDAI TUCSON**
**Finnur Thorlacius reynsluekur**

BL hefur nýlega kynnt til sögunnar kunnuglegan bíl sem þó hefur ekki verið í sölu í nokkur ár. Hann heitir Hyundai Tucson, er jepplingur og á forvera í bíl sem Hyundai nefndi i35 til margra ára, en hét áður Tucson. Nú hefur Hyundai aftur tekið þetta nafn upp á bílnum. Hann hefur reyndar borið þetta nafn í Bandaríkjunum frá upphafi. Með nýrri kynslóð þessa bíls er kominn fram gersamlega útlitsbreyttur bíll sem sannast sagna er heilmikið fyrir augað. Hann er orðinn afar sportlegur og á mjög lítið sameiginlegt með þeim Tucson-bíl sem seldur var hér á árum áður og var einkar ljótur bíll. Nú eru línurnar í bílnum sterklegar og upphækkandi gluggalínan ásamt afturhallandi þaklínu gerir þennan jeppling að einum þeim sportlegasta og fríðasta jepplingi sem er í boði í dag. Þennan snaggaralega bíl má fá frá kr. 4.790.000, en einnig á 7.490.000 í sinni allra flottustu útfærslu og er það ansi mikið verðbil.

### Eyðslutölur frá framleiðanda réttar

Hyundai Tucson má fá bæði framhjóladrifinn og fjórhjóladrifinn, en þar eru valmöguleikarnir ekki upptaldir. Til dæmis má fá hann í 4 mismunandi útfærslum innréttingar, Classic, Style, Comfort og Premium. Ennfremur má fá í hann 3 gerðir véla, 1,7 og 2,0 lítra dísilvélar og 1,6 lítra bensínvél sem er 175 hestöfl. Dísilvélarnar eru 156 og 136 hestöfl og sú aflmeiri með minna sprengirýmið, hvernig sem á því stendur. Sá bíll sem reyndur var var framhjóladrifinn og með 2,0 lítra dísilvélinni. Þar fer dugmikill rokkur sem ekki eyðir þó miklu. Það er reyndar sérstakt gleðiefni þegar uppgefin eyðsla frá framleiðanda stenst og það í borgarumferðinni. Uppgefin eyðsla hans er 6,1 lítri og það er einmitt það sem bíllinn var að eyða í borgarumferðinni. Er það frábær niðurstaða fyrir svo myndarlegan jeppling.

### Er bensínútgáfan betri kostur?

Ég fékk tækifæri til að prófa bensínútgáfu bílsins líka og hann eyðir engu meira en dísilbíllinn og vakti það bæði gleði og furðu. Þar sem bensínútgáfan er 200.000 kr. ódýrari má spyrja sig að því hvort ekki séu einmitt betri kaup í honum og ekki spýr hann nituroxíðsamböndum út í loftið, svona til að lífa enn betur með kaupin. Auk þess er hann aflmeiri og tekur sprettinn í hundraðið á 7,6 sekúndum og stingur af flesta aðra jepplinga. Akstur Tucson er svo enn til að gleðja ökumann, hann er hrikalega lipur og meðfærilegur bíll og ekki er hægt að kvarta yfir góðri fjöðrun hans. Hún fer ákaflega vel með ökumann, er slaglöng sem prófa má með því að fara hratt yfir hraðahindranir og stuðlar að litlum hliðarhalla í beygjum. Stýringin er hæfilega létt og nákvæm og fyrir vikið verður þessi bíll afar ánægjulegur í akstri. Svo að kvarta megi nú yfir einhverjum ókostum þá gerist eiginlega ekki neitt fyrstu sekúnduna ef stigið er hressilega á eldsneytisgjöfina og á það bæði við dísil- og bensínútgáfuna. Forþjöppuhik er líklega sökudólgurinn.

### Bestu kaupin í ódýrustu útgáfunni

Mikil jákvæð breyting hefur átt sér stað í innréttingu bílsins frá forveranum i35. Án þess að hér sé komin lúxusinnrétting má segja að hún sé engu að síður lagleg og greinilega mjög vel frá gengin. Nokkuð er vandað til efnisvals og framsætin eru með flott áklæði auk þess að vera góð. Bíllinn er prýðilega búinn og kemur nú í sinni ódýrustu útfærslu með LED dag- og parkljósum, leðurklæddu aðgerðastýri, hraðastilli, hita í stýri og framsætum, USB-, AUX- og Bluetooth-tengingum og það sem miklu máli skiptir, alvöru varadekki. Í dýrari útfærslum bílsins bætist heilmikið við. Þó verður að segja að mikill ókostur við Tucson sé hve farangursrýmið er lítið, með því minnsta í þessum flokki bíla. Að mati undirritaðs eru bestu kaupin, sem oft fyrr, í einföldustu og ódýrustu gerð þessa bíls, helst beinskiptum. Enda hækkar verðið hratt eftir því sem betri útfærsla er valin. Það munar jú miklu á 4.790.000 og 7.490.000 kr.




1 Hin ágætasta hurðaropnun og gott aðgengi að rýru flutningsplássi.
2 Afar jákvæðar breytingar á innréttingu bílsins.
3 Mjög ljúft var að sjá að eyðslutölur frá framleiðanda stóðust.









**Opel Vivaro**

1,6 dísel ECOFLEX notar aðeins 6,5l/100 km miðað við blandaðan akstur.

Verð frá: **3.379.000 kr.** án vsk.
Verð frá: 4.190.000 kr. með vsk.

## OPEL **VIVARO**

# TRYGGÐU ÞÉR VIVARO FYRIR ÁRAMÓT!

## Alvöru atvinnutæki á góðu verði!

Opel Vivaro er hagkvæmur í rekstri og fæst í fjölmörgum útfærslum sem hæfa þínum þörfum. Hann er þægilegur í umgengni og fer vel með bílstjórann og varninginn. Opel Vivaro er sannkallaður vinnuþjarkur sem getur ekki beðið eftir að komast í vinnuna!

Bílabúð Benna
Bein leið í 40 ár

**Kynntu þér Opel atvinnubíla á opel.is eða á benni.is. Verið velkomin í reynsluakstur.**

**Reykjavík**
**Tangarhöfða 8**
**Sími: 590 2000**

**Reykjanesbær**
**Njarðarbraut 9**
**Sími: 420 3330**

**Opið virka daga frá 9 til 18**
**Laugardaga frá 12 til 16 í Reykjavík**
**Laugardaga frá 10 til 14 í Reykjanesbæ**

OPEL
**Wir leben Autos.**

Bílabúð Benna áskilur sér rétt til breytinga á verði og búnaði án fyrirvara



## Andlitslyftur Golf seint á næsta ári

Volkswagen Golf, sem nú er af áttundu kynslóð, mun fá andlitslyftingu á næsta ári og kemur í sölu um lok næsta árs eða í síðasta lagi í byrjun árs 2017. Þessi háttur var einnig hafður á með sjöttu og sjöundu kynslóð Golf, svo ekkert kemur á óvart með þessa tilhögun. Búist er við því að ytra útlit Golf verði með sterkari línum en breytingin verði meiri innanborðs, þar sem meiningin er að skipta út mörgum tökkum fyrir snertiskjá og að öll stjórntæki bílsins verði stafræn.

Golf R er nú þegar kominn með þessa nýju tækni og því mun hefðbundinn Golf erfa hana frá þessari öflugustu og tæknilegustu gerð bílsins. Ekki er þó víst hvort þessi breyting verði staðalbúnaður eða valbúnaður og verður tíminn að leiða það í ljós. Búist er við því að Volkswagen muni kynna þennan breytta bíl á bílasýningunni í París á næsta ári.

Þeir bílar sem hvíla á sama MQB-undirvagni og Golf, þ.e. Audi A3, Seat Leon og Skoda Octavia, munu einnig fá andlitslyftingu á svipuðum tíma og Golfinn.



## BMW með metmánuð

Þýski lúxusbílaframleiðandinn BMW hefur aldrei selt jafn marga bíla í október og nú. Salan nam 164.915 bílum og jókst um 6,3% á milli ára. Auk þess seldust 26.392 Mini-bílar, en Mini er í eigu BMW. Sala Mini-bíla gekk ekki eins vel og á BMW-bílum í október og minnkaði um 8,5% á milli ára. Góð sala á BMW-bílum er helst að þakka góðri sölu á jepplingum og jeppum BMW, sem og á nýrri BMW 7-línu. Mikil eftirspurn er eftir nýja BMW X1 jepplingnum og einnig góð sala í BMW X3 og X5. Heildarsala BMW og Mini á árinu er 1,84 milljónir bíla og hefur aukist um 7%. Er söluaukningin um 5,8% á BMW og 15% á Mini. Mestur vöxtur hefur orðið í Evrópu, eða um 10%, en í Bandaríkjunum er hann 5,4% og 2,3% í Kína, en þar hefur heldur betur hægst á vexti í bílasölu á árinu. BMW seldi 2.553 eintök af rafmagnsbílunum i3 og i5 í október og heildarsalan á þeim á árinu er komin upp í 23.133 bíla. Nemur þessi aukning um 80% frá fyrra ári.

## Ný Honda Civic Coupe í LA

Honda kynnti nýtt útlit Civic Coupe á bílasýningunni í Los Angeles seint í síðasta mánuði. Þessi bíll er með tveimur hurðum og mjög sportlegur í útliti. Hann verður með sama val í vélbúnaði og fjögurra hurða útgáfa Civic, eða 1,5 lítra vél með forþjöppu og 2,0 lítra vél sem einnig brennir bensíni. Honda lofar að nýr Civic verði langflottasti og best tæknilega búni Civic í 43 ára sögu bílsins. Honda mun einnig bjóða Civic í fimm hurða stallbaksútgáfu, sem og í öflugri Si-útgáfu, og ofuröflugri Type R-útgáfu. Þeim bíl verður í fyrsta sinn einnig beint að kaupendum í Bandaríkjunum. Honda sýndi líka nýjan vetnisbíl sinn, Clarity FCV, en hann var áður sýndur á bílasýningunni í Tókýó fyrr í síðasta mánuði og sá bíll verður einnig í sölu í Bandaríkjunum. Honda ætlar sér greinilega stóra hluti vestanhafs, enda salan þar í hæstu hæðum um þessar mundir.






www.krokur.net
522 4600

# Taktu Krók á leiðarenda

Krókur er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahliða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:
• Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum

KRÓKUR
á þinni leið
Suðurhraun 3, 210 Garðabær




# indverskur markadur

Dagana 1. - 5. desember opnum við stórglæsilegan indverskan markað þar sem ykkur gefst tækifæri á að versla mottur, kolla, pullur, púða og aðra skrautmuni fyrir heimilið.

Vörurnar koma frá indverska fyrirtækinu *The Rug Republic* sem hefur sérhæft sig í tugi ára við framleiðslu á hágæða mottum og öðrum vörum.

**Einungis takmarkað magn í boði.**

Markaðurinn er haldinn í Bæjarlind 14-16 og keyrt er niður fyrir húsið.

**Opnunartímar:**
**Þriðjudaginn 1. desember til föstudagsins 4. desember: 15:00 - 20:00**
**Laugardag 5. desember: 11:00 - 16:00**

Verið velkomin!
**Starfsfólk Ásbjörns Ólafssonar**

Ásbjörn
Ásbjörn Ólafsson ehf.

## BÍLAR & FARARTÆKI

bilfang.is
S. 567 2000



**GLÆSILEGUR !**
Jeep Grand Cherokee LTD 04/2014 ek 20 þ.mil Leður ofl glæsilegt eintak sem er á staðnum, nyja V6 velin 286 HÖ verð 9.9 mil

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**Seljum í dag !**
**www.bilfang.is**


Barnaheill
Save the Children á Íslandi
vissir þú að...
börn eiga rétt á læknisaðstoð og heilbrigðisþjónustu.


ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



VOLVO S60 turbo 20v. Árgerð 2007, ekinn 145 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.990.000. Rnr.991515.



SKODA Octavia ambiente combi. Árgerð 2012, ekinn 92 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 2.890.000. Rnr.991585.



MERCEDES-BENZ B 220 CDI. Árgerð 2014, ekinn 43 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.890.000. Rnr.991442.

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



Kia cee'd ex 1.6 world cup edition. Árgerð 2014, ekinn 25 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 3.890.000. Rnr.260085. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

bilauppbod.is

**PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**


vissir þú að...
Barnaheill
Save the Children á Íslandi
börn eiga rétt á vernd og umönnun


bilaborg.is
Sími 517-1111



M.BENZ S 500 4matic long. Árgerð 1/2005, ekinn 85 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 5.000.000. Rnr.132545. Glæsilegur bíll. Uppl 696-1001



M.BENZ M ml 63 amg. Árgerð 5/2008, ekinn 97 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 6.990.000. Rnr.134023. Glæsilegur bíll með öllu. Uppl 696-1001



M.BENZ S 450 4matic metan bensin. Árgerð 2010, ekinn 94 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 9.890.000. Rnr.133112.+ Glæsilegur bíll. Bíll með öllu. Uppl síma 696-1001

**Bílaborg**
**Stórhöfða 26, 112 Reykjavík**
**Sími: 517 1111**
**http://www.bilaborg.is**

bíll.is
bestir í bílum...



**ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA!**
FORD F-150 LARIAT 4WD árg. 2004 ek.194 Þkm, sjálfsk., leður, álfelgur, topplúga, krókur, pallhús ofl, möguleiki á 100% Vísalani, tilboðsverð 990 Þús !! gsm 893-9500

**Bíll.is**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**

100 bílar.is bílasala



BMW 118 D, 5/2014, ek 33 þús km, sjsk, mikill búnaður, ný vetrardekk, glæsilegur bíll, verð 4390 þús, er á staðnum, raðnr 220311.

**100 bílar ehf**
**Í miðbæ Mosfellsbæjar,**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18.00 virka daga. Lokað á laugard.**
**www.100bilar.is**

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.


GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar




# ÞJÓNUSTA

## Snjómokstur




## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315.

## Hreingerningar

Tek að mér þrif á einkaheimilum. Öll almenn heimilisþrif í boði. Vönduð vinnubrögð. Aneta s: 7854272

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**REGNBOGALITIR**
Málningarþjónusta, vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. Sími 891 9890 malarar@simnet.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald







## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Spádómar

**661 3839 - SÍMASPÁ**
Opið frá kl. 14 alla daga.

**SÁ SÍMASPÁ Í S. 844 6845 / 462 4564**
Frá kl. 14:00. Geymið auglýsinguna. Er á facebook: SÁ

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

Rafinn ehf. Löggiltur rafverktaki, tek að mér töfluskipti og almenn rafvirkjastörf. Uppl. í s. 557 4020/892 3429

## Trésmíði

**INNRETTINGAR.IS**
Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

## Viðgerðir

Heimilistæki - Viðgerðarþjónusta. Sækjum og skilum. Casa-Raf ehf S. 845 5976

## Önnur þjónusta



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**
Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.
**Tímapantanir í síma 864-1273**

# KEYPT & SELT

## Til sölu




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og laugardaga 10-16

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**
**Upplýsingar í síma 661 7000**

# HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

12 fm. fullbúið herbergi tilvalið f. námsfólk til leigju í hverfi 104 R. v. 55 þús á mán. Einn mán. í tryggingu. Uppl. í S. 846 5237.

Til leigu eru 4 litlar stúdío íbúðir í Gistiheimilinu Fell í Garðabæ. Verð 105Þ og 125Þ. Eru lausar strax. Uppl í síma 8943110 og brekkuas@simnet.is

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði Funahöfða 17a-19, Reykjavík Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.
**gsm 777 1313**
**leiga@leiguherbergi.is**

**TIL LEIGU Á AÐEINS 1000 KR FM!**
129 - 5000 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Upphitað og vaktað geymslurými. Verð frá 2900kr.mán. SÆKJUM OG SENDUM. S: 615-5005

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**908 5500 - SÍMASEX**
Opið allan sólarhringinn. Algjör trúnaður.

**ÍSLENDINGAR.EU**
Nýr samskiptavefur - og við bjóðum frjálslyndar konur sérstaklega velkomnar. Líttu við!

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**CLEANING JOBS**
Ræstingaþjónustan sf is looking for cleaners to work both in mornings and evenings in the great Reykjavik area. Clean criminal record and Icelandic or English language skills are necessary.
**Apply by email at umsokn@rth.is and by phone at 821-5051 during office hours.**

**RÆSTINGAR**
Ræstingaþjónustan sf auglýsir laus störf við ræstingar á morgnana og kvöldin. Hreint sakavottorð og íslensku- eða enskukunnátta skilyrði fyrir ráðningu.
**Umsóknir berist á umsokn@rth.is eða í síma 821-5051 á skrifstofutíma.**

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.
**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 782-8800**




## heilsa




## til sölu



## fasteignir


**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Skálagerði 13, Reykjavík - 3ja herbergja endaíbúð**

**Eignin verður til sýnis í dag, miðvikudag, frá kl. 17.15 – 17.45**




Mjög góð 67,7 fm. íbúð á 2. hæð, efstu, að meðtalinni sér geymslu. Um er að ræða endaíbúð í litlu fjölbýli með góðum svölum til suðvesturs. Fallegt eldhús. Rúmgóð stofa með stórum gluggum til vesturs. Tvö svefnherbergi. Húsið var allt tekið í gegn að utan nú í sumar. **Verð 27,9 millj.**
**Verið velkomin.**

**HRAUNHAMAR**
FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

**Naustabryggja 2 - Eign í sérflokki!**



Sérlega glæsilega íbúð á efstu hæð (þriðja hæð) í góðu, viðhaldslitlu fjölbýlishúsi við Naustabryggju. Íbúðin er á tveimur hæðum og er skráð 153,4 fm skv. fasteignamati Ríkisins, en efri hæð íbúðarinnar er að hluta til undir súð og er grunnflötur eignarinnar u.þ.b. 20 fm. stærri. Íbúðin er öll innréttuð á vandann máta. Stæði fylgir í bílakjallara. Þetta er eign í sérflokki. **V. 48 millj.**

**Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.**

**Stærsti fasteignavefur landsins**



fasteignir.is á vísir.is


## atvinna


**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR**

ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN, MÚRARA OG PÍPARA SEM ERU KLÁRIR Í MIKLA VINNU.

**HANDAFL EHF s. 777 2 333**

STRÁ



Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is

**Til hvers að auglýsa ?**

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

» Ráðningarþjónusta

# Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

- **Vinnusparnaður**
  Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.
- **Markviss leit**
  Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.
- **Þriggja mánaða ábyrgð**
  Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.
- **Ekkert staðfestingargjald**
  Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.
- **Fjöldi hæfra umsækjenda**
  Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.
- **Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
  Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.
- **Reynsla og þekking**
  Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.
- **Sanngjarnt verð**
  Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is




HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

# TILBOÐ

## MIKIÐ ÚRVAL AF SÉRVÖLDUM STEINUM!

*Tilboðið gildir út desember!*



(B: 50cm H: 45cm)

**Legsteinn nr. 116**

Ígrafin áletrun, ígrafin mynd og frí uppsetning*

**Verð kr. 139.000,-**

Verð áður kr. ~~217.650~~,-



(B: 48cm H: 50cm)

**Legsteinn nr. 2041**

Ígrafin áletrun, ígrafin mynd, spörfugl og frí uppsetning*

**Verð kr. 149.000,-**

Verð áður kr. ~~227.050~~,-



(B: 48cm H: 50cm)

**Legsteinn nr. 2042**

Ígrafin áletrun, ígrafin mynd, spörfugl og frí uppsetning*

**Verð kr. 149.000,-**

Verð áður kr. ~~227.050~~,-



Litur: China Grey (B: 75cm H: 65cm)

**Legsteinn nr. 104**

Ígrafin áletrun, ígrafin mynd og frí uppsetning*

**Verð kr. 199.900,-**

Verð áður kr. ~~264.900~~,-



Litur: Sh. Black (B: 70cm H: 80cm)

**Legsteinn nr. 117**

Ígrafin áletrun, ígrafin mynd og frí uppsetning*

**Verð kr. 236.000,-**

Verð áður kr. ~~295.900~~,-



Litur: Vizag Blue (B: 75cm H: 65cm)

**Legsteinn nr. 107**

Ígrafin áletrun, ígrafin mynd og frí uppsetning*

**Verð kr. 239.000,-**

Verð áður kr. ~~293.900~~,-



Litur: Aurora (B: 80cm H: 76cm)

**Legsteinn nr. 115**

Ígrafin áletrun, ígrafin mynd og frí uppsetning*

**Verð kr. 299.000,-**

Verð áður kr. ~~375.900~~,-

* Frí uppsetning miðast við uppsetningu á höfuðborgarsvæðinu - Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

## Þarf að endurnýja letrið?

Graníthöllin tekur að sér að hreinsa og endurmála letur á legsteinum. Einnig tökum við að okkur að rétta af legsteina sem eru farnir að halla.

Hafðu samband við sölumenn okkar og við gerum þér tilboð í verkið.




Bæjarhrauni 26, 220 Hafnarfirði
www.granithollin.is
555-3888

**Graníthöllin**
Legsteinar




Kobe Bryant með verðlaunagripina fyrir meistaratitlana sína fimm en þessi magnaði kappi á glæstan feril að baki.

# Kobe var minn Jordan

**Einn besti leikmaður í sögu NBA-deildarinnar, Kobe Bryant, hefur gefið það út að skórnir fari upp í hillu í lok tímabilsins. Hann hefur náð stórkostlegum árangri og haft ótrúleg áhrif á körfuboltann á glæstum 20 ára ferli.**

**KÖRFUBOLTI** „Kæri körfubolti. Frá deginum sem ég fór að gera körfubolta úr sokkum föður míns og skjóta ímynduðum sigurkörfum í Forum-höllinni hef ég vitað að eitt var raunverulegt. Ég varð ástfanginn af þér.“

Svona hefst ljóðið hans Kobe Bryant sem hann sendi út aðfaranótt mánudags til þess að láta heiminn vita að núverandi tímabil verði hans svanasöngur í NBA-deildinni.

„Ég byrjaði að hlaupa. Ég hljóp fram og aftur völlinn. Þú fórst fram á mitt besta en ég gaf þér hjarta mitt,“ heldur Kobe áfram í þessu dramatíska ljóði sem eðlilega hefur vakið mikla athygli.

Enginn er eilífur og tíminn nær öllum að lokum. Líka hinum 37 ára gamla Kobe Bean Bryant.

„Hjarta mitt getur tekið við höggunum. Hugur minn ræður við álagið en líkaminn veit að það er kominn tími til að kveðja. Það er í fínu lagi því ég er tilbúinn að sleppa takinu,“ stendur enn fremur í ljóðinu góða.

**Sleppti háskólanum**

Kobe var að drífa sig er hann var ungur maður. Tók áhættuna og hoppaði aðeins 18 ára gamall úr framhaldsskóla í NBA-deildina. Slepptí því að fara í háskóla.

Þetta síðasta tímabil hans í deildinni verður hans tuttugasta. Uppskeran á þessum 20 árum er ansi ríkuleg. Fimm NBA-titlar, tvö Ólympíugull og ótal einstaklingsverðlaun svo fátt eitt sé talið. Hann er líka þriðji stigahæsti leikmaður deildarinnar frá upphafi á eftir Kareem Abdul-Jabbar og Karl Malone. Hann er eini leikmaðurinn í sögu NBA-deildarinnar sem hefur náð 20 árum með sama félaginu.

Kobe var valinn 13. í nýliðavalinu af Charlotte Hornets. Félagið hafði svo ekki trú á honum og skipti við LA Lakers sem tók á móti honum fegins hendi. Fyrir það er Kobe þakklátur í dag.

**Maðurinn sem seldi deildina**

Kobe var að mörgu leyti bjargvættur fyrir NBA-deildina í mörg ár sem var í smá krísu eftir að Michael Jordan hafði lagt skóna á hilluna. Þá vantaði andlit með deildinni. Kobe var brúin fyrir NBA yfir að LeBron James, Kevin Durant og Stephen Curry.

Vissulega voru fleiri frábærir leikmenn í deildinni á þeim tíma sem stjarna Kobe skein hvað skærast en hann var sá leikmaður sem seldi flesta aðgöngumiða og treyjur. Það vildu allir sjá Kobe Bryant spila.

Úrslitaeinvígi Lakers og Detroit Pistons árið 2004 fékk mest sjónvarpsáhorf síðan Jordan var síðast í úrslitum árið 1998. Á árunum 2000 til 2010 eru fjögur úrslitaeinvígi með virkilega gott áhorf. Þau hafa einn samnefnara – Kobe Bryant.

„Kobe var minn Jordan,“ segir Paul George, leikmaður Indiana, en hann var aðeins sex ára er Kobe kom inn í deildina. Fjölmargir aðrir NBA-leikmenn taka í sama streng. Kobe var þeirra Jordan. Heil kynslóð körfuboltamanna er að kveðja átrúnaðargoðið sitt.

„Það má vel vera að hann hafi ekki verið eins góður og Jordan en ég ólst upp við að horfa á hann vinna titla og dást að honum. Svo fór ég út að æfa mig og ímynda mér að ég væri Kobe. Hann hafði mikil áhrif á mig og marga fleiri.“

Það hefur verið búist við þessari yfirlýsingu frá Kobe í langan tíma. Flestir vissu að þetta yrði hans kveðjutímabil. Það hefur líka komið á daginn að hann tók ákvörðun fyrir þó nokkru síðan. Meiðsli hafa tekið sinn toll af honum síðustu ár og hann er kominn á endastöð.

**Ræddi málið við Jordan**

Einn af fyrstu mönnunum sem fengu að vita af ákvörðun hans var sjálfur Michael Jordan. Maðurinn sem Kobe leit upp til og tók svo við keflinu af.

„Ég spurði Michael hvenær maður vissi að tíminn væri kominn. Við veltum því fram og til baka. Hlógum mikið,“ segir Kobe er hann rifjar upp samtalið við Jordan síðasta sumar.

„Hann sagði mér síðan bara að njóta tímabilsins. Sama hvernig gengi skyldi ég njóta þess að spila körfubolta. Ég mætti ekki láta neinn skemma fyrir mér. Bara njóta.“

Það er nákvæmlega það sem Kobe Bean Bryant ætlar að reyna að gera næstu mánuði. Svo lengi sem heilsan leyfir.




## Verðlaun

**NBA-MEISTARI**
5 *(2000, 2001, 2002, 2009, 2010)*

**ÓLYMPÍUGULL**
2 (2008, 2012)

**BESTUR Í NBA**
1 (2008)

**BESTUR Í ÚRSLITAEINVÍGI NBA**
2 (2009, 2010)

**Í STJÖRNULIÐI NBA**
17 (1998, 2000-2015)

**BESTUR Í STJÖRNULEIKNUM**
4 (2002, 2007, 2009, 2011)

**Í ÚRVALSLIÐI NBA**
11 (2002-2004, 2006-2013)

**Í B-LIÐI DEILDARINNAR**
2 (2000, 2001)

**Í VARNARLIÐI NBA**
9 (2000, 2003-2004, 2006-2011)

**STIGAHÆSTUR Í NBA**
2 (2006-2007)

**TROÐSLUMEISTARI NBA**
1 (1997)

**STIGAHÆSTI LEIKMAÐUR Í SÖGU LAKERS**
**með 32.683 stig eða 25,3 stig að meðaltali í leik.**

## Nýjast

**Coca-Cola bikar karla, 16-liða úrslit**

**Stjarnan - Akureyri 26-23**

Markahæstir: Guðmundur Sigurður Guðmundsson 6 (14), Eyþór Magnússon 5 (8) – Kristján Orri Jóhannsson 9/4 (12/4), Bergvin Þór Gíslason 6 (8).

1. deildarlið Stjörnunnar sló Olísdeildarlið Akureyrar úr leik í Mýrinni í gær. Garðbæingar náðu mest sex marka forystu í upphafi síðari hálfleiks og leiddu til loka.

**Grótta - FH 28-23**

Grótta hafði betur í framlengdum leik en staðan að loknum venjulegum leiktíma var 19-19.

**Afturelding - Víkingur 22-20**

Markahæstir: Árni Bragi Eyjólfsson 6, Jóhann Jóhannsson 4 - Jóhann Reynir Gunnlaugsson 5, Ægir Hrafn Jónsson 4.

### RONALDO, MESSI OG NEYMAR TILNEFNDIR



Alþjóðaknattspyrnusambandið, FIFA, tilkynnti í gær hvaða leikmenn kæmu til greina sem bestu leikmenn ársins, bæði í karla- og kvennaflokki. Börsungarnir Lionel Messi og Neymar voru báðir tilnefndir, sem og Cristiano Ronaldo sem á titil að verja að þessu sinni. Sigurvegarinn fær Gullbolta FIFA en verðlaunin urðu til í núverandi mynd með samneiningu verðlauna FIFA og franska fótboltatímaritsins France Football. Þetta er í sjötta sinn sem Gullbolti FIFA er veittur en Messi hefur verið tilnefndur í öll skiptin og getur unnið í fimmta sinn. Í kvennaflokki voru Carli Loyd frá Bandaríkjunum, Aya Miyama frá Japan og Celia Sasic frá Þýskalandi tilnefnd.

### 26 MILLJARÐAR TIL UMBOÐSMANNA

Félög í ensku úrvalsdeildinni greiddu umboðsmönnum knattspyrnumanna samtals 26 milljarða króna á undanförnu ári. Það félag sem greiddi mest var Liverpool sem lét út tæpa þrjá milljarða. Skammt á eftir voru Manchester United, Manchester City, Chelsea og Arsenal en þau lið voru í nokkrum sérflokki. Um þrettán prósenta aukningu er að ræða á milli ára.

### EMIL FÆR NÝJAN ÞJÁLFARA



Hellas Verona rak í gær þjálfarann Andrea Mandorlini en liðið er enn án sigurs eftir fyrstu fjórtán leiki sína í ítölsku úrvalsdeildinni þetta tímabilið. Landsliðsmaðurinn Emil Hallfreðsson er á mála hjá Hellas Verona en liðið tapaði um helgina fyrir nýliðum Frosinone, 3-2. Það var þriðja tap Hellas Verona í röð og er liðið með einungis sex stig og er í neðsta sæti deildarinnar, átta stigum frá öruggu sæti. Mandorlini hafði verið hjá Hellas Verona í fimm ár og kom liðinu upp í úrvalsdeildina úr C-deildinni á sínum tíma.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 19.40 | Man. City - Hull | Sport & 2 |
| 19.40 | Boro - Everton | Sport 3 |

**Coca-Cola bikar karla:**

| | | |
|---|---|---|
| 19.00 | Fjölnir - Selfoss | Dalhús |


ÚRVALS
ÆFINGAFÉLAGAR
Lindsey Vonn
Margfaldur heimsmeistari á skíðum
UA Æfingapeysa
10.990 KR.
UA Æfingapeysa
10.990 KR.
UA Æfingapeysa
9.990 KR.
UA Æfingapeysa
14.990 KR.
UA Leggings
14.990 KR.
Coldgear
æfingabuxur
13.990 KR.
UNDER ARMOUR
UA Leggings
10.990 KR.
UA Æfingabolur
5.910 KR.
UA Æfingabolur
6.990 KR.
ÚRVALIÐ ER Í ÚTILÍF
ÚTILÍF
síðan 1974
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is
ARNASYNIR

# Besta farfuglaheimili í veröldinni á Vesturgötu

**Farfuglaheimilið á Vesturgötu var valið það besta í heimi af gestum sem panta gistingu gegnum bókunarvél alþjóðasamtaka farfugla, Hostelling International.**

„Við erum þakklát gestunum okkar fyrir þessa frábæru viðurkenningu. Hún er okkur hvatning til að gera enn betur," segir Sigríður Ólafsdóttir, rekstrarstjóri Farfuglaheimilanna í Reykjavík, þegar ljóst var að gestir sem bókuðu gistingu gegnum alþjóðasamtök farfugla settu heimilið á Vesturgötu 17 í efsta sæti. Það starfar, líkt og hin tvö í borginni; í Laugardalnum og Loft í Bankastræti, samkvæmt eigin sjálfbærnistefnu og hlaut líka þriðja sæti fyrir störf sín að umhverfismálum.

Farfuglaheimilið á Bíldudal var í þriðja sæti í kosningunni um vinalegasta farfuglaheimilið og náði auk þess í fimmta sætið fyrir störf sín að umhverfismálum.

Þetta verður að teljast sérlega glæsilegur árangur þar sem alls eru um 2.500 farfuglaheimili um allan heim í bókunarvélinni og til þess að komast á listana þarf hvert heimili að fá álit frá fleiri en 60 gestum. **gun@frettabladid.is**



**Emilia Prodea, gæðastjóri farfugla, Thomas Banakas, móttökustjóri á Vesturgötu, Kristi Strik, starfsmaður á Vesturgötu, og Sigríður Ólafsdóttir, rekstrarstjóri Reykjavíkurheimilanna.** MYND/ÚR EINKASAFNI

---



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sigurður Kristófer Óskarsson**

fyrrverandi skipstjóri og kennari, Dalbraut 16, Reykjavík,

lést á Hrafnistu í Reykjavík sunnudaginn 29. nóvember. Útför auglýst síðar.

**Sigríður F. Guðmundsdóttir**
**Hafdís Ósk Sigurðardóttir Brynjar Jakobsson**
**Linda Ósk Sigurðardóttir Helgi Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Yndislega mamma okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðrún Benediktsdóttir**

frá Grundarási,

sem lést 22. nóvember, verður jarðsungin föstudaginn 4. desember frá Bústaðakirkju kl. 15.00.

**Sigrún Aðalbjarnardóttir Þórólfur Ólafsson**
**Inga Hjördís Aðalbjarnardóttir Helgi Jón Jónsson**
**Aldís Aðalbjarnardóttir Páll Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Hlöðver Ingvarsson**

Laufrima 6, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 3. desember kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Björgunarsveitina Kjöl, Kjalarnesi, kt. 690390-1089, rnr. 0315-26-26332.

**Ragna Hjaltadóttir**
**Sigríður Inga Hlöðversdóttir Gunnar Leó Helgason**
**Guðrún Hafdís Hlöðversdóttir**
**og barnabörn.**

---



✝

Elskulegur sonur minn og bróðir okkar,

**Þorgeir Gunnarsson**

Kjarnagötu 14, Akureyri,

lést þriðjudaginn 24. nóvember síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Ólafsfjarðarkirkju föstudaginn 4. desember kl. 11.00.

**Guðrún Aðalbjörg Árnadóttir**
**Eyþór Hlynsson og Andrea Brá Hlynsdóttir**

---





*Útfarar- og lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

***Með kærleik og virðingu***

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**


---



✝

Elskulegur frændi okkar og vinur,

**Grímur Jónsson**

bóndi, Klifshaga, Öxarfirði,

lést á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga Húsavík, miðvikudaginn 25. nóvember. Jarðsungið verður frá Skinnastaðakirkju laugardaginn 5. desember kl. 14.00.

**Daði Þröstur Þorgrímsson**
**Sigra Þorgrímsdóttir**
**Pétur Þorgrímsson**
**og fjölskyldur.**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Björg Arnþórsdóttir**

Breiðumýri,

sem andaðist á HSN á Húsavík 25. nóvember, verður jarðsungin frá Einarsstaðakirkju laugardaginn 5. desember kl. 14.00.

**Jósep Rúnar Sigtryggsson Margrét Haraldardóttir**
**Friðgeir Sigtryggsson**
**Gerður Sigtryggsdóttir**
**Þórunn Sigtryggsdóttir Gísli Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Lárus Jónsson**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi fyrsta sunnudag í aðventu, 29. nóvember.

**Guðrún Jónsdóttir**
**Jón Ellert Lárusson Sigrún Ásdís Gísladóttir**
**Hólmfríður Kristjánsdóttir**
**Marta Kristín Lárusdóttir Guðmundur Valsson**
**Jónína Sigrún Lárusdóttir Birgir Guðmundsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.**

---



✝

Yndisleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigrún Guðmundsdóttir**

Gautlandi 7,

lést 20. nóvember. Útförin fer fram frá Háteigskirkju föstudaginn 4. desember kl. 13.00.

**Hallfríður Ólafsdóttir Sigurður Leifsson**
**Guðrún Ólafsdóttir Ingi Ragnar Pálmarsson**
**Hildur Sigurðardóttir Henry Birgir Gunnarsson**
**Una Björk Sigurðardóttir Vincent Franz Wood**
**Sigrún Ýr Sigurðardóttir**
**Kári Ingason**
**Dagur Ingason**
**Ísak Daði Henrysson**
**Ísabella Henrysdóttir**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Jónína Rannveig Kjartansdóttir**

frá Bolungarvík,

lést mánudaginn 23. nóvember á LSH við Hringbraut. Útförin fer fram frá Háteigskirkju fimmtudaginn 3. desember kl. 13.00. Sérstakar þakkir til starfsfólks LSH fyrir alúð og umhyggju.

**Viðir Jónsson Jóna Arnórsdóttir**
**Margrét Jónsdóttir Guðmundur J. Matthíasson**
**Guðmundur Þ. Jónsson Vigdís E. Hjaltadóttir**
**Friðgerður B. Jónsdóttir Páll Ingi Kristjónsson**
**Svala Jónsdóttir Birkir Hreinsson**
**ömmu- og langömmubörn.**

---



✝

Ástkær móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðrún Jónsdóttir**

Skaftahlíð 16,

lést á Hjúkrunarheimilinu Grund 27. nóvember síðastliðinn. Útförin fer fram frá Laugarneskirkju fimmtudaginn 3. desember kl. 14.30.

**Fyrir hönd vandamanna,**
**Alfred Wolfgang Gunnarsson**
**Sigrún Pálína Ingvarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

HLUSTAÐU Á 18 KONUR HVAR OG HVENÆR SEM ER.

tonlist.is






**BUBBI MORTHENS**
& Spaðadrottningarnar
**18 konur**

# Áskrift í tvo mánuði

## + 18 konur með Bubba

- aðeins 1699,-

Taktu mánaðaráskrift á Tónlist.is í desember og þú færð annan mánuð frítt og að auki nýjustu plötu Bubba Morthens, 18 konur, fyrir **aðeins 1.699,-**
(Venjulegt verð 5.247,-). Athugið að áskriftin er ótímabundin.

Með nýjum vef og appi getur þú streymt þínum uppáhalds lögum hvar og hvenær sem er.

Tónlist

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Þriðjudagur




Gengur í austanhvassviðri eða -storm með snjókomu eða skafrenningi, fyrst suðvestanlands, en búist er við mikilli ofankomu og skafrenningi á höfðuborgarsvæðinu. Snýst í mun hægari suðvestanátt sunnan- og vestanlands og rofar til seinni partinn. Ekkert ferðaveður er því á morgun.

### Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -0° | -4° | -5° |
| ↗8 | →6 | ↗17 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -8° | -5° | -9° |
| ↗13 | →4 | ↗11 |

### Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -1° | -6° | -7° |
| ↑4 | ↓2 | ↗12 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -7° | -3° | -8° |
| ↑8 | →4 | ↑5 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. hreinsiefni
6. líka
8. gogg
9. lærir
11. í röð
12. smáu
14. rófa
16. tveir eins
17. af
18. eyrir
20. persónufornafn
21. faðmlag

**LÓÐRÉTT**
1. hópur
3. utan
4. ávaxtatré
5. þakbrún
7. ljómi
10. stykki
13. hrós
15. rótartauga
16. rúm ábreiða
19. ullarflóki




**LÁRÉTT:** **2.** sápu, **6.** og, **8.** nef, **9.** les, **11.** rs, **12.** litlu, **14.** skott, **16.** ll, **17.** frá, **18.** aur, **20.** ég, **21.** knús.
**LÓÐRÉTT:** **1.** holl, **3.** án, **4.** perutré, **5.** ufs, **7.** geislun, **10.** stk, **13.** lof, **15.** tága, **16.** lak, **19.** rú.

### Skák Gunnar Björnsson

Helgi Áss Grétarsson (2.450) átti leik Guðmundi Daðasyni (2.146) á Íslandsmóti skákfélaga sl. haust.

**Hvítur á leik**

**29. d5! Bxd5 30. Hxg5+ Kh8 31. Hxd5** og Guðmundur gafst upp skömmu síðar. Helgi Áss er með skoðanakönnun á Facebook-síðu sinni um hvort hann eigi að taka þátt í næsta Reykjavíkurskákmóti.

**www.skak.is:** Örn Leó unglingameistari Íslands



### Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 9 | 3 | | 5 | |
| | 5 | | | | 8 | | 7 | |
| 3 | | 1 | 2 | | | | | 9 |
| | | 6 | | 7 | 9 | 5 | | |
| 4 | | 2 | 6 | | | 9 | | |
| | | 8 | 3 | | | | | |
| 8 | | | 5 | | | 4 | | 2 |
| | | | | 4 | | 7 | | 8 |
| | | | | | | 1 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | | 3 | | 8 | | 2 | 1 |
| | | | | | | | 5 | |
| 3 | | | | 2 | | | | |
| | 6 | 4 | | 1 | | | 3 | |
| 2 | | | 9 | | 3 | 6 | | 7 |
| | | 9 | | | | | | 2 |
| | 7 | 2 | 5 | 8 | | 1 | | |
| | 1 | | 2 | 4 | | | | 8 |
| | 9 | 5 | | | | | 7 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 8 | 6 | 7 | | | | |
| 2 | | | 9 | | | | | 1 |
| | 6 | | | 2 | 3 | | | 9 |
| | 1 | | 8 | | | | | |
| 3 | | 9 | | | | | | 8 |
| 7 | | | 4 | | 9 | 3 | 5 | |
| | 2 | 6 | | | | 8 | | |
| | | | | 4 | | | | |
| | 4 | 3 | | 8 | | 5 | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku →

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | 4 | 1 | 9 | 3 | 2 | 5 | 6 |
| 2 | 5 | 9 | 4 | 6 | 8 | 3 | 7 | 1 |
| 3 | 6 | 1 | 2 | 5 | 7 | 8 | 4 | 9 |
| 1 | 3 | 6 | 8 | 7 | 9 | 5 | 2 | 4 |
| 4 | 7 | 2 | 6 | 1 | 5 | 9 | 8 | 3 |
| 5 | 9 | 8 | 3 | 2 | 4 | 6 | 1 | 7 |
| 8 | 1 | 7 | 5 | 3 | 6 | 4 | 9 | 2 |
| 6 | 2 | 5 | 9 | 4 | 1 | 7 | 3 | 8 |
| 9 | 4 | 3 | 7 | 8 | 2 | 1 | 6 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 5 | 7 | 3 | 6 | 8 | 4 | 2 | 1 |
| 1 | 2 | 8 | 7 | 9 | 4 | 3 | 5 | 6 |
| 3 | 4 | 6 | 1 | 2 | 5 | 7 | 8 | 9 |
| 7 | 6 | 4 | 8 | 1 | 2 | 9 | 3 | 5 |
| 2 | 8 | 1 | 9 | 5 | 3 | 6 | 4 | 7 |
| 5 | 3 | 9 | 4 | 7 | 6 | 8 | 1 | 2 |
| 4 | 7 | 2 | 5 | 8 | 9 | 1 | 6 | 3 |
| 6 | 1 | 3 | 2 | 4 | 7 | 5 | 9 | 8 |
| 8 | 9 | 5 | 6 | 3 | 1 | 2 | 7 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 9 | 8 | 6 | 7 | 4 | 2 | 3 | 5 |
| 2 | 3 | 7 | 9 | 5 | 8 | 4 | 6 | 1 |
| 4 | 6 | 5 | 1 | 2 | 3 | 7 | 8 | 9 |
| 6 | 1 | 4 | 8 | 3 | 5 | 9 | 2 | 7 |
| 3 | 5 | 9 | 2 | 6 | 7 | 1 | 4 | 8 |
| 7 | 8 | 2 | 4 | 1 | 9 | 3 | 5 | 6 |
| 5 | 2 | 6 | 3 | 9 | 1 | 8 | 7 | 4 |
| 8 | 7 | 1 | 5 | 4 | 2 | 6 | 9 | 3 |
| 9 | 4 | 3 | 7 | 8 | 6 | 5 | 1 | 2 |






## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




VILTU VEÐJA?
JR
Getur þátttakandinn haldið ræðu um einhverja íþrótt í 1 mínútu. Þátttakandinn velur íþróttina og má ekki endurtaka það sem hann segir eða gera hlé á máli sínu í nema örfáar sekúndur.
YNGRI:
30 sekúndur.
Getur þátttakandinn nefnt 4 fræga karla sem bera nafnið Ólafur?
YNGRI:
Getur þátttakandinn nefnt 2 fræga karla sem bera nafnið Ólafur?
TACTIC
Fjölskylda
8+ aldur
3–6 leikmenn
VILTU VEÐJA?
Fjölskyldu-áskorun!
Viltu veðja hvort ég geti það?
Getur þátttakandinn nefnt 8 mismunandi höfuðborgir?
YNGRI:
Getur þátttakandinn nefnt 3 mismunandi höfuðborgir?
Getur þátttakandinn kastað veðmálskorti 3-5 metra?
3 sinnum í 5 tilraunum?
Fjarlægðin er ákveðin áður en lagt er undir.
YNGRI:
2 sinnum í 5 tilraunum.
FJÖRUGA BORÐSPILIÐ
KOMIÐ Í VERSLANIR

## Mozart setti sig í stellingar

**Blásarakvintett Reykjavíkur efnir til árvissra tónleika sinna í Fríkirkjunni í kvöld undir heitinu Kvöldlokkur á jólaföstu.**

Kvöldlokkur eða blásaraserenöður eru hljómfögur klassísk tónlist sem á vel við á aðventunni þegar við sækjumst eftir fegurð og friðsæld meðan á jólaundirbúningnum stendur," segir Einar Jóhannesson klarinettuleikari. Hann er einn þeirra sem skipa Blásarakvintett Reykjavíkur sem heldur tónleikana Kvöldlokkur í Fríkirkjunni í kvöld klukkan 20, ásamt félögum.

„Að þessu sinni er komið að djásni allra blásaraserenaða – þeirri stóru fyrir 13 blásara og kontrabassa eftir meistara Mozart," segir Einar. „Þessi serenaða er oft kölluð Gran Partitam og þó hún sé hrein skemmtitónlist þá setur Mozart sig þarna í sérstakar stellingar og leggur meira í verkið en búast hefði mátt við.

Árangurinn er klukkustundarlangur sæluhrollur!" Einar bætir þeim fróðleik við að tónar úr serenöðunni komi mikið við sögu í kvikmyndinni Amadeus sem margir muna eftir.

Tónleikarnir hefjast klukkan 20. Miðaverð er 2.000 krónur og 1.000 krónur fyrir eldri borgara og nemendur.

**gun@frettabladid.is**



**Blásarakvintett Reykjavíkur í Fríkirkjunni.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Mikið úrval af snjóskóflum




Síðumúla 11 - Sími 568-6899 - Opið virka daga: 8 til 18; Laugardaga 10 til 14 - www.vfs.is

## Bölvun borgríkisins – og börnin

**BÆKUR**

**Koparborgin**

★★★★☆

**Höfundur:** Ragnhildur Hólmgeirsdóttir
**Útgefandi:** Björt útgáfa – Bókabeitan
**Kápuhönnun:** Vilhjálmur Warén
**Prentun:** Prentmiðlun ehf./Pólland

Ragnhildur Hólmgeirsdóttir sendi nýlega frá sér sína fyrstu bók og hún er ekki af verri endanum. Koparborgin segir frá hinum tólf ára Pietro sem misst hefur fjölskyldu sína í óhuggulegri plágu sem geisað hefur á svæðinu. Hann leitar skjóls í Víxlarahúsinu, en þar búa aðeins börn. Þegar þau ná sextán ára aldri er þeim svo gert að yfirgefa húsið. Það er erfitt að rekja söguþráðinn í stuttu máli, hann er margþættur og byggir á forsögu sem þó kemur aldrei beinlínis fram nema í pörtum. Lesandinn fær að draga línur milli punktanna og búa til heildarmyndina.

Höfundur fleygir lesandanum strax inn í söguna, á fyrstu blaðsíðunni, án nokkurra forsendna til að skilja eitt eða neitt – hún leggur traust sitt á lesandann og það eykur bæði á lestraránægjuna og spennuna. Atburðarásin er nefnilega mjög spennandi.

Þótt höfundurinn sé íslenskur er sögusviðið langt frá því að líkjast íslenskum veruleika. Við lesturinn minnir umhverfið helst á Ítalíu úr sögubókunum. Það er þó þannig bæði með umhverfið og forsöguna að lesandinn fær upplýsingarnar smátt og smátt sem bindur hann fastari böndum við söguþráðinn og -sviðið.

Margt er í bókinni myrkt og óhuggulegt, það er eitthvað við ægivöld barnanna sem vekur óhug en á sama tíma stendur þeim gríðarleg ógn af óþekktum öflum í borgríkinu. Í seinni hluta bókarinnar fléttast galdrar og bölvanir inn í söguna.

Lýsingar eru magnaðar, það er augljóst að höfundur lifði sig algjörlega inn í sögusviðið og sá það vel fyrir sér. Henni tekst einnig að draga það svo vel upp fyrir lesandanum að hann kemst ekki hjá því að sogast inn í senurnar. Hugsanlega er einhverju oflýst, til dæmis eru viðbrögð og atferli persónanna túlkuð og lagt mat á hversu einlægar eða flóttalegar þær eru hverju sinni. Því verður þó ekki neitað að það er afar vel gert, svo lesandanum líður ekki eins og verið sé að taka fram í fyrir honum heldur frekar treystir hann höfundinum enn frekar og leyfir henni að leiða sig áfram um þessa ókunnu veröld.

Bókin er gefin út sem ungmennabók en hentar alveg eins ævintýraþyrstum foreldrum, öfum og ömmum. **Halla Þórlaug Óskarsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Spennandi og frumleg bók þar sem höfundur leiðir lesandann áfram um ókunna og afar óhuggulega veröld, þar sem börn og fullorðnir eru ólíkar fylkingar, sem stendur ógn af göldrum, bölvunum og óraplágum.

Höfundakvöld í Norræna húsinu
1. desember kl. 19:30

Norræna húsið
The Nordic House



Norsk-samíska leikskáldið og rithöfundurinn Rawdna Carita Eira kemur fram á höfundakvöldi í Norræna húsinu 1. desember kl. 19:30. Hún mun spjalla um verk sín við Jórunni Sigurðardóttur dagskrárgerðarkonu. Vísnasöngkonan Þorgerður Ása Aðalsteinsdóttir flytur gestum ljúfa tóna. Samtalið fer fram á skandinavísku.

Allir velkomnir, aðgangur ókeypis.

**Höfundakvöld Norræna hússins 2016**
**12. janúar** Kristina Sandberg (SE)
**2. febrúar** Gaute Heivoll (NO)
**1. mars** Åsne Seierstad (NO)
**5. apríl** Susanna Alakoski (SE)
**3. maí** tilkynnt síðar

Veitingastaðurinn **Aalto bistro** selur veitingar fyrir viðburðinn og í hléi.

Sturlugata 5, 101 Reykjavík
Tel: 5517030, www.nordichouse.is

## Hrikalegar barsmíðar á Sinfóníutónleikum

**TÓNLIST**

**Sinfóníuhljómsveit Íslands**

★★★★☆

**Höfundar:** Debussy, Ligeti, Mahler og Daníel Bjarnason
**Einsöngvari:** Ólafur Kjartan Sigurðarson
**Stjórnandi** Daníel Bjarnason

**Eldborg í Hörpu**
Fimmtudaginn 26. nóvember

Allskyns ógeð kom upp í huga mér á Sinfóníutónleikum á fimmtudagskvöldið. Það var ekkert skrýtið því á dagskránni var meðal annars Lontano eftir ungverska tónskáldið György Ligeti. Þetta er sveimkennd tónlist sem er full af myrkum hljómum og annarlegum tónahendingum. Stanley Kubrik var svo hrifinn af verkinu að hann notaði það til að magna upp hryllinginn í The Shining. Það var morðóður Jack Torrance sem maður sá fyrir sér á Sinfóníutónleikunum.

Daníel Bjarnason stjórnaði hljómsveitinni og honum tókst að gæða músíkina réttа andrúmsloftinu. Hún var fínlega mótuð með dökkri undiröldu. Heildarsvipurinn sterkur, óhugnaðurinn allsráðandi.

Annað drungalegt verk var flutt á tónleikunum, Kindertotenlieder (ljóð um dauða barna) eftir Gustav Mahler. Það er í fimm köflum. Textinn er fenginn úr jafnmörgum ljóðum eftir Friedrich Rückert. Hann orti þau, ásamt mörgum fleirum, eftir dauða tveggja barna sinna. Sú sérkennilega staða kom upp að tilkynnt var á undan flutningnum að einsöngvarinn, Ólafur Kjartan Sigurðarson, væri veikur en ætlaði samt að syngja.



**„Nýtt verk eftir Daníel Bjarnason var stórfenglegt," segir í dómnum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Miðað við aðstæður var söngurinn furðu góður í fyrstu. En svo syrti í álinn og undir það síðasta var röddin svo gott sem horfin. Kannski hefði verið betra að sleppa flutningnum bara alveg.

Hitt á efnisskránni var fínt. Tvær tónsmíðar eftir Debussy, Síðdegi skógarpúkans og Hafið voru prýðilega fluttar. Síðdegið var frábærlega útfært. Tréblásararnir voru með sitt á hreinu og strengirnir voru þykkir og munúðarfullir. Hafið var sömuleiðis myndrænt. Smæstu blæbrigði voru nostursamlega ofin. Túlkunin stórbrotin, litrík og draumkennd, einmitt eins og hún átti að vera.

Aðalmálið var hins vegar nýtt verk, Collider, eftir stjórnandann sjálfan, Daníel Bjarnason. Þetta var hugleiðing um tilraunirnar sem framkvæmdar eru í hinum risavaxna öreindahraðli í Sviss, The Large Hadron Collider á ensku. Í upphafi einkenndist tónlistin af leik bassahljóðfæra sem sköpu tilfinningu fyrir kosmískri stærð. Síðan fór hraðinn að aukast. Kvikar tónahendingar flugu um, rétt eins og róteindirnar sem sendar eru um hraðalinn, en þar er þeim skotið hverri á aðra. Í tónlistinni heyrði maður þessa árekstra, hrikalegar slagverksbarsmíðar. Þær urðu ennþá áhrifameiri fyrir þær sakir að stígandin í tónsmíðinni var þaulhugsuð. Hljómsveitarröddunin var fjölbreytt og glæsileg. Þær mynduðu dramatískar andstæður sem sífellt jókst ásmegin. Fyrir bragðið varð barsmíðakenndur hápunkturinn svo ægilegur og flottur að það var alveg einstakt. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Debussy og Ligeti komu vel út, og nýtt verk eftir Daníel Bjarnason var stórfenglegt.

# NÝIR netto OPNUNARTÍMAR

## ÞANN 1. DESEMBER MUNU OPNUNARTÍMAR BREYTAST Í VERSLUNUM OKKAR.

VIÐ VILJUM KOMA TIL MÓTS VIÐ VIÐSKIPTAVINI OKKAR OG EINFALDA OPNUNARTÍMANA.

SAMI OPNUNARTÍMI VERÐUR **ALLA DAGA** SEM SKIPTIST SVONA Á MILLI BÚÐA:

**24 TÍMA**
MJÓDD
GRANDI

**10-19**
AKUREYRI
BORGARNES
EGILSSTAÐIR
GRINDAVÍK
HÖFN

**10-21**
SALAVEGUR
SELFOSS
BÚÐAKÓR

SAMBÍÓIN
NÁÐU Í SAMBÍÓ APPIÐ
ÞAÐ MARGBORGAR SIG




**ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| GÓÐA RISAEÐLAN ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |
| GÓÐA RISAEÐLAN ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 | L |
| THE GOOD DINOSAUR ENSKT TAL 2D | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| SOLACE | KL. 8 - 10:20 | |
| SOLACE VIP | KL. 8 - 10:10 | VIP |
| STEVE JOBS | KL. 8 - 10:40 | L |
| SCOUTS GUIDE | KL. 8 | |
| THE LAST WITCH HUNTER | KL. 10:10 | |
| PAN ÍSL TAL 2D | KL. 5:30 | |
| EVEREST 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:40 | |

**AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| GÓÐA RISAEÐLAN ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 | L |
| THE GOOD DINOSAUR ENSKT TAL 2D | KL. 8 | L |
| SOLACE | KL. 8 - 10:20 | |
| THE LAST WITCH HUNTER | KL. 10:20 | |
| PAN ÍSL TAL 2D | KL. 5:30 | |

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG

**EGILSHÖLL**

| | | |
|---|---|---|
| GÓÐA RISAEÐLAN ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 | L |
| SOLACE | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | |
| SPECTRE | KL. 6 - 8 - 9 - 10:10 | |
| SCOUTS GUIDE | KL. 11 | |
| THE LAST WITCH HUNTER | KL. 8 | |
| PAN ÍSL TAL 2D | KL. 5:40 | |

**KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| GÓÐA RISAEÐLAN ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |
| GÓÐA RISAEÐLAN ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 | L |
| THE GOOD DINOSAUR ENSKT TAL 2D | KL. 8 | L |
| SOLACE | KL. 8 - 10:20 | |
| SPECTRE | KL. 5:20 - 8:30 - 10:10 | |

**KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| GÓÐA RISAEÐLAN ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 | L |
| BRIDGE OF SPIES | KL. 7 | |
| THE NIGHT BEFORE | KL. 8 | |
| HUNGER GAMES 3D | KL. 10:10 | |
| SPECTRE | KL. 10:10 | |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is

LAUGARÁSBÍÓ
midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
Coca-Cola




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| HUNGER GAMES 4 2D | 5:15, 8, 10:10 |
| THE NIGHT BEFORE | 8, 10:45 |
| GÓÐA RISAEÐLAN 2D | 5:15 |
| SPECTRE | 6, 9 |


# Hvað? Hvenær? Hvar? Þriðjudagur

**1. DESEMBER 2015**

## Uppákomur

**Hvað?** Jólaland – Opnun
**Hvenær?** 12.34
**Hvar?** Sýningarsalur Norræna hússins
Innsetning eftir Lóu Hlín Hjálmtýsdóttur. Útgangspunktur Lóu í verkinu er hvernig jólin myndu líta út fyrir manneskju sem heyrir um þau í fyrsta skipti. Allir velkomnir og ókeypis aðgangur.

**Hvað?** Jóladagatal Norræna hússins
**Hvenær?** 12.34
**Hvar?** Norræna húsið
Jóladagatal Norræna hússins alla daga fram að jólum. Dagskráin er fjölbreytt og aðgengileg og má til dæmis eiga von á upplestri, dansi og alls kyns skemmtiatriðum. Allir velkomnir.

**Hvað?** Hausttónleikar Listaháskóla Íslands; hugljúfir nemendatónleikar
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Safnahúsið
Sigríður Hjördís Indriðadóttir á flautu, Greta Ekberg á flautu og Kristín Jóna Bragadóttir á klarinett.

**Hvað?** Höfundakvöld: Rawdna Carita Eira
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Svarta boxið, Norræna húsið
Rawdna Carita Eira spjallar um verk sín við Jórunni Sigurðardóttur dagskrárgerðarkonu og vísnasöngkonan Þorgerður Ása Aðalsteinsdóttir flytur gestum ljúfa tóna. Samtalið fer fram á skandinavísku, allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

**Hvað?** Bókaspjall
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bókasafn Kópavogs
Rithöfundarnir Auður Jónsdóttir, Hallgrímur Helgason og Jón Kalman Stefánsson lesa upp úr bókum sínum og taka þátt í pallborðsumræðum undir stjórn Maríönnu Clöru Lúthersdóttur á árlegu bókaspjalli bókasafnsins. Léttar veitingar og allir velkomnir.

## Kvikmyndir

**Hvað?** Hefnendabíó
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra
Kung Fu Hustle eftir Stephen Chow sýnd á Hefnendabíó. Frítt inn á meðan húsrúm leyfir.

**Hvað?** Kvöldvaka með Stephen Jenkinson
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Tjarnarbíó
Heimildamyndin Griefwalker sem fjallar um líf og störf sagnameistarans Stephens Jenkinson sem er á ferðalagi um heiminn með nýjustu bók sína, Die Wise. Stephen stoppar við á Íslandi á ferðalagi sínu og situr fyrir svörum eftir myndina. Miðaverð er 2.400 krónur.

## Námskeið

**Hvað?** Konfektnámskeið Hagkaups
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Hagkaup, Holtagörðum
Farið verður í grunnþætti kokfektgerðar og búa þátttakendur til sína eigin mola og taka með heim. Allt hráefni er innifalið í námskeiðsgjaldi. Verð er 4.990 krónur.

## Tónlist

**Hvað?** Hádegistónleikar – Mæðgur um jól
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Hafnarborg
Mæðgurnar og sópransöngkonurnar Hanna Björk Guðjónsdóttir og Björg Birgisdóttir koma saman í Hafnarborg. Þar munu þær meðal annars syngja Ave Maríur og aríur úr óperuheiminum. Allir velkomnir.




**Líkt og aðra þriðjudaga verður KexJazz á Kexi hosteli í kvöld.**

**Hvað?** Fullveldissöngvar Fóstbræðra
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Hörpuhorn, Hörpu
Karlakórinn Fóstbræður heldur stutta hádegistónleika í tilefni af fullveldisdeginum. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Ingrid og Leifur
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kex hostel
Kvartett kontrabassaleikarans Leifs Gunnarssonar ásamt söngkonunni Ingrid Örk Kjartansdóttur kemur fram á Kex Jazz í kvöld. Flutt verður tónlist af plötunni Húsið sefur sem Leifur gaf út á þessu ári auk eldri margreyndra jazzættaðra sönglaga sem Ingrid hefur valið. Aðgangur ókeypis.

## Fyrirlestrar

**Hvað?** Auðkenni – Logohönnun: Tilfinning eða vísindi?
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Ketilhús, Listasafnið á Akureyri
Grafíski hönnuðurinn og kennarinn Þórhallur Kristjánsson flytur erindið Auðkenni – Logohönnun: Tilfinning eða vísindi? í dag þar sem hann mun fjalla um vinnuna á bak við góð merki.

**Hvað?** Sigrún Magnúsdóttir ráðherra flytur erindi um Rannveigu Þorsteinsdóttur, lögfræðing og alþingismann
**Hvenær?** 17.15
**Hvar?** Félagsmiðstöðin, Hæðargarði 31
Rannveig Þorsteinsdóttir fæddist á Sléttu í Mjóafirði 6. júlí 1904, d. 18. janúar 1987. Konur höfðu ekki kosningarétt þegar hún fæddist. Rannveig tók Samvinnuskólapróf 1924, stúdentspróf frá MR 1946, lögfræðipróf frá Háskóla Íslands 1949. Hdl. 152. Hrl. 1959. Hún var alþingismaður Reykvíkinga fyrir Framsóknarflokkinn. Erindið er flutt á vegum U3A í Reykjavík www.u3a.is í erindaflokknum Merkir Íslendingar en í haust hefur verið rætt um fimm fyrstu konurnar sem sátu á Alþingi og Rannveig Þorsteinsdóttir er ein þeirra. Kaffi og munngæti. Aðgangseyrir kr. 500.

**Hvað?** Jóla- og afmælistónleikar Halla Reynis
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Café Rosenberg
Miðaverð er 1.500 krónur.

## Opnun

**Hvað?** Af landi – Opnun
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstíg 10
Formleg opnun á myndlistarsýningunni Af landi með verkum eftir Þóru Björk. Sæunn Þorsteinsdóttir syngur nokkur vel valin lög við undirleik Kristjáns Sigurðssonar.



**Auður Jónsdóttir verður ásamt Hallgrími Helgasyni og Jóni Kalman Stefánssyni í Bókaspjalli á Bókasafninu í Kópavogi í kvöld.**








BÍÓ ★ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | | | |
|---|---|---|---|
| The Program ÍS SUB | 18:00 | Valley of Love ÍS SUB | 20:00 |
| Macbeth ÍS SUB | 17:45 | Veðrabrigði ENG SUB | 20:00 |
| Stúlkurnar á Kleppi | 18:00 | Glænýja Testamentið ÍS SUB | 22:00 |
| 45 years ÍS SUB | 20:00 | Sparrows / Þrestir ENG SUB | 22:00 |






PIPAR\TBWA • SÍA

*Sportpakkinn inniheldur:* ***Stöð 2 Sport, Stöð 2 Sport 2, hliðarrásir, MUTV, LFC TV og Chelsea TV*** *á 14.990 kr. á mán.*

# FULLT AÐ GERAST Í SPORTINU Í DESEMBER

2 SPORT
2 SPORT 2

*Það verður heldur betur hasar á sportstöðvunum okkar í desember. Stórstjörnurnar í enska boltanum verða í bullandi yfirvinnu, karfan, fótbolti út um alla Evrópu, handbolti, NFL og margt annað spennandi um hátíðarnar.* ***Góða skemmtun!***

Með Sportpakkanum færðu **endalaust tal** og **1 GB** á **1.990 kr.**



2 | 22:10
**LEGENDS**
Martin Odum starfar fyrir bandarísku alríkislögregluna FBI. Hann er sá besti í bransanum þegar kemur að því að starfa á bak við tjöldin og komast í innsta hring glæpasamtaka. Hörkuspennandi þættir!

FRÁBÆR
ÞRIÐJUDAGUR
Fáðu þér áskrift á 365.is
365

2 | 20:35
**THE GREAT CHRISTMAS LIGHT FIGHT**
Skemmtilegir og spennandi þættir um nokkrar bandarískar fjölskyldur sem etja kappi í hörkuspennandi skreytingakeppni.




2 | 21:35
**PUBLIC MORALS**
Sögusviðið er New York á sjöunda áratugnum og fjallað er um líf og störf rannsóknarlögreglumanna í sérstakri siðadeild sem fara stundum vafasamar leiðir.




b | 22:00
**CLOSER**
Dramatísk verðlaunamynd með þeim Juliu Roberts, Jude Law, Clive Owen og Natalie Portman í aðalhlutverkum.



3 | 20:15
**ONE BORN EVERY MINUTE**
Vandaðir og áhugaverðir þættir sem gerast á fæðingadeild þar sem fylgst er með komu nýrra einstaklinga í heiminn.



G | 20:20
**HIÐ BLÓMLEGA BÚ**
Glæsilegir íslenskir þættir þar sem matreiðslumaðurinn Árni Ólafur kennir okkur hvernig hægt er að nýta hráefnin úr sveitinni til girnilegrar matargerðar.



Krakka stöðin | 19:00
**LÍNA LANGSOKKUR**
Hress og skemmtileg teiknimynd um Línu langsokk og vini hennar, Önnu og Tomma.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag. 365.is

# DAGSKRÁ

## Þriðjudagur

### STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**07.45** The Middle
**08.10** Junior Masterchef Australia
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.20** The Night Shift
**11.05** Lying Game
**11.50** Suits
**12.35** Nágrannar
**13.00** American Idol
**14.25** American Idol
**15.10** Death Comes to Pemberley
**16.10** The Dead Mothers Club
**17.20** Bold and the Beautiful
**17.40** Nágrannar
**18.05** Simpson-fjölskyldan
**18.30** Fréttir Stöðvar 2 Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.47** Íþróttir
**18.55** Ísland í dag. Andri, Margrét Erla, Lóa Pind og Pétur Jóhann færa þér skemmtilegan þjóðmálaþátt í beinni útsendingu á hverjum degi. Áhugaverð umræða, fróðlegar fréttaskýringar og skemmtileg sjónarhorn.
**19.25** Anger Management
**19.50** The Great Christmas Light Fight
**20.35** Empire
**21.25** Public Morals
**22.10** Legends
**23.00** Covert Affairs
**23.45** Grey's Anatomy
**00.30** Blindspot
**01.15** Mistresses
**02.00** Spider-Man
**04.00** Backstrom
**04.45** Bones 10
**05.30** Fréttir og Ísland í dag

### SPORT

**07.00** Ítalski boltinn
**08.40** Ítalski boltinn
**11.30** Spænski boltinn
**13.10** Spænsku mörkin
**13.40** Markaþáttur Meistaradeildar Evrópu í handbolta
**14.10** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**14.35** Domino's-deildin
**16.05** Körfuboltakvöld
**17.30** Ítalski boltinn
**19.10** Ítölsku mörkin
**19.40** Manchester City og Hull City Bein útsending frá leik í enska deildarbikarnum.
**21.45** Ítalski boltinn
**23.25** League Cup

### SPORT 2

**07.00** Messan
**08.15** Messan
**11.05** Premier League
**12.45** Football League Show
**13.15** Premier League
**14.55** Premier League World
**15.25** Premier League
**17.05** Premier League
**18.45** Premier League Review
**19.40**Manchester City og Hull City Bein útsending frá leik í enska deildabikarnum.
**21.45** Messan
**23.00** Manstu
**23.40** League Cup
**01.20** Premier League

### GOLFSTÖÐIN

**09.15** Frys.Com open
**13.45** PGA Tour - Highlights
**14.40** Golfing World
**15.30** PGA Special: In the Spotlight
**16.15** The Open Official Film
**17.10** Golfing World
**18.00** BMW Masters
**23.10** Golfing World

### STÖÐ 3

**18.45** Ground Floor
**19.10** Schitt's Creek
**19.30** Project Runway
**20.15** One Born Every Minute
**21.00** Pretty Little Liars
**21.45** Witches of East End
**22.30** Mayday. Disasters
**23.15** Last Ship
**00.00** Project Runway
**00.45** One Born Every Minute
**01.25** Pretty Little Liars
**02.10** Witches of East End
**02.50** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

### KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Dóra könnuður
**07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**07.45** Doddi litli og Eyrnastór
**07.55** Tommi og Jenni
**08.00** Áfram Diego, áfram!
**08.24** Svampur Sveinsson
**08.49** UKI
**08.54** Rasmus Klumpur og félagar
**09.00** Ævintýri Tinna
**09.23** Lína langsokkur
**09.48** Töfrahetjurnar
**10.00** Ofurhundurinn Krypto
**10.24** Ljóti andarunginn og ég
**10.47** Ævintýraferðin
**11.00** Dóra könnuður
**11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**11.45** Doddi litli og Eyrnastór
**11.55** Tommi og Jenni
**12.00** Áfram Diego, áfram!
**12.24** Svampur Sveinsson
**12.49** UKI
**12.54** Rasmus Klumpur og félagar
**13.00** Ævintýri Tinna
**13.23** Lína langsokkur
**13.48** Töfrahetjurnar
**14.00** Ofurhundurinn Krypto
**14.24** Ljóti andarunginn og ég
**14.46** Ævintýraferðin
**15.00** Dóra könnuður
**15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**15.45** Doddi litli og Eyrnastór
**15.55** Tommi og Jenni
**16.00** Áfram Diego, áfram!
**16.24** Svampur Sveinsson
**16.49** UKI
**16.54** Rasmus Klumpur og félagar
**17.00** Ævintýri Tinna
**17.23** Lína langsokkur
**17.48** Töfrahetjurnar
**18.00** Ofurhundurinn Krypto
**18.24** Ljóti andarunginn og ég
**18.46** Ævintýraferðin
**19.00** Lína Langsokkur

### GULLSTÖÐIN

**18.05** The Big Bang Theory
**18.30** Friends
**18.50** New Girl
**19.15** Modern Family
**19.40** Veggfóður
**20.20** Hið blómlega bú – hátíð í bæ
**18.05** The Big Bang Theory
**18.30** Friends
**18.50** New Girl
**19.15** Modern Family
**19.40** Veggfóður
**20.20** Hið blómlega bú – hátíð í bæ
**20.45** Dallas
**21.30** Klovn
**22.00** Nikita
**22.45** Chuck
**23.30** Cold Case
**00.15** Veggfóður
**00.55** Hið blómlega bú – hátíð í bæ
**01.20** Dallas
**02.05** Klovn
**02.30** Nikita
**03.15** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

### BÍÓSTÖÐIN

**12.00** Algjör Sveppi og leitin að Villa Frábær íslensk gamanmynd fyrir alla fjölskylduna um Sveppa og ævintýralega leit hans að besta vini sínum. Þegar Villa er rænt af misindismönnum tekur Sveppi til sinna ráða og fer sjálfur að leita með aðstoð frá góðum vinum. Myndin er í leikstjórn Braga Þórs Hinrikssonar.
**13.20** The Armstrong Lie Áhrifamikil mynd sem tilnefnd var til Bafta-verðlaunanna árið 2014 um ris og fall bandaríska hjólreiðakappans Lance Armstrong.
**15.25** Butter
**17.00** Algjör Sveppi og leitin að Villa
**18.20** The Armstrong Lie
**20.25** Butter
**22.00** Closer Dramatísk verðlaunamynd með þeim Juliu Roberts, Jude Law, Clive Owen og Natalie Portman. Myndin segir sögu fjögurra einstaklinga sem flækt eru í vef framhjáhalds og lyga en ekkert þeirra virðist sjá leið út.
**23.50** Numbers Station
**01.20** The Grey Liam Neeson fer með aðalhlutverkið í þessarri spennumynd sem segir frá eftirlifendum flugslyss sem reyna að halda lífi í skógi þar sem úlfar feta í hvert fótspor þeirra.
**03.20** Closer

### RÚV

**16.35** Íslendingar
**17.35** Táknmálsfréttir
**17.45** KrakkaRÚV
**17.46** Jóladagatal KrakkaRÚV
**17.51** Hopp og hí Sessamí
**18.16** Millý spyr
**18.25** Tímaflakkið
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**20.15** Íþróttalífið
**20.45** Castle
**21.30** Ýmsar hliðar húðflúrs
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Flóttafólkið
**23.15** Brúin
**00.15** Kastljós
**00.50** Fréttir
**01.05** Dagskrárlok

### SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** Kitchen Nightmares
**09.50** Secret Street Crew
**10.40** Pepsi MAX tónlist
**13.25** Cheers
**13.50** Dr. Phil
**14.30** Younger
**14.55** Design Star
**15.45** Judging Amy
**16.25** Eureka
**17.05** Survivor
**17.50** Dr. Phi
**18.30** The Tonight Show
**19.10** The Late Late Show
**19.50** Black-ish
**20.15** Jane the Virgin
**21.00** Madam Secretary
**21.45** Wicked City
**22.30** The Tonight Show
**23.10** The Late Late Show
**23.50** Extant
**00.35** Code Black
**01.20** Madam Secretary
**02.05** Wicked City
**02.50** The Tonight Show
**03.30** The Late Late
**04.10** Pepsi MAX tónlist

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin



JÓLAGLAÐNINGURINN
Verð frá
kr. 89.990
16 litir
KitchenAid
FOR THE WAY IT´S MADE
Öllum KitchenAid Artisan hrærivélum fylgir
fimm stykkja bökunarsett að verðmæti
14.990 kr. ásamt matreiðslubók á íslensku.
KitchenAid
Segulknúinn blandari
Svunta fylgir!
• 2ja hestafla segulknúinn blandari
• Hraðar, 4 kerfi, púls, handvirkur
• 1,75 L kanna
VERÐ FRÁ 94.990*
FULLT VERÐ 104.990
* Sanseraðir litir 99.990
Hágæða blandari
• 0,9 hestafla blandari
• 4000-11500 sn. á mín.
• 1,5 L glerkanna + auka kanna
• 5 hraðar, púls, klakastilling
12 litir
KitchenAid
TILBOÐ 39.990
FULLT VERÐ 43.990
Saeco
Sjálfvirk kaffivél
• Sjálfvirk kaffivél
• Ketill úr ryðfríu stáli
• Kvörn úr keramík
• Panarello flóunarstútur
• Baunahólf: 300g
• Vatnstankur: 1,5 lítrar
• Korgskúffa: 10 bollar
• Þrýstingur: 15 bör
• Til heimilisnotkunar
• 1400 wött
TILBOÐ 79.990
FULLT VERÐ 99.990
KAUP AUKI
1kg af Kimbo baunum fylgir öllum SAECO kaffivélum til jóla
KIMBO
CERTIFIED BY CENTRO STUDI ASSAGGIATORI ITALIAN TASTERS
Mest seldu sjálfvirku kaffivélarnar á Íslandi um árabil!
KitchenAid
Rifjárn
Flott viðbót á eldhúsborðið
VERÐ 4.990
KitchenAid
• 240 w 2ja hraða saxari
• 830 ml plastskál
• Smelltur hnífur
VERÐ 14.990
KitchenAid
• 1,25 lítra hraðsuðuketill
• On/Off takki
• Losanleg sía
VERÐ 19.990
KitchenAid
• 2ja sneiða 1100w brauðrist
• Sjö hitastillingar
• Beyglustilling
VERÐ 24.990
KitchenAid
• Töfrasproti með 5 hröðum
• Stjörnuhnífur og S hnífur
• Þeytari og saxari og pískari
VERÐ 34.990
dyson
Hágæða handryksuga
Dyson V6
• Root Cyclone tækni
• 20 mín. á hleðslu
• Þráðlaus og pokalaus
• Drif á bursta
VERÐ 84.990
Aukahlutir á KitchenAid hrærivélina
KitchenAid
Sleikjuarmur
Frábær í baksturinn
VERÐ 5.990
KitchenAid
Slow Juicer safapressa
Hrærivélin breytist í safapressu
VERÐ 32.990
KitchenAid
Ísgerðarskál
Hrærivélin verður ísvél
VERÐ 19.990
KitchenAid
4,8 lítra hitaskál
Eldaðu með hrærivélinni
VERÐ 64.990
Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

# Hófst allt með draumi um Drekkingarhyl

Í dag gefur tónlistarmaðurinn Bubbi Morthens út plötuna 18 konur en um undirleik á plötunni sjá þær Margrét Arnardóttir, Ingibjörg Elsu Turchi, Brynhildur Oddsdóttir og Sólrún Mjöll Kjartansdóttir.

„Þetta byrjaði allt með draumi en áður en mig dreymdi þá var ég búinn að ganga með þetta í maganum í ævilangan tíma,“ segir tónlistarmaðurinn Bubbi Morthens þegar hann er spurður út í plötuna 18 konur sem kemur út í dag.

Á plötunni spila þær Margrét Arnardóttir, Ingibjörg Elsu Turchi, Brynhildur Oddsdóttir og Sólrún Mjöll Kjartansdóttir með tónlistarmanninum en hann hafði lengi langað til þess að gera plötu einungis með konum. „Ég fékk þessa hugmynd fyrst '82 eða eitthvað svoleiðis, þá fór ég að hugsa að það væri gaman að gera plötu bara með konum,“ segir Bubbi og bætir við að svo líði tíminn. Það voru ákveðnar draumfarir sem hrintu honum út í verkefnið en hann segir drauminn hafa verið sláandi skýran.

„Mig dreymdi að ég væri á Þingvöllum að veiða en ég var staddur á mjög skrýtnum stað. Ég var að veiða í Drekkingarhyl um hásumar að kvöldi til. Mér fannst þetta mjög skrýtið í draumnum, hvað ég væri eiginlega að gera þarna,“ segir Bubbi og heldur áfram: „Svo gerist það að þar sem ég er að kasta flugunni í hylinn þá byrjar hann að bólgna og upp koma pokar. Í pokunum eru andlit kvennanna sem hafði verið drekkt. Þetta var svo sláandi skýr draumur og ég sagði vinkonu minni frá þessu og hún sagði mér að þetta væri skýrt merki um að ég ætti að semja um konurnar sem var drekkt í Drekkingarhyl, það er upphafið að þessu verkefni.“

Í kjölfarið samdi Bubbi lagið 18 konur, sem ber sama heiti og platan sjálf en það er dregið af því að 18 konum var drekkt í Drekkingarhyl á Þingvöllum. Konum var þar drekkt fyrir skírlífisbrot og var síðustu konunni drekkt í hylnum árið 1749.

„Þegar ég er búin að semja þetta lag þá fer ég að hugsa að tími sé kominn til að gera plötu með bara kvenkyns undirleikurum og platan fjallar meira og minna um konur,“ segir hann og eftir að hafa haft samband við þær Brynhildi, Margréti, Ingibjörgu og Sólrúnu og spurt þær hvort þær vildu vinna með sér fór boltinn að rúlla og úr varð platan sem kemur út í dag og verður hægt að nálgast á vefnum Tonlist.is.

> ÉG HELD AÐ ÉG HAFI ALVEG ÞURFT AÐ SANNA MIG FYRIR ÞEIM EN EKKI ÖFUGT. MÉR FANNST SÚ TILFINNING GÓÐ OG EITTHVAÐ RÉTT VIÐ HANA.

Bubbi er ánægður með verkefnið og það ekki einungis vegna þess að honum þykir platan og efni hennar vel heppnað.

„Ég er líka rosalega glaður í hjarta mínu af því að dóttir mín, sem er sex ára, sá myndina af okkur og hún horfir á hana og kemur til mín og segir: Vá pabbi, þetta eru allt konur. Þá fékk ég líka þessa tilfinningu að þetta væri hvetjandi fyrir ungar stelpur. Að þetta væri einhvers konar fyrirmynd fyrir þær að sjá þetta.“

Hljómsveitin ber nafnið Spaðadrottningarnar og leggur hún land undir fót á komandi ári. „Við förum til Færeyja að spila á festivali eftir áramót. Nú er ég í tveimur hljómsveitum, Dimmu og Spaðadrottningunum. Ég gæti ekki verið hamingjusamari,“ segir Bubbi og skellir upp úr. „Mér finnst þetta pínulítið vera draumur sem er að rætast.“

Bubbi segir orkuna hafa verið bæði kraftmikla og jákvæða þegar platan var tekin upp og segir að sér finnist hann hafa þurft að sanna sig fyrir Spaðadrottningunum. „Ég held að ég hafi alveg þurft að sanna mig fyrir þeim en ekki öfugt. Mér fannst sú tilfinning góð og eitthvað rétt við hana,“ segir hann og heldur áfram: „Ég varð að sanna fyrir þeim að það sem við værum að gera væri rétt og þær þyrftu ekki að efast um mig.“ Hann leggur einnig áherslu á að Spaðadrottningarnar standi fyrst og fremst sem frábærir hljóðfæraleikarar og þess vegna hafi hann valið þær til verksins. „Þetta eru frábærir hljóðfæraleikarar og þær standa sem slíkar. Ég hefði aldrei gert þessa plötu nema vera með alveg frábæra hljóðfæraleikara, það er algjörlega á hreinu.“ **gydaloa @frettabladid.is**

## DRAUMURINN VATT UPP Á SIG

„Ég var eiginlega bara fengin til að leika í einu lagi til að byrja með. Svo gekk þetta svo ótrúlega vel og passaði svo vel við efnið að það var bætt við nýju og nýju lagi og á endanum var ég að spila í öllum lögunum og komin í bandið. Þetta vatt bara svona upp á sig,“ segir harmonikkuleikarinn Margrét glöð í bragði.

Hún segir upptökurnar hafa gengið stórvel og ber Bubba vel söguna. „Það var svo ótrúlega gott að vinna með honum. Hann er náttúrulega búinn að vera að þessu svo lengi og búinn að vinna með alls konar fólki og fattar að hver og einn kemur með eitthvað í verkefnið.“

Platan var tekin upp á átta dögum og er Margrét stolt af því að hafa tekið þátt í verkefninu en hún hefur lengi fylgst með Bubba. „Tónlistin hans er búin að fylgja mér frá því ég var lítil. Þetta var alveg smá draumur, ég hefði alveg verið himinlifandi ef þetta hefði bara verið eitt lag, þetta var eitthvað svona sem mann hafði alltaf langað að prófa. Draumurinn bara sprengdi alveg utan af sér,“ segir hún og hlær.



**Sólrún, Brynhildur, Bubbi, Margrét og Ingibjörg leika saman á plötunni 18 konur.**
MYND/SPESSI

ÞAÐ LÍÐUR AÐ JÓLUM
ROYAL CORINNA
Þægileg millistíf dýna með fimm-svæðaskiptu poka-gorma kerfi og góðann mjúkan topp ásamt hörðum PU-leðurklæddum botni á stál löppum
Stærð: 90x200cm Verð: 83.709 kr.- Tilboð: 66.967 kr.
Stærð: 120x200cm Verð: 98.036 kr. Tilboð: 78.429 kr.
Stærð: 153x200cm Verð: 124.620 kr. Tilboð: 99.696 kr.

ARGH!!! 241115
rekkjan HEILSURÚM

# Kunnugleg sveitasælusál

**Júníus Meyvant**
**EP**
**Record Records**
★★★☆☆




Það er eitthvað kunnuglegt við Júníus Meyvant, Eyjapeyja á þrítugsaldri sem hefur fengið talsverða spilun á ljósvakamiðlum á undanförnu ári. Það er að þakka frambærilegum slagara, „Color Decay“, sem hefur yljað Íslendingum um hjartarætur síðan kuldasumarið mikla 2014.

Tónlist Júníusar myndi vafalaust teljast til svokallaðrar „freak-folk,“ tónlistarstefnu sem má segja að sameini sálar-, þjóðlaga-og sveitatónlist í hippagallanum með dassi af töfrum í formi fagra strengja-og blásturshljóðfæraútsetninga. Stefnan, sem ruddi sér til rúms í Bandaríkjunum á 7. áratug síðustu aldar en var líklega fullkomnuð í byrjun þess áttunda í Stóra-Bretlandi, hefur sprungið út með miklum hvelli á síðasta áratug. Í fyrstu læddist hún hægt með sveitum eins og Grizzly Bear eða Fleet Foxes en nú virðist ómögulegt að fara í svo mikið sem Bónus eða sjá stiklu úr væntanlegri kvikmynd án þess að undir hljómi tónlist úr þessum ranni. Það er líklega það sem er svo kunnuglegt.

Á þessu ári kom út stuttskífan EP (fyndið) sem inniheldur fjögur lög en þar á meðal er áðurnefndur slagari. Platan hefst á laginu „Hailslide“, sem er í sálarlegri kantinum. Strengjaútsetningin í laginu er alveg á Curtis Mayfield-leveli og lúðrarnir negla algerlega „stækkun“ lagsins í virkilega hlýrri og skemmtilegri melódíu. Langbesta lagið af þeim fjórum. „Color Decay“ fylgir í kjölfarið en vinsældir þess eru auðskildar. Fínar raddanir, strengir rúmlega í lagi og meira að segja sing-along kafli. Síðari lögin tvö, „Gold Laces“ og „Signals“, eru í rólegri kantinum, vel unnin en blæbrigðaminni en upphafsmellirnir tveir.

EP er, eins og áður segir, stuttskífa og því erfitt að dæma hana sem einhvers konar „listræna heild,“ en það verður líklega þróunin með flesta popptónlist héðan í frá. Í öllu falli er hér á ferðinni efnilegur tónlistarmaður. Júníus er ekki að finna upp hjólið enda engin þörf á því. Miðað við þessa byrjun hefur hann fundið fjölina sína, sem hann má gjarnan halda áfram að hefla og slípa til. **Björn Teitsson**

**NIÐURSTAÐA:** Grípandi lög. Þægileg áhlustunar og laus við alla stæla. Virkilega frambærileg byrjun hjá efnilegum tónlistarmanni.


-13 kr.
í heila viku
VELDU ÞÉR
LYKILVIKU
Á AÐVENTUNNI Á ÓB.IS
olís
ÓB
PIPAR\TBWA • SÍA • 155603
GLÆSILEGIR VINNINGAR
Allt að 250.000 kr. eldsneytisinneign.
Nánar á ob.is
SKRÁNING Á OB.IS
Ef þú átt ekki ÓB-lykil geturðu sótt um
hann á ob.is eða á næstu Olís-stöð
ÓB OG OLÍS
Gildir fyrir lykil- og korthafa
ÓB og Olís
ÓB




RAYMOND WEIL söluaðilar

**REYKJAVÍK**

**Gilbert úrsmiður** | Laugavegi 62 | s: 551 4100
**GÞ - skartgripir & úr** | Bankastræti 12 | s: 551 4007
**Leonard** | Kringlunni | s: 588 7230
**Meba** | Kringlunni | s: 553 1199
**Meba - Rhodium** | Smáralind | s: 555 7711

**HAFNARFJÖRÐUR**

**Úr & Gull Firði-Miðbæ** | Hafnarfjarðar | s: 565 4666

**KEFLAVÍK**

**Georg V. Hannah, úrsmiður** Hafnargötu 49 | s: 421 5757

**AKUREYRI**

**Halldór Ólafsson** | úrsmiður Glerártorgi | s: 462 2509



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is







Þau Gauti og Ingunn eiga línudansinn sameiginlegan, það er, meðan hún dansar eftir kúnstarinnar reglum þá stígur Gauti hann í daglegu lífi og eftir eigin höfði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Línudansdrottningin hans Emmsjé Gauta

„Svona lætur áttatíu og fjögurra ára kerlingin," segir **Ingunn Hlín Björgvinsdóttir** sem dansar í myndbandi lagsins Ómar Ragnarsson sem **Emmsjé Gauti** sendi nýverið frá sér og hefur slegið þar í gegn.

Maður lætur hafa sig út í allt mögulegt, og þetta ætlar að gera heilmikla lukku," segir Ingunn Hlín Björgvinsdóttir, dansstjarna sem slegið hefur rækilega í gegn í nýjasta myndbandi Emmsjé Gauta, sem ber nafnið Ómar Ragnarsson. „En þetta var nú bara allt í lagi, þeir hringdu og ég gerði þetta," útskýrir hún.

Dansar Ingunn línudans af miklum móð í myndbandinu en viðurkennir þó fúslega að hafa ekki haft hugmynd um hvernig hún hafi ætlað að dansa í téðu myndbandi. „Ég dansaði bara það sem mér datt í hug, heyrði taktinn og þá kom þetta allt saman til mín," útskýrir Ingunn og bætir glottandi við: „Þetta fer allt eftir músíkinni, maður dansar nú alveg hraðar en þetta."

Ingunn er svo sem enginn aukvisi þegar kemur að því að sýna dans í myndböndum. „Ég hef nú dansað með Geirmundi Valtýssyni í sjónvarpinu einu sinni, nema þá vorum við reyndar fjórar. Svo hef ég dansað með Helga Björns líka."

**ÉG DANSAÐI BARA ÞAÐ SEM MÉR DATT Í HUG, HEYRÐI TAKTINN OG ÞÁ KOM ÞETTA ALLT SAMAN TIL MÍN.**

Sjálf hefur Ingunn ekki verið mikið í að dansa við rapptónlist,og sagðist ekkert hafa þekkt þennan Emmsjé Gauta þegar verkefnið datt inn á borð til hennar. „Ég þekki hann ekki nokkurn skapaðan hlut. Þeir hringdu á stöðvarnar og var bara endalaust bent á mig," útskýrir Ingunn og bætir við: „Svona lætur áttatíu og fjögurra ára kerlingin," og hlær eins og hún eigi lífið að leysa.

Ingunn hefur dansað síðan hún var ung, og fór mikinn í samkvæmisdönsum. „Ég dansaði alltaf við bróður minn, en svo hætti hann. Þá fór ég beint á línuna, þar þarf engan herra," segir hún, alsæl með sitt sport en hún hefur dansað línudans í um tuttugu ár núna, og kennir hann að auki. Eins og það sé ekki nóg segir Ingunn frá því að dansinn umlyki hana úr öllum áttum, en á dögunum hafi sjö ára barnabarn hennar orðið Íslandsmeistari í gömlu dönsunum og árið 2003 hafi dóttir hennar orðið heimsmeistari í samkvæmisdönsum, svo sennilega sé þetta allt saman í blóðinu.

Aðspurð um hvort hún ætli sér að hasla sér frekari völl innan rappsenunnar svara okkar kona því til að hún viti ekkert um það, en það megi vissulega skoða allt. **gudrun@frettabladid.is**

## Kláraði þetta á fjörutíu mínútum

„Ingunn er svona undrakona, þetta tók okkur í mesta lagi fjörutíu mínútur, eða tvö rennsli, sem er frekar óvenjulegt," segir Gauti Þeyr, eða Emmsjé Gauti. „Hugmyndin er komin frá Frey Árnasyni og mér leist auðvitað vel á þetta bara."

Gauti er að vonum himinlifandi með myndbandið, sem sker sig sannarlega úr dobíu rappmyndbanda, þar sem býsna sjaldgæft er að konum á níræðisaldri sé gert hátt undir höfði, en á aðeins tveimur sólarhringum hlaut myndbandið tólf þúsund spilanir.

„Ég væri helst til í að fá hana bara með mér að túra," svarar Gauti þegar hann er inntur eftir því hvort hann ætli sér að fá Ingunni í fleiri verkefni, en augljós tenging er á milli línudansins og rappsins fyrir þá sem nú þegar hafa ekki komið auga á hana. „Ég hef alltaf dansað mikið á línunni, svo ég tengi þannig mikið við línudansinn," útskýrir hann að lokum og skellir upp úr.



**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Jónatan Atli Sveinsson *jonatan@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# STALDRAÐU VIÐ
## SKAPAÐU ÞÍNA EIGIN FRAMTÍÐ



# Stök námskeið á meistarastigi
## við deildir Háskóla Íslands

Framboð Endurmenntunar á meistaranámskeiðum í samstarfi við deildir Háskóla Íslands hefur fallið í góðan jarðveg og höfðar sterkt til þeirra sem vilja safna einingum í meistaragráðu.

**Umsóknarfrestur er til 11. desember næstkomandi**

### GUÐFRÆÐI- OG TRÚARBRAGÐAFRÆÐIDEILD

- Grunnnámskeið í verklegri sálgæslu
- Sálgæsla barna og unglinga
- Siðfræðileg álitamál og sálgæsla við lífslok

### FÉLAGS- OG MANNVÍSINDADEILD

- Sakfræði og löggæslukerfið

### UPPELDIS- OG MENNTUNARFRÆÐIDEILD

- Skipulagning og framkvæmd fræðslu með fullorðnum

### UMHVERFIS- OG BYGGINGAVERKFRÆÐIDEILD

- Þróun hugmynda um skipulag og hönnun

### HJÚKRUNARFRÆÐIDEILD

- Forysta í hjúkrun
- Forysta, kennsla og fræðsla
- Geðheilbrigði I, greining, meðferð og úrræði
- Hjúkrun bráðveikra I
- Hjúkrun sjúklinga með bráð og alvarleg veikindi I
- Leiðsögn og kennsla á vettvangi
- Leadership in nursing – a global approach
- Líknarmeðferð

### LÆKNADEILD

- General research methods, course for M.Sc. and Ph.D. students

### VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

- Alþjóðamarkaðssetning
- Breytingastjórnun
- Endurskoðun II-hluti
- Endurskoðun IV-hluti
- Fjárfestingar fyrirtækja
- Fyrirtækjaskattaréttur
- Mat á árangri og framkvæmd stefnu
- Rannsóknir í markaðsfræði
- Rannsóknir og tölfræði
- Reikningsskilakenningar
- Samhæfð markaðssamskipti
- Samningagerð
- Samstæðureikningsskil
- Stefnumiðuð markaðsfærsla
- Stefnumiðuð stjórnun
- Stjórnsýsluendurskoðun
- Stjórnun og stefnumótun vaxtarfyrirtækja
- Stjórnun nýsköpunar
- Tölvutækni í fjármálum
- Verkefnastjórnun og ráðgjöf
- Vinnuréttur
- Vinnusálfræði
- Virðisgreining fyrirtækja og hlutabréfa
- Þróun mannauðs

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444
endurmenntun.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**


Erlu Bjargar Gunnarsdóttur




## Að ala upp klámkynslóð

Eftir umræðuna um mikilvægi þess að fá já í kynlífi hef ég hugsað mikið til unglinganna okkar og klámvæðingarinnar sem tröllríður hinum sítengdu snjallsímum. Ég áttaði mig á því að þetta er hin stóra áskorun foreldra.

Þegar ég var unglingur var alltaf verið að tala um unglingadrykkju. Miðbæjarhangs, slagsmál og áfengisdauði í kuldanum voru unglingavandamál. Foreldrar fengu senda bæklinga, fóru á foreldrarölt og höfðu samráð um strangan útivistartíma. Sumir voru alltaf á vaktinni og þefuðu sífellt af börnunum. Einhverjir fóru þá leið að leiðbeina í stað þess að banna. Keyptu bjór svo unglingurinn drykki ekki landa – og yrði blindur. Flestir foreldrar voru með einhverja stefnu. Kerfi eða taktík. Það var umræða og meðvitund.

Samkvæmt rannsóknum er unglingadrykkja á undanhaldi og nú horfast foreldrar í augu við hið hyldjúpa internet í stað Gold Coast og landa. En að berjast við klám á netinu er eins og að berjast við kokteilbarþjón sem gefur smakk á skólalóðinni. Hvað gerir maður? Skilvirkt eftirlit er valkostur fyrir þá sem ætla að hætta í vinnunni og horfa yfir öxl unglingsins allar stundir. Netsíur og stillingar duga skammt. Þeir sem eru æðislega líbó gætu beint unglingnum í mýkra efni í stað þess að banna. Horft með og útskýrt. Hér skapast þó hætta á að unglingurinn verði fyrir ævilöngum skaða.

Það sem mér finnst mikilvægast er að foreldrar taki afstöðu. Setji mörk og fræði. Klám er bannað börnum, alveg eins og áfengi. Og það má banna það. Og það má tala umbúðalaust um mun-inn á kynlífi og klámi – þau lifa það af. Það er ekki þar með sagt að unglingar hætti að horfa á klám. En við sendum að minnsta kosti skýr skilaboð.

Ég hef heyrt því fleygt fram að drengirnir fimm sem ákærðir voru fyrir hópnauðgun hefðu átt að vera dæmdir til samskipta. Að mínu mati þarf líka að dæma foreldra til uppeldis.








